

Háskólinn á Akureyri  
Hug- og félagsvísindasvið  
Félagsvísindadeild  
Nútímafræði  
2011



## **Fjölskyldur á flóttu**

Áhrif eldgossins á Heimaey 1973 á íbúa hennar

Guðbjörg Helgadóttir  
Lokaverkefni við Hug- og félagsvísindasvið

Háskólinn á Akureyri  
Hug- og félagsvísindasvið  
Félagsvísindadeild  
Nútímafræði  
2011



## **Fjölskyldur á flóttu**

Áhrif eldgossins á Heimaey 1973 á íbúa hennar

Guðbjörg Helgadóttir

Lokaverkefni til 180 eininga B.A.-prófs við Hug- og félagsvísindadeild

Leiðbeinandi: Páll Björnsson

## **Yfirlýsing**

Ég lýsi því hér með yfir að ég ein er höfundur þessa verkefnis og að það er ágóði eigin rannsókna.

---

Guðbjörg Helgadóttir

Það staðfestist hér með að lokaverkefni þetta fullnægir að mínum dómi kröfum til B.A.-prófs við Hug- og félagsvísindasvið.

---

Páll Björnsson

## Útdráttur

Vestmannaeyingar þurftu fyrirvaralaust að flýja heimabyggð sína þann 23. janúar 1973 þegar eldgos hófst á Heimaey. Markmið ritgerðarinnar er að fá heildstæða mynd af því starfi sem innt var af hendi þá mánuði sem gosið stóð, þeirri uppbyggingu sem fylgdi í kjölfarið, kanna aðstæður Eyjafólksins á gostímanum, auk ástæðna þess að fólk flutti til baka. Aðaláherslan er lögð á félagslega hlið eldsumbrotanna, til að mynda hina umfangsmiklu fólksflutninga á ríflega 5000 Vestmannaeyingum til meginlandsins, móttöku og skráningu er þangað kom, húsnæðis- atvinnu- og skólamál, félagsleg vandamál og eins hvernig Eyjabúum gekk að aðlagast á nýjum dvalarstöðum sínum. Einnig er fjallað um þann samhug og þá styrki sem Vestmannaeyingar urðu aðnjótandi víða að úr heiminum og rætt um íbúaþróun Vestmannaeyjakaupstaðar og þá uppbyggingu sem þar fór fram og endurreisn samfélagsins í kjölfar gossins. Tekin voru sex viðtöl við ellefu einstaklinga sem sögðu frá reynslu sinni og upplifun á gostímanum ásamt ástæðum þess að þeir ákváðu að flytja til baka að gosi loknu eða vera um kyrrt á fastalandinu. Greiningin leiðir í ljós að vandamál Vestmannaeyinga, þá 162 daga sem gosið stóð, voru margvísleg og víða var pottur brotinn. Mest bar á húsnæðisvanda þeirra og vóg sá þáttur greinilega þungt í ákvörðun fólks um að flytja aftur til Eyja að gosi loknu, en einnig komu atvinnumál við sögu er ákvörðun var tekin. Mikið var gert til að aðstoða Vestmannaeyinga, allt frá hinu mikla hreinsunarstarfi til almennrar endurreisnar samfélagsins, en óvíst er hvernig farið hefði fyrir þeim og samfélaginu á Heimaey ef ekki hefði komið til óeigingjarnt starf sjálfboðaliða víðs vegar um heiminn.

## Abstract

The inhabitants of Westman Islands were forced to evacuate the island Heimaey without notice on the 23rd of January in 1973 due to a volcanic eruption. The purpose of this thesis is to get a comprehensive picture of the measures taken in the months of the eruption and the following reconstruction, explore the situation of the inhabitants during the eruption and reasons for moving back to the island afterwards or not. The main focus is on the social issues regarding the eruption, for example the relocation of over 5000 people to the mainland of Iceland, reception and registration upon arriving, housing, employment and school issues, social problems and the adaption in new locations. This thesis also focuses on the solidarity and financial help the people of Westman Islands received from all over the world, the development in number of inhabitants of the town of Westman Islands and the reconstruction and development of the community in the following years. Six interviews were taken with eleven individuals about their experience during the eruption, along with the reasons for their choice of either moving back or staying on the mainland. The analysis shows that the inhabitants of Westman Islands had to deal with a number of problems during the 162 days of the eruption and that in many ways things could have been done differently. The largest problem, related to housing, ultimately played a major role towards the decision of moving back after the eruption along with employment possibilities. Great measures were taken to assist the inhabitants, from cleaning up the ash to support of the community in general, and one will never know to what extent the impact it would have had if not for unselfish volunteers from all over the world.

## **Þakkarorð**

Ég vil þakka öllum þeim sem studdu mig við gerð þessa verkefnis, Páli Björnssyni fyrir góða leiðsögn, Kristínu Sigurðardóttur fyrir yfirlestur, starfsfólki Bókasafns Vestmannaeyja og Héraðsskjalasafns Vestmannaeyja fyrir aðstoð við heimildaöflun og síðast en ekki síst viðmælendum mínum fyrir góðar móttökur og jákvæðni. En allra mest vil ég þó þakka foreldrum mínum, Helga Hjálmarssyni og Sesselju Pálsdóttur, fjölskyldu og vinum fyrir þann stuðning og þolinmæði sem þau hafa sýnt mér síðastliðin þrjú ár. Sérstakar þakkir fá mamma, pabbi og mágkona mín, Berglind Ósk Ragnarsdóttir, fyrir endalausan yfirlestur og aðstoð í náminu og bróðir minn, Hjálmar Helgason, fyrir að vera ótrúlega frábær og gæjalegur.

**Efnisyfirlit**

1.	Inngangur.....	3
2.	Eldgos á Heimaey 23. janúar 1973.....	5
3.	Fólksflutningar um gosnóttina.....	11
3.1	Sjóleiðin .....	11
3.2	Flugleiðin .....	13
3.3	Skipulag er komið var á meginlandið.....	15
3.4	Fyrstu verkefni Rauða kross Íslands og Almannavarnaráðs .....	17
3.5	Skráningar .....	18
4.	Hvað svo? .....	21
4.1	Fyrstu dagarnir .....	21
4.2	Hafnarbúðir .....	22
4.3	Mötuneytið í Hafnarbúðum.....	23
4.4	Húsnæðismál Vestmannaeyinga á meginlandinu.....	24
4.5	Viðlagasjóðshúsin .....	26
4.6	Flutningur búslóða og annarra verðmæta.....	28
4.7	Atvinnumál.....	32
4.8	Skólamál.....	33
4.9	Noregsferðin.....	34
4.10	Elliheimili og sjúkrahús .....	35
4.11	Hvernig gekk að aðlagast.....	35
4.12	Eyjapistill .....	36
5.	Viðlagasjóður, safnanir og styrkir .....	38
5.1	Lög um neyðarráðstafanir vegna jarðeldanna í Vestmannaeyjum .....	38
5.2	Viðlagasjóður .....	39
5.3	Safnanir og styrkir.....	41
5.4	Rauði kross Íslands.....	42
6.	Uppbygging Heimaeyjar .....	44
6.1	Hreinsunarstarf og uppgræðsla.....	44
6.2	Hvenær fór fólk að flytjast aftur til Vestmannaeyja? .....	46
6.3	Bæjarfélagið færir í eðlilegt horf og hjól atvinnulífsins fara að snúast.....	47
6.4	Íbúaþróun Vestmannaeyja fyrir og eftir gos.....	48
7.	Framkvæmd viðtalsrannsóknar .....	50
7.1	Framkvæmd rannsóknar og bakgrunnur viðmælenda .....	50

7.2	Aðferð .....	50
7.3	Gagnaöflun.....	51
8.	Niðurstöður viðtalsrannsóknar .....	52
8.1	Flóttinn gosnóttina.....	52
8.2	Húsnæðismál á meginlandinu .....	52
8.3	Búslóðir .....	54
8.4	Atvinna og skóli .....	55
8.5	Móttökur, viðmót og aðlögun.....	55
8.6	Goslok og tjón .....	57
8.7	Ákvörðun að gosi loknu .....	58
8.8	Vestmannaeyjar fyrir og eftir gos — helstu breytingar.....	59
9.	Samantekt og umræður.....	61
10.	Heimildaskrá .....	64
	Viðauki I.....	68
	Viðauki II .....	71
	Viðauki III.....	73
	Viðauki IV.....	75

## 1. Inngangur

Ísland er staðsett á Atlantshafshryggnum og hafa eldsumbrot því ávallt verið hluti af sögu landsins. Óviða í heiminum eru eldgos tíðari en á Íslandi og verður að jafnaði eldgos hérlendis á um fimm ára fresti en fram til ársins 1973 höfðu eldgos á Íslandi þó ávallt átt upptök sín í strjálbýlum sveitum landsins og á hálendinu (Þorleifur Einarsson, 1974, bls. 7). Árið 1963 hófst til dæmis neðansjávareldgos um 20 kílómetrum suðvestan Heimaeyjar, sem er eina byggða eyjan í Vestmannaeyjaklasanum, en þá hafði ekki gosið í Vestmannaeyjum í 5000 ár (Þorleifur Einarsson, 1974, bls. 9-11). Enginn gat þó séð fyrir þá atburði er hófst í janúar tíu árum síðar þegar eldgos hófst um miðja nótt á Heimaey, skammt frá íbúabyggð, og flytja þurfti í skyndi um 5300 manna samfélag upp á meginlandið. Fólksflutningarnir gengu giftusamlega og aðeins örfáum klukkustundum eftir að eldsumbrotanna varð vart höfðu um 4000 manns verið fluttir af Heimaey. Ástæður þess hversu vel flutningarnir gengu voru að allar aðstæður voru eins hagstæðar og hugsast getur á þessum árstíma. Annars vegar hafði viðrað illa daginn áður og því höfðu bátar leitað vars í landi og allur bátafloki Eyjamanna og meira til var því til staðar í Vestmannaeyjahöfn er gosið hófst. Hins vegar hafði óveðrinu slotað um kvöldið og nánast komið logn auk þess sem vindátt var hagstæð er eldgosíð hófst, var því hægt að rýma eyjuna án þess að verða fyrir teljanlegri truflun frá eldstöðvunum (Árni Gunnarsson, 1973, bls. 92).

Engin fordæmi voru fyrir jafn umfangsmiklum fólksflutningum hérlendis og því má telja það kraftaverki líkast að allir hafi bjargast þessa orlagaríku nótt. En hvernig fór svo fyrir þessum fjölda fólks er komið var á meginlandið? Vestmannaeyingar voru á þessum tíma um 2,5% þjóðarinnar sem fyrirvaralaust þurfti að útvega húsnæði, atvinnu og fleira. Ótrúlegur samhugur vaknaði og var stuðningur almennings, fyrirtækja og stofnana mikill, bæði innanlands og utan. Um sögulegan atburð er að ræða þegar bláókunnugt fólk tók Vestmannaeyinga inn á heimili sín til dvalar í lengri eða skemmri tíma. Líkt og haft er eftir þáverandi formanni Rauða kross Íslands, Birni Tryggvasyni: „*Menn geta verið hreyknir af að búa í samfélagi, þar sem sam hjálpa er svo mikil, að hægt er að hýsa rúmlega 2,5% þjóðar fyrirvaralaust á einkaheimilum* (skáletrun hans)“ (Guðjón Ármann Eyjólfsson, 1973, bls. 334).

Goslok voru formlega tilkynnt 3. júlí 1973 en þá voru 162 dagar liðnir frá því að eldgosíð hófst. Fljótlega fóru Vestmannaeyingar að flytjast aftur heim og var unnið af fullum krafti að uppbyggingu Heimaeyjar. Tilgangur þessa verkefnis er að reyna að kanna betur hina samfélagslegu þætti eldgossins, aðstæður Vestmannaeyinga á meginlandinu,



hjálpstarfsemi og fleira. Rannsóknarspurningarnar eru tvær. Hvernig gekk að útvega Vestmannaeyingum húsnæði, atvinnu og þess háttar eftir fyrirvaralausan flutning þeirra upp á meginlandið? Og hvað fékk þá til að snúa aftur eftir að hafa sumir hverjir misst heimili sín, jafnvel komnir með nýtt húsnæði og góða atvinnu á nýjum stað?

Í næsta kafla er rætt stuttlega um jarðfræðilega hlið eldgossins. Þriðji kafli segir frá fólksflutningum gosnóttina og hvernig móttökurnar voru er komið var á meginlandið. Í fjórða kafla er fjallað um næstu vikur og mánuði hjá Vestmannaeyingunum á meginlandinu, starfsemi Hafnarbúða, húsnæðis-, atvinnu- og skólamál, sjúka og aldraða og að lokum hvernig fólkinu gekk að aðlagast. Fimmti kafli er um viðbrögð stjórnvalda við eldgosinu, setningu laga um neyðarráðstafanir, stofnun Viðlagasjóðs, þann mikla fjárhagslega stuðning sem Vestmannaeyingar fengu og ráðstöfun gjafafjárins. Í sjötta kafla er farið yfir þá uppbyggingu sem hófst strax í Vestmannaeyjum og sagt frá því er samfélagið á Heimaey fór að taka á sig eðlilega mynd á ný og einstaklingar, fyrirtæki og stofnanir fluttu til baka auk þess sem fjallað er stuttlega um íbúapróun Vestmannaeyjakaupstaðar gegnum árin. Kaflar sjö og átta lýsa eiginlegri rannsókn sem höfundur framkvæmdi, það er sex viðtölum við ellefu Vestmannaeyinga sem ýmist fluttu aftur til Vestmannaeyja eftir gos eða ekki og niðurstöður hennar. Að lokum eru samantekt og umræður.

## 2. Eldgos á Heimaey 23. janúar 1973

Vestmannaeyjar samanstanda af 15 eyjum og yfir 30 skerjum og dröngum sem liggja frá suðvestri til norðausturs á svæði sem er um það bil 38 kílómetra langt og 29 kílómetra breitt, en Eyjarnar mynduðust allar við eldsumbrot. Vestmannaeyjar eru taldar fremur ungar jarðfræðilega séð og eru elstu jarðmyndanirnar frá því fyrir rúmum 10.000 árum en þær yngstu, fyrir utan eldsumbrotin 1963 og 1973, rúmlega 5000 ára gamlar (Guðjón Ármann Eyjólfsson, 1984, bls. 60-62).

Vestmannaeyjar eru einn elsti þéttbýlisstaður landsins og fullvíst er talið að þær hafi byggst á síðari hluta landnámsaldar. Skilyrði til þéttbýlismyndunar á Heimaey hafa ætíð verið góð og frá upphafi byggðar hafa Vestmannaeyjar verið ein helsta verstöð landsins auk þess sem þar var stunduð verslun og landbúnaður. Vestmannaeyjar hlutu kaupstaðarréttindi árið 1786 sem voru þó felld úr gildi með konungsákvörðun árið 1807. Málið var loks endurskoðað í upphafi 20. aldar og hlutu Vestmannaeyjar á ný kaupstaðarréttindi árið 1918 (Páll Línal, 1982, bls. 278-280).

Vestmannaeyingar hafa verið þekktir fyrir þá löngun að vera óháðir öðrum og hafa þeir lagt mjög mikið til þjóðarbúsins. Velmegun í Vestmannaeyjum hafði á 7. áratug og í byrjun þess 8. á síðustu öld verið meiri en almennt gerðist á Íslandi. „Því báru vitni yfir tólf hundruð hús, innbú, sem fáir á Íslandi gátu státað af, og öll þau þægindi, sem nútímamaðurinn sækist eftir. Bataflotinn ... glæsilegur, fiskvinnslustöðvarnar voru með þeim fullkomnustu á Íslandi og á þessari litlu eyju voru yfir átta hundruð bílar“ (Árni Gunnarsson, 1973, bls. 22). Vestmannaeyingar höfðu að meðaltali árin 1971–1972 framleitt um 11% af útflutningsverðmætum þjóðarbúsins en þeir voru í byrjun 8. áratugar síðustu aldar þó aðeins um 2,5% íslensku þjóðarinnar. Sé tekið meðaltal annarra landshluta var útflutningsverðmæti á hvern íbúa fimm sinnum meira í Vestmannaeyjum en annars staðar (Árni Gunnarsson, 1973, bls. 22).

Aðfaranótt þriðjudagsins 23. janúar árið 1973 urðu atburðir sem áttu eftir að breyta lífi íbúanna, þegar eldsprunga opnaðist á austurhluta eyjunnar. Eldsumbrotin komu mjög á óvart enda hafði ekki gosið á Heimaey í um 5000 ár. Náttúran hafði að vísu minnt Vestmannaeyinga á sig tíu árum áður í Surtseyjargosinu, sem stóð yfir í tæp fjögur ár, þegar ný eyja myndaðist á 130 metra dýpi um 20 kílómetrum suðvestur af Heimaey (Þorleifur Einarsson, 1965, bls. 12). En þessa orlagaríku nótt árið 1973 hafði einungis orðið vart við örfáa mjög væga jarðskjálfta á Heimaey fyrr um kvöldið, en þó er talið óvíst að nokkur jarðskjálfta- eða eldfjallafræðingur hefði getað séð að um fyrirboða eldgoss væri

að ræða, þar sem svipaðar jarðhræringar eru mjög algengar á Íslandi. Snarpasti skjálftinn, þrjú stig á Richterskvarða, mældist klukkan 01.40 en að öðru leyti opnaðist gossprungan algjörlega fyrirvaralaust rétt fyrir klukkan tvö eftir miðnætti (Þorleifur Einarsson, 1974, bls. 16-17).

Gossprungan var um 1600 metra löng með röð hraungíga sem líklegast voru um 40–50 talsins; gígarnir voru þó sífellt breytilegir og því væntanlega fleiri en tókst að telja. Sprungan teygði sig frá norðri til suðurs og var einungis um 400 metrum frá heimilum íbúanna á Kirkjubæjum sem voru austustu íbúðarhúsin á Heimaey. Upp úr sprungunni geystust glóandi kvikustrókar allt að 150 metra í loft upp á fyrstu klukkustundum gossins. Að kvöldi fyrsta gosdags höfðu kvikustrókarirnir tekið að strjálást og mynda aðgreind gosop, gossprungan styttist við það um helming og eftir sólarhrings virkni gaus aðeins úr 600–700 metrum af þeirri 1600 metra sprungu sem opnast hafði. En jafnframt því sem sprungan styttist jókst kraftur gossins í þeim hluta hennar sem var enn virkur. Eldvirknin breyttist enn á öðrum degi gossins er einungis tvö gosop voru langöflugust, átti annað þeirra eftir að vera aðalopið þar til gosinu lauk og þeyttust allt að 200 metra háir kvikustrókar úr því auk þess sem gosmökkurinn náði allt að níu kílómetra hæð. En mikið dró úr hinu opinu, svokölluðum Kirkjubæjargíg, í lok janúar og þann 6. febrúar 1973 hætti að gjósa úr því (Þorleifur Einarsson, 1974, bls. 17-20; 25).

Veðurfar fyrstu mánuðina sem gosið stóð þykir hafa verið mjög hagstætt fyrir byggð á Heimaey. Markús Á. Einarsson veðurfræðingur bar saman tíðni vindátta á Stórhöfða frá upphafi gossins til aprílloka við meðaltöl frá árunum 1965–1971. Helstu niðurstöður hans voru þær að hrein austanátt, sem hefði feykt öllu gosefni beint yfir bæinn, hafi verið mjög fátíð aðal gosmánuðina 1973 og hinar vestlægu áttir sem báru gosefnið í átt að sjó höfðu verið óvenju tíðar (Guðjón Ármann Eyjólfsson, 1973, bls. 239).

### Tíðni vindátta (%)

#### *Stórhöfði í Vestmannaeyjum*

Vindáttir	1973				Vindáttir	Meðaltal 1965–1971			
	28.-31. jan.	febr.	marz	apríl		jan.	febr.	marz	apríl
N-ANA	14	18	8	17	N-ANA	22	19	20	12
A	6	5	2	3	A	29	20	14	17
ASA-SSA	31	23	21	9	ASA-SSA	18	20	19	26
S-VSV	20	28	47	25	S-VSV	12	24	22	22
V-NNV	28	25	22	44	V-NNV	16	16	24	22
Logn	1	1	0	2	Logn	3	1	1	1
Heild	100%	100%	100%	100%	Heild	100%	100%	100%	100%

Tíðni vindátta á Stórhöfða í Vestmannaeyjum (Guðjón Ármann Eyjólfsson, 1973, bls. 239).

Þó voru nokkrar slæmar hrinur þar sem gjall og aska féll yfir bæinn. Eyðilegging fyrstu slæmu hrinunnar varð sýnileg að morgni föstudagsins 26. janúar, á fjórða degi eldgossins, eftir mikið þeytigos í Kirkjubæjargígnum. Þá um nóttina brunnu að minnsta kosti 14 hús vegna glóandi hraunkúlna sem þeyttust úr gígnum og flugu inn um glugga húsanna. Þar að auki var bærinn orðinn kolsvartur vegna öskufalls en talið er að í þessari hrinu hafi fallið yfir bæinn um ½ milljón rúmmetra af ösku og gjalli. Austast í bænum var gjallþykktin tveir til þrjár metrar og höfðu mörg hús kaffærst þessa nótt og sum jafnvel sligast undan þunga gjallsins eða brotnað (Þorleifur Einarsson, 1974, bls. 21).

Ekki leið á löngu áður en næsta hrina kom. Um miðjan dag þann 27. janúar, rúmunum sólarhring eftir síðustu hrinu, varð alversta eldhríð gossins. Tók þá Kirkjubæjargígurinn að gjósa gjalli og vindur jókst töluvert og blés af aust-suðaustan, sem var slæmt fyrir byggðina. Glóandi 200–300 kílóa hraunkúlur féllu í 600–700 metra fjarlægð frá eldstöðvunum og minni gjallköggjar, 20–30 kíló, í allt að 1200 metra fjarlægð. Þessu glóandi gjallregni linnti ekki fyrr en eftir miðnætti er vindur snerist til suðvesturs. Þó brunnu færri hús í þessari hrinu en í þeirri fyrri, bæði vegna þess að mun fleiri hús voru hulin gjalli og eins vegna hetjudáða slökkviliðs, lögreglu og björgunarsveita sem bæði hentu glóandi gjallmolum út úr húsunum og náðu einnig að slökkva marga elda strax. Auk þess hafði, eftir fyrstu hrinuna, verið hafist handa við að negla járnplötur fyrir þá glugga sem sneru að eldstöðvunum og var á vikutíma lokið við að negla fyrir 13.000–14.000 glugga (Þorleifur Einarsson, 1974, bls. 21-22).

Eftir þessar tvær hrinur voru tæplega 200 hús komin undir gjall og mörg þeirra ýmist brunnin, brotin eða einfaldlega hrunin. Tvær eldhríðar komu síðar, önnur þann 2. febrúar og sú síðasta þann 16. sama mánaðar og var það í síðasta skiptið að glóandi hraunkúla kveikti í húsi. Af þeim 2,5 milljón rúmmetrum af gjalli sem féll yfir bæinn í gosinu öllu er talið að um 60% hafi komið í þessum tveimur hrinum í janúar (Þorleifur Einarsson, 1974, bls. 22-24).

Fyrstu daga gossins leitaði hraunkvikan til austurs og út í sjó, sem kom sér mjög vel fyrir bæði byggðina og eins fyrir Vestmannaeyjahöfn. En í byrjun febrúar fór hraunflaumurinn að ógna innsiglingunni í höfnina og var mánudagurinn 5. febrúar 1973 kallaður „mánudagurinn svart“ sökum þeirra atburða er þá áttu sér stað. Mikið hraungos hófst aðfaranótt sunnudagsins 4. febrúar og við það safnaðist hraun upp við gígmynnið er leiddi til þess að það dró úr hraunrennsli til austurs. Hóf hraunið svo að síga meðfram ströndinni og inn í innsiglinguna. Aðfaranótt mánudagsins 5. febrúar jókst hraungosið svo um munaði og teygðu gosstrókarnir sig á tíma upp í 200–300 metra hæð. Þrátt fyrir að

drægi úr gosinu á mánudagsmorgninum jókst vindur töluvert og gerði suðaustan hvassviðri sem olli því að mikið magn svartar ösku fór að berast yfir bæinn. Við þessi veðraskil hóf hraunið á ný að renna í átt að innsiglingunni og er hraunflaumurinn mætti köldum sjónum mynduðust miklir gufumekkir sem blönduðust ösku og feyktust með vindinum yfir bæinn. Þar af leiðandi sá á stundum ekki handa skil og er viðurnefni þessa svarta mánudags af því komið (Þorleifur Einarsson, 1974, bls. 26-27).

Höfninni var lokað af öryggisástæðum frá 6. til 20. febrúar, bæði vegna hættu á að bátar og skip myndu lokast þar inni og eins vegna þeirrar hættu sem fylgdi því ef öskublandaður gufumökkurinn legðist yfir hafnarmynnið því askan gerði það að verkum að ratsjár urðu ónothæfar (Þorleifur Einarsson, 1974, bls. 27). Hafnarmynnið, frá Klettsnefi og að Urðunum, sem áður hafði verið um 1200 metrar var nú einungis um 400 metrar sökum hraunrennslis. Nú voru góð ráð dýr og mikið kapp lagt á að bjarga þessari mikilvægu höfn, þeirri einu sem staðsett er við suðurströndina, á milli Þorlákshafnar og Hafnar í Hornafirði, höfn sem er ein af styrkustu stoðum þjóðarbúskaps Íslands og liggur næst fengsælustu fiskimiðum landsins (Árni Johnsen, 1973, bls. 88).

Eins og áður sagði var hafist handa við að verja mannvirki á Heimaey fyrir tjóni af völdum gjalls og ösku strax á fyrstu dögum eldgossins. Einnig var fljótlega byrjað að huga að aðferðum til að verja byggðina og höfnina ef hraunrennsli tæki að stefna þangað líkt og raun bar vitni í febrúar. Vitað var til þess að á Hawaii hafði verið beitt tvenns konar aðferðum við að hemja hraunrennsli eldgosa en með litlum árangri, annars vegar með því að koma upp varnargörðum og hins vegar með hraunkælingu. Auk þess höfðu verið gerðar tilraunir til hraunkælingar í Surtseyjargosinu árið 1963 en einnig án árangurs. Því voru skiptar skoðanir um málið er prófessor Þorbjörn Sigurgeirsson kom með þá hugmynd að bæði ýta upp varnargörðum og einnig að hefja hraunkælingu (Þorleifur Einarsson, 1974, bls. 37-38). Húseigendafélag Vestmannaeyja sendi meðal annars frá sér ályktun þar sem milljarða kostnaður við varnargarða og hraunkælingu var harðlega gagnrýndur. Þótti þeim brýnna að greiða húseigendum fullt verð fyrir eignir þeirra í stað þess að stunda þessa tilraunastarfsemi („Árangursrík barátta“, 1973, bls. 7).

Þrátt fyrir efasemdir og gagnrýni fárra manna um þessar varnaraðgerðir var hafist handa við gerð varnargarða þann 30. janúar 1973. Í byrjun febrúar sneiddi hraunrennslið þó hjá gördunum og í átt að höfninni og því hóf Slökkvilið Vestmannaeyja tilraun með vatnskælingu þann 6. febrúar, þó einungis með þremur slöngum til að byrja með. Ekki var að sjá að dælingin hefði mikil áhrif á hraunrennslið en þó fór fljótlega að myndast smá vík þar sem vatnið kom inn í hraunbrúnina (Þorleifur Einarsson, 1974, bls. 37-38). Því var

ákveðið að auka vatnskælinguna og var sanddæluskipið Sandey fengið á staðinn til að dæla sjó á hraunið auk þess sem dráttarbáturinn Lóðsinn var notaður í sjódælinguna. Fljótlega varð ljóst að sjókælingin hafði raunveruleg áhrif á framgang hraunsins. Var því allt kapp lagt á að halda því starfi áfram og auka afköstin en til þess þurfti öflugri dælubúnað. Slíkur búnaður var ekki til staðar hérlendis en Bandaríkjamenn höfðu boðið fram búnað til verksins sem þó gekk erfiðlega að fá samþykki fyrir frá yfirvöldum í Reykjavík. Það var ekki fyrr en í marslok að Viðlagasjóður samþykkti að fá þennan dælubúnað til Vestmannaeyja og voru flutt þangað um 200 tonn af búnaði með flugvélum Bandaríkjahers. Bættust því 50 véldælur, sem gátu dælt 72.000 lítrum á mínútu, við það litla sem fyrir var á Heimaey (Árni Johnsen, 1973, bls. 115; 119; 123; 131).

Árangur Vestmannaeyinga gegn hraunrennslinu var mikill og aldrei áður í sögunni hafði verið ráðist í svo stórtækar varnaraðgerðir gegn hraunrennsli. Í byrjun mars voru afköst þess dælubúnaðar sem þá var til taks einungis um 350 lítrar á sekúndu en eftir að aukinn tækjakostur barst frá Bandaríkjunum í lok mars urðu afköstin allt að 1200 lítrar á sekúndu eða þrefalt rennsli Elliðaánna. Þykir ljóst að hraunkælingin hafi bjargað miðbæ Vestmannaeyja frá því að fara undir hraun auk þess sem hún bjargaði aðallífæð bæjarins, Vestmannaeyjahöfn (Árni Johnsen, 1973, bls. 168; Haraldur Guðnason, 1991, bls. 60; Þorleifur Einarsson, 1974, bls. 39-43).

Eftir því sem vorið nálgast dró smám saman úr eldvirkni og í eldstöðinni kom orðið upp lítið hraun þegar líða tók á apríl. Í lok apríl varð þó skyndileg breyting á rennsli hraunsins er þunnfljótandi hraun tók að streyma í opinni rás austur fyrir gígmynnið, yfir gamalt hraun og í sjó út. Þetta hraunrennsli stóð allt til loka júnímánaðar, var það að meðaltali fjórir til sex rúmmetrar á sekúndu og rann vanalega á ½–1 metra á sekúndu, og síðasta goshrinan var að kvöldi 26. júní (Þorleifur Einarsson, 1974, bls. 43-44). Það var svo þann 3. júlí árið 1973, er gosið hafði staðið í rúma fimm mánuði, að því var opinberlega lýst yfir að eldgosinu á Heimaey væri lokið (Guðjón Ármann Eyjólfsson, 1973, bls. 313).

Mikið og skipulagt hreinsunarstarf hófst þegar í stað ásamt því starfi sem unnið hafði verið í Vestmannaeyjum allan góðmánu. Hraunkælingunni lauk þann 10. júlí árið 1973 en þá var búið að dæla alls um sex milljónum rúmmetra af sjó yfir hraunkvikuna. Sjórinn hafði gúfað upp en eftir sátu um 200 þúsund tonn af salti, dreifð um hið nýja hraun (Árni Johnsen, 1973, bls. 158; Guðjón Ármann Eyjólfsson, 1973, bls. 313-314). Heildarmagn gosefna sem komu í eldgosinu var um 250 milljónir rúmmetra af hrauni og um 20 milljónir rúmmetra af gjalli og ösku og varð heildarflatarmál hraunsins 3,2 ferkílómetrar og 2,2 ferkílómetrar runnu í sjó fram en heildarstærð Heimaeyjar fór úr 11,2

ferkílómetrum í 13,4 ferkílómetra á þeim 162 dögum sem gosið stóð yfir (Guðjón Ármann Eyjólfsson, 1984, bls. 81).

Fellið sem myndaðist í eldgosinu og hlaut nafnið Eldfell varð hæst 225 metrar yfir sjávarmáli snemma í apríl en hefur síðan þá sigið og mældist 215 metrar haustið 1973 (Þorleifur Einarsson, 1974, bls. 33). Fjallið hefur þó sigið enn meira og þegar það var síðast mælt, árið 1989, var það komið niður í 205 metra (Guðjón Ármann Eyjólfsson, 2009, bls. 10).

Í þessum kafla hefur verið ritað stuttlega um Heimaeyjargosið, tildrög þess, umfang, aðstæður og goslok. Sjálfst eldgosíð er þó ekki meginviðfangsefni þessa verkefnis heldur þær samfélagslegu aðstæður sem við það sköpuðust og verður hér eftir einblínt á þá hlið þessara náttúruhamfara.

### 3. Fólksflutningar um gosnóttina

Þegar Vestmannaeyingar vöknúðu upp við að eldgos væri hafið við bæjardyrnar var eins og allir vissu hvað gera skyldi, þrátt fyrir að engar viðbragðsáætlanir væru til um rýmingu eyjarinnar. Bæjarbúar klæddu sig, pökkuðu jafnvel niður smáræði af nauðsynjum og héldu sem leið lá niður að höfn eða upp á flugvöll, þögulir og yfirvegaðir. Það þykir mikil mildi að ekki hafi orðið stórslys í þessari framkvæmd en kringumstæður voru allar eins og þær gerast bestar á þessum árstíma.

#### 3.1 *Sjóleiðin*

Þann 22. janúar árið 1973 gerði mikið óveður af suðaustri og af þeim sökum var landlega hjá fiskiskipaflota Vestmannaeyinga, sem á þeim tíma samanstóð eingöngu af vertíðarbátum. Strax fyrstu gosnóttina komu ströng fyrirmæli um að allir bæjarbúar skyldu yfirgefa eyjuna umsvifalaust og þeir fluttir til lands. Fyrst um sinn var talið að flugbrautin væri illfær eða jafnvel ófær sökum eldgossins og einungis óhætt fyrir litlar flugvélar að lenda þar. Allt traust var því lagt á bátaflotann með fyrrnefndan flutning á rúmlega 5000 manns sjóleiðina frá Eyjum, því sjúklingar af sjúkrahúsinu og vistmenn á elliheimilinu höfðu forgang í flugvélnar (Guðjón Ármann Eyjólfsson, 1993, bls. 71-72).

Eftir að Vestmannaeyingar höfðu vaknað upp við eldgos fór í gang mikil atburðarás. Íbúar sem bjuggu austast í bænum vöknúðu flestir við drunur eldgossins og fóru á fætur til að kanna hvað væri að gerast. Þegar fólki urðu ljósir atburðirnir á austurhluta eyjunnar klæddi það sig í flýti og hóf að aðvara nágranna, vini og ættingja. Skömmu eftir upphaf eldgossins hófu lögreglu- og slökkviliðsbílar að aka um götur bæjarins með sírenur en einnig voru brunalúðrar þeyttir til að vekja alla íbúa Vestmannaeyja. Auk þess sem loftskeytastöðin tilkynnti að byrjað væri að gjósa og kallaði út alþjóðlegt neyðarkall: „May-day“ (Árni Gunnarsson, 1973, bls. 30). Klukkutíma síðar er talið að flestir íbúarnir hafi verið komnir á fætur. Fólk fór strax að streyma niður að höfn og fljótlega ákvað bæjarstjórn Vestmannaeyja, sem komið hafði saman vegna hamfaranna, að flytja skyldi alla íbúa Vestmannaeyja, utan þeirra sem gegndu skyldustörfum, til meginlandsins af öryggisástæðum (Árni Gunnarsson, 1973, bls. 36; Þorleifur Einarsson, 1974, bls. 14-15).

Vestmannaeyingar vissu í raun ekki hvað til stóð og sumir héldu til dæmis að aðeins ætti að sigla rétt út fyrir Eiðið og bíða þar til eldgsið hætti. Af þeim sökum var misjafnt hvað fólk greip með sér og hvernig gengið var frá húsum. Flestir tóku með sér það



nauðsynlegasta, sængurföt, smá fatnað, bleiur og barnamat, slökktu ljós, gengu frá miðstöðinni og læstu heimilinu, á meðan aðrir ruku út á náttfötunum innan undir yfirhöfnum jafnvel án þess að loka útidyrnum (Árni Gunnarsson, 1973, bls. 30). Börnin voru þó klædd í hlý föt áður en haldið var út í óvissuna og niður að höfn, en almenn ró var yfir fjöldanum. Flestir voru því ekki með mikinn farangur með sér, fóru einungis í yfirhafnir yfir það sem þeir stóðu í, með litla tösku með helstu nauðsynjum og börnin tóku uppáhalds gælugullið sitt, auk þess er sást til einstaka barns sem hafði með sér heimilisköttinn undir úlpunni eða gullfiska í krukku (Árni Johnsen, 1973, bls. 12-13).

Líkt og áður hefur komið fram voru nær allir heimabátar í höfn auk margra aðkomubáta vegna óveðurs sem geisað hafði þann 22. janúar. Voru allir bátar búnir til brottfarar í flýti og byrjað að koma fólki um borð, fyrst konum, börnum og öldruðum. Um leið og bátur var fullhlaðinn, og í flestum tilvikum yfirhlaðinn, var lagt úr höfn og var fyrsti báturinn lagður af stað frá Vestmannaeyjum til Þorlákshafnar klukkan 02.30, einungis rúmum hálf tíma eftir að eldgosíð hófst (Árni Gunnarsson, 1973, bls. 30; Þorleifur Einarsson, 1974, bls. 14). Um fjögur þúsund manns voru komnir um borð í báta og áleiðis til Þorlákshafnar tæpum þremur klukkustundum eftir upphaf eldsumbrotanna og „mestu mannflutningar í Íslandssögunni voru hafnir eins og af sjálfu sér, næstum hljóðlaust“ (Guðjón Ármann Eyjólfsson, 1973, bls. 234).

Allir voru á þönum þessa nótt og er erfitt að henda reiður á öllu sem gerðist á þeim örfáu klukkustundum er rúmlega fimm þúsund manna bæjarfélag þurfti í skyndi að yfirgefa heimili sín. Ótrúleg mildi þykir þó að engin slys hafi orðið í fólksflutningunum. Þrátt fyrir að vind hafi lægt um miðnætti og logn hafi verið er fólksflutningarnir hófust, var þungur sjór og sjóveikiveður. Yfirfullt var í flesta bátana og mátti finna fólk í öllum krókum og kimum. Svohljóðandi er til að mynda lýsing farþega sem fór með glæsilegu 230 rúmlesta skipi, m/b Gjafari VE 300, miklu aflaskipi og afburða sjóskipi, um gosnóttina: „Það er undravert, hve margt fólk komst með bátnum. ... Uppstilling fjala í lestinni, sem hólfu hana niður, var tekin í burtu og síðan hópaðist fólkið ofan í lest. Fólk var í borðsal, í göngum, klefum aftur í og fram í. Á aðalþilfari, bátþilfari og í nótakassa stóð hópur fólks“ (Guðjón Ármann Eyjólfsson, 1973, bls. 222).

Með Gjafari í þessari næturferð voru 430 manns, karlar, konur og börn og tók ferðin til Þorlákshafnar um fjórar klukkustundir. Fólk stóð mjög þétt, til dæmis á bátþilfarinu þar sem það gat sig vart hreyft alla leið til Þorlákshafnar. Kona ein er var ásamt þremur börnum sínum, átta, sex og þriggja ára, neðanþilja um borð í Gjafari, í klefa ásamt tíu öðrum konum og börnum þeirra, lýsir einnig hversu ægilegt ástandið hafi verið

um borð, þungt loft sem versnaði mikið er sjóveiki fór að gera vart við sig (Guðjón Ármann Eyjólfsson, 1973, bls. 223).

Álíka sögur er að segja af flestum öðrum bátum er fluttu Vestmannaeyinga til Þorlákshafnar þessa nótt. Eitt hefur þó vakið vissa athygli í öllum þessum fólksflutningum, en það er æðruleysi íbúanna er þeir yfirgáfu heimili sín og bæjarfélag í algjerri óvissu um hvað væri framundan. Jökull Jakobsson, leikritahöfundur, flutti í Ríkisútvarpinu myndríka frásögn af næturflugi til Vestmannaeyja að morgni 23. janúar 1973:

Innan skamms er ljósum prýdd Reykjavík að baki. Framundan og neðan við er auðn og tóm, nema glyttir í snævi þaktar fjallahlíðar, en gegnum þessa dimmu auðn fyrir neðan liggur nær óslitin ljósrák á sífelldu iði, ísaumuð blikkandi rauðum ljósum, sem fara hraðar en hin. Það er Þrengslavegurinn fyrir neðan okkur, leiðin frá Þorlákshöfn eins og draumkenndur forsmekkur að þeim ægilega veruleika, sem við áttum fram undan. Þetta var þrotlaus straumur langferðabíla, strætisvagna og sjúkrabifreiða. Og brátt var Þorlákshöfn og suðurströndin að baki. En ljósaröðin liggur samt áfram á dimmu hafinu að vísu strjalli og slitróttari. Það eru skip og bátar hlaðnir fólki, sem kvöldið áður hafði lagzt til hvíldar á heimili sínu eftir hversdagslega önn og hljóðlátan dag, en var nú á flóttu undan æðisgengnum hamförum á trylltri nótt (Guðjón Ármann Eyjólfsson, 1973, bls. 230-231).

Það var svo um klukkan 07.30 að morgni 23. janúar sem fyrstu bátarnir komu til Þorlákshafnar, drekkhlaðnir fólki. Bæði við innsiglinguna í Vestmannaeyjum og eins í Þorlákshöfn var umferð báta og skipa eðlilega mjög mikil og þurfti því að bíða fyrir utan þar til búið var að losa þá báta sem fyrir voru og koma þeim aftur af stað til Vestmannaeyja (Guðjón Ármann Eyjólfsson, 1993, bls. 73-74; Þorleifur Einarsson, 1974, bls. 15).

### 3.2 *Flugleiðin*

Fyrst um sinn var talið að eldsprungan lægi yfir þveran flugvöllinn og hann væri því ófær og dreifðist orðrómur þess efnis hratt um eyjuna. Til allrar lukku reyndist það ekki vera raunin og því var einnig unnt að nota flugvöllinn til fólksflutninganna frá Vestmannaeyjum. Fyrstu vélarnar lentu á Heimaey fljótlega eftir að fyrstu bátarnir lögðu úr höfn, en í þeim voru fréttamenn og fulltrúar frá Flugmálastjórn. Um leið og þær lentu biðu á flugvellinum þungaðar konur auk nokkurra ungra kvenna með börn sem ekki höfðu treyst sér út í þungan vetrarsjóinn vegna sjóveiki. Voru vélarnar strax fylltar af fólki og haldið til Reykjavíkur, og þar með komst á loftbrú á milli lands og Eyja til viðbótar við þá sjóflutninga sem þegar voru hafnir. Fljótlega var haft samband við Flugfélag Íslands ásamt öðrum litlum flugfélögum í Reykjavík auk þess sem óskað var aðstoðar varnarliðsins á

Keflavíkflugvelli og héldu flugvélar á vegum allra aðila, auk þyrlna á vegum varnarliðsins, rakið til Vestmannaeyja, enda viðraði mjög vel til flugs. Lenti til að mynda fyrsta farþegaflugvélin, Fokker-Friendship, á Vestmannaeyjaflugvelli um klukkan fimm að morgni þriðjudagsins 23. janúar 1973 (Árni Johnsen, 1973, bls. 12-13; Þorleifur Einarsson, 1974, bls. 15).

Hjálparsevit skáta Vestmannaeyjum vann mikilvægt starf við að koma sjúklingum, eldri borgurum og veikburða einstaklingum upp á flugvöll, en þessir einstaklingar höfðu forgang í flugvélnar. Þó hafði elliheimilið Skálholt verið rýmt áður en fregnir bárust af flugaðstoðinni, voru vistmennirnir því fluttir niður á bryggju þar sem haganlega var búið um þá með teppum í einum aðkomubátanna er lögreglan hafði fengið til verksins. Á elliheimilinu höfðu verið 22 vistmenn og sjúklingar á Sjúkrahúsi Vestmannaeyja voru 32, auk þess sem fjöldi sjúkra og aldraða voru í heimahúsum. Fljótlega bárust þó Hjálparsevitinni fregnir af þyrlum, bæði frá Landhelgisgæslunni og eins frá varnarliðinu, sem væru á leið til Vestmannaeyja og að þær ættu að flytja sjúklinga til Reykjavíkur. Var því hafist handa við að undirbúa sjúklinga Sjúkrahússins fyrir flutning á flugvöllinn og síðar til Reykjavíkur. Giftusamlega tókst til með flutning sjúklinganna og næsta verk því að sækja sjúka og aldraða í heimahús vítt og breytt um bæinn og koma þeim um borð í flugvélar og til Reykjavíkur (Guðjón Ármann Eyjólfsson, 1973, bls. 233-234; Sigurður Þórir Jónsson, 1998, bls. 56-58). Skipulag á flugvöllinum var nokkuð gott en þessa nótt var ekki talið inn í flugvélnar heldur hleypt inn eins og hægt var, dæmi voru um að vélar biðu með hreyflana í gangi á meðan fólki var komið um borð, að því loknu var haldið af stað til Reykjavíkur á ný. Auk þess var mikið þrekvirki unnið af flugumferðarstjórum í Vestmannaeyjum þessa nótt er þeir stjórnðu þeirri flugumferð sem hófst á flugvöllinum um klukku tíma eftir að eldsumbrotanna varð vart (Árni Gunnarsson, 1973, bls. 39-41).

Að morgni þriðjudagsins 23. janúar 1973 lauk fólksflutningunum slysalaust og björgunaraðgerðir þess sem mestu máli skipti var að mestu lokið, mannfólkið var öruggt. Þessa nótt flúðu rúmlega 4000 manns með skipum og bátum til Þorlákshafnar auk þess að um 800 manns fóru flugleiðis til Reykjavíkur. Á Heimaey urðu þó eftir um 200–300 karlar sem sinna þurftu þeim nauðsynlegu verkum er varð að vinna (Guðjón Ármann Eyjólfsson, 1973, bls. 234; Þorleifur Einarsson, 1974, bls. 16).

### 3.3 Skipulag er komið var á meginlandið

Vandamál eyjaskeggja voru þó ekki úr sögunni er komið var á meginlandið heldur rétt að byrja. Hvert átti fólkið að fara? Hversu lengi þurfti það að vera fjarri heimilum sínum? Hvar átti það að búa? Hvað með eigur þeirra og innbú? Eflaust hafa margar spurningar brunnið á vörum þeirra Vestmannaeyinga sem flýja þurftu heimili sín og heimabyggð um miðja nótt. En þrátt fyrir mikla óvissu og það áfall sem íbúar höfðu orðið fyrir er það samdóma álit fjölmiðla, yfirvalda og þeirra sem tóku á móti flóttafólkinu, hversu mikið æðruleysi fylgdi Vestmannaeyingunum og sú ró og stilling sem var yfir hópnum, þrátt fyrir að eiga að baki mjög erfiða sjóferð auk alls annars sem á stóð. Í síðdegisblaði *Morgunblaðsins* sem gefið var út í tilefni hamfaranna segir til að mynda:

Eins og nærri má geta áttu þeir, sem skipulögðu móttöku fólksins í Þorlákshöfn, von á því, að ýmislegt gæti gerst, þegar um slíkt fjölmenni var að ræða og neyðarástand ríkjandi. ... En reyndin varð allt önnur. Fyrsta skipið ... lagðist að bryggju í Þorlákshöfn klukkan 7.15 og með því komu fyrstu íbúarnir sem orðið höfðu að yfirgefa Eyjarnar. Þegar í stað voru skátar og björgunarsveitarmenn komnir á bryggjuna og í bátinn og hjálpuðu fólkinu í land og upp í langferðabílana, sem biðu á bryggjunni eða í grenndinni, tugum saman. ... Og æðruleysi fólksins, þegar það kom í land, er annað sem ekki gleymist þeim er á horfðu („Við höfum aðeins“, 1973, bls. 6).

Alþingi kom saman til fundar þann 25. janúar 1973 og við þingsetningu hafði forseti sameinaðs Alþingis, Eysteinn Jónsson, einnig á orði æðruleysi Vestmannaeyinganna í ræðu sinni: „Ber að þakka stillingu og æðruleysi Vestmannaeyinga, sem urðu fyrir þessu óvænta áfalli. Hefur framkoma þeirra vakið aðdáun alþjóðar og mun minningin um það, með hvílíkum manndómi þeir brugðust við háskanum, lengi lifa með þjóðinni og reynast henni dýrmæt eign“ (Eysteinn Jónsson, 1973b).

Við komu Vestmannaeyinganna til Þorlákshafnar og Reykjavíkur varð þeim fljótlega ljóst að þeir stóðu ekki einir á þessum erfiðu stundum. Greinilegt var að mikilvægar ráðstafanir höfðu verið gerðar til að taka á móti þessum fjölda fólks og að mikil samkennd hafði gert vart við sig og virtust allir tilbúnir að hjálpa þessu saklausa flóttafólki sem, í skyndi og um miðja nótt, flúði undan öflum náttúrunnar.

Vestmannaeyingurinn Guðjón Ármann Eyjólfsson (1973, bls. 230), þáverandi skólustjóri Stýrimannaskólans í Vestmannaeyjum, sagði til að mynda: „Sú fjölskylda, sem kallast íslensk þjóð, varð áþreifanleg og sönn þessa nótt. Fólki í Reykjavík og uppi á fastalandinu, sem hafði strax um nóttina fengið fréttir af því, er var að gerast, leið ver en okkur hinum, sem vorum í miðri rás atburða. Það beið í óvissu og kvíða“. Ríkisútvarpið hafði hafið

fréttáflutning af hamförunum á fjórða tímanum aðfaranótt 23. janúar og var tilkynningum og fréttum útvarpað jafnharðan til allra landsmanna (Guðjón Ármann Eyjólfsson, 1973, bls. 251). Það var svo klukkan sjö sem rödd Jóns Múla ómaði í útvarpstækjum landsmanna:

Útvarp Reykjavík, Útvarp Reykjavík. Ríkisútvarpið býður yður góðan dag og býður þá velkomna á fætur sem nú eru að byrja fyrst að hlusta. Það var búið að bjóða góðan dag hér löngu fyrr (Óttar Sveinsson, 2008, bls. 95).

Hjálparfólk á meginlandinu kom fljótlega saman þessa örlagaríku janúarnótt árið 1973. Ráðherrar landsins voru ræstir skömmu eftir upphaf gossins og bæjarstjórn Vestmannaeyja hafði samband við ráðamenn í Reykjavík til að reyna að koma skipulagi á fólksflutningana sem framkvæma þurfti í flýti. Á þriðja tímanum kom svo Almannaáráð ríkisins saman í aðalstöðvum sínum í Lögreglustöðinni í Reykjavík. Það tók þó dagóða stund fyrir nefndarmenn að átta sig á aðstæðum og hvaða vanda var við að etja þar sem Almannaáráð á Íslandi höfðu aldrei áður fengist við neitt þessu líkt. Samt sem áður var strax hrint í framkvæmd áætlun er bar heitið *Um skipulegan brottflutning íbúa Vestmannaeyja vegna mögulegrar hættu af völdum náttúruhamfara* (Árni Gunnarsson, 1973, bls. 36; 48-52; Árni Johnsen, 1973, bls. 22). Á fundi Almannaáráðs var ekki vitað hvernig flutningur íbúanna gengi, því var rýnt nánar í hið alvarlega ástand sem upp var komið og tekin ákvörðun um að stefna stórum hluta flota landsins til Vestmannaeyja. Haft var samband við skipafélögin í Reykjavík og verstöðvar á suðurströndinni auk þess sem varðskipum var stefnt að Heimaey. Þó var stóru skipunum sem sigldu frá Reykjavík snúið aftur er þau voru komin við Garðskaga þegar ljóst varð hversu vel gekk að flytja fólk frá Eyjum (Þorleifur Einarsson, 1974, bls. 15).

Rauði kross Íslands hafði, áður en eldsumbrot á Heimaey hófust, gert áætlun um aðgerðir á hans vegum kæmi til stórfelldrar neyðar á Íslandi. Áætlanir þessar gerðu ráð fyrir, að í samráði við Almannaáráð, yrði velferð fólksins í höndum Rauða krossins sem myndi veita því „fyrstu hjálp, fæði, klæði og húsaskjól og leiða saman sundraðar fjölskyldur og taka upp í því sambandi skipulega skráningu á fólki“ (Rauði kross Íslands, 1993, bls. 1). Starf Rauða krossins hófst því samhliða starfi Almannaáráðs á þriðja tímanum í Lögreglustöðinni í Reykjavík. Sá vandi sem Rauði krossinn hafði í huga, er fyrrgreindar áætlanir voru gerðar, komst þó ekki í hálfkvisti við það sem blasti við aðfaranótt 23. janúar 1973. Sá vandi var miklu stærri og stóð mun lengur en upphaflegar áætlanir gerðu ráð fyrir (Rauði kross Íslands, 1993, bls. 1-2).

### 3.4 Fyrstu verkefni Rauða kross Íslands og Almannavarnaráðs

Fyrstu störf sameiginlegra hjálpardeilda Almannavarnaráðs og Rauða krossins voru líkt og áður kom fram að stefna fjölda skipa og báta til Vestmannaeyja. Því næst var kallaður út floti langferðabíla og öllum stefnt til Þorlákshafnar svo að hægt væri að flytja fólkið, sem þangað kom sjóleiðis, áfram til Reykjavíkur. Í þessum bílaflota voru hópferðabifreiðar meðal annars frá Hveragerði, Kópavogi, Njarðvík, Reykjavík og Selfossi auk tíu strætisvagna frá Reykjavík (Árni Johnsen, 1973, bls. 22). Einnig voru skipulagðar móttökustöðvar í Reykjavík en fimm skólar voru valdir undir þá starfsemi; Austurbæjarskóli, Árbæjarskóli, Hamrahlíðarskóli, Melaskóli og Sjómannaskólinn. Höfst því mikið starf strax um nóttina við að ræsa skólastjóra, kennara og annað starfslíð skólanna fimm. Er líða fór á daginn var Vogaskóli einnig rýmdur fyrir Vestmannaeyinga auk þess sem tæplega 40 manns höfðu leitað í Langholtsskóla (Rauði kross Íslands, 1993, bls. 3). Klukkan hálf átta barst svo Rauða krossinum símtal frá Árbæjarskóla þess efnis að allt væri tilbúið í skólanum fyrir móttöku flóttafólksins frá Heimaey. Í Árbæjarskóla voru þá samankomnir um sjötíu starfsmenn, þar á meðal lækna og hjúkrunarfólk, sem höfðu verið ræstir út og því ljóst að viðbúnaðurinn var eins og best verður á kosið (Óttar Sveinsson, 2008, bls. 98).

Strax á fimmta tímanum fóru sjálfboðaliðar að gefa sig fram við Rauða krossinn. Einnig var hringt í kvennadeild Reykjavíkurdeildar Rauða Krossins og Hjálparveit kvenna í Flugbjörgunarsveitinni en talið er að fyrsta daginn hafi verið yfir 200 sjálfboðaliðar á vegum Rauða krossins. Skipuleggja þurfti móttökuna í skólunum fimm, skipa yfirmenn við hvern þeirra auk þess sem undirbúa þurfti viðlegu og veitingar því búist var við Vestmannaeyingum í gistingu í einhverja daga. Slökkviliðið sá til dæmis um að koma með dýnur og teppi í skólana, en síðar kom þó í ljós að ekki gerðist þörf á gistingu í skólunum og verður nánar fjallað um það síðar (Rauði kross Íslands, 1993, bls. 2-4).

Allir er komu að móttöku og aðstoð Vestmannaeyinganna störfuðu í sjálfboðavinnu og fyrstu dagana var stuðningur frá fyrirtækjum og verslunum ómetanlegur. Til að mynda tóku forstjóri Múlakaffis og skólastjóri Matsveinaskólans sig saman um að undirbúa matseld í skólunum. Hráefnið vantaði þó en við því var brugðist og hófust flutningar á endurgjaldslausu hráefni frá Mjólkursamsölunni, Silla & Valda og fleirum. Vélsmiðjan Héðinn bauð einnig 1000 Vestmannaeyingum í hádegismat þann 23. janúar og Mjólkursamsalan 100 manns í hádegismat í Mjólkurstöðina (Rauði kross Íslands, 1993, bls. 2-3).

### 3.5 Skráningar

Rauði kross Íslands hafði forgöngu um skráningu á því fólki sem kom frá Vestmannaeyjum, en ljóst var að slík skráning væri nauðsynleg. Seðlabankinn sá um að fjölrita 6000 skráningarspjöld þar sem gert var ráð fyrir að hver einstaklingur yrði skráður á eitt spjald ásamt heimilisfangi í Vestmannaeyjum og væntanlegum dvalarstað hans á meginlandinu og símanúmeri. Ákvörðun var tekin um að koma upp stjórnstöð skráningar við lögreglustöðina í Árbæ, en þangað skyldu allar langferðabifreiðar koma úr Þorlákshöfn og fá nánari upplýsingar um í hvaða skóla skyldi haldið. Félagar talstöðvarklúbbsins voru á meðal þeirra er boðið höfðu fram aðstoð sína og voru þeir staðsettir í Árbæ og skólunum fimm og aðstoðuðu við að skipuleggja aðkeyrslu. Áður en haldið var af stað í viðkomandi skóla fengu svo allir farþegar langferðabíllanna skráningarspjald sem þeim bar að skila útfylltum þegar þeir yfirgáfu skólana síðar og héldu til ættingja, vina eða annarra sem tilbúnir voru að hýsa þá.

Dvöl fólksins í skólunum var þó yfirleitt stutt því er líða fór á morguninn höfðu Vestmannaeyingar samband við ættingja og vini eða öfugt, því margir höfðu uppi á ættingjum sínum frá Vestmannaeyjum, jafnvel fjarskyldum sem þau þekktu ekki, og buðu þeim á heimili sín. Auk þess var fjöldi Reykvíkinga sem bauð sig fram til að taka á móti Vestmannaeyingum og sáu leigubílstjórar um að koma Eyjamönnum til þeirra heimila endurgjaldslaust (Árni Gunnarsson, 1973, bls. 52; Rauði kross Íslands, 1993, bls. 254). „Að nokkrum tíma liðnum voru allflestir horfnir á vit vina og ættingja. Það var einnig eitt af því einstæða, sem gerðist þennan morgun, að flóttafólkið hvarf út í borgina eins og döggr fyrir sólu“ (Guðjón Ármann Eyjólfsson, 1973, bls. 254). Samkvæmt skýrslum Rauða krossins voru heildartölur Vestmannaeyinga sem komu til meginlandsins þennan dag eftirfarandi:

Árbæjarskóli	497
Austurbæjarskóli	626
Hamrahlíðarskóli	680
Langholtsskóli	36
Melaskóli	716
Sjómannaskóli	945
Vogaskóli	377
Annað (sjúkrahús og elliheimili)	339

(Rauði kross Íslands, 1993, bls. 3).

Þetta voru þó einungis fyrstu tölur skráninga fólks úr skólunum og því ekki þar meðtaldir á þriðja hundruð karlar sem urðu eftir á Heimaey, Vestmannaeyingar sem urðu eftir fyrir austan fjall og áhafnir bátanna sem sigldu stanslaust á milli fyrstu dagana. Skráningar

Þessar, eins umfangsmiklar og þær voru, og skipulag þeirra á þessum stutta tíma og algerlega fyrirvaralaust eru vafalaust einsdæmi hér á landi. Tókst Rauða krossinum að skrá með þessum hætti um 4200 Vestmannaeyinga (Georg H. Tryggvason, 1974, bls. 182-184; Guðjón Ármann Eyjólfsson, 1973, bls. 236).

Þrátt fyrir að Rauða krossinum hafi borist spjöldin úr skólunum skipulega röðuðum, í stafrófsröð og reynt að halda fjölskyldum saman þá var fljótlega ljóst að koma þyrfti öllum upplýsingunum á skrá, því torvelt reyndist að veita upplýsingar af spjöldum frá sjö skólum. Rauði krossinn leitaði því til stofnana og fyrirtækja og voru átta vanar vélritunarstúlkur strax byrjaðar að vélrita skrárnar klukkan fimm um nóttina, einungis þremur klukkustundum eftir að eldgosíð hófst á Heimaey, og unnu þær sleitulaust til hádegis. Um kvöldið barst liðstyrkur frá Reykjavíkurborg og Seðlabankanum og voru vélritaðar skrárnar tilbúnar í þríti klukkan að verða eitt eftir miðnætti, rétt tæpum sólarhring eftir upphaf gossins. Seinnipartinn þann 23. janúar var svo spiluð útvarpstilkynning þess efnis að Rauði krossinn gæti upplýst um nýja dvalarstaði Vestmannaeyinga og var tilgangurinn að upplýsa fólkið frá Vestmannaeyjum um ættingja og vini. En fljótlega fylltist þó allt hjá Rauða krossinum, símar urðu rauðglóandi og fyrirspurnum rigndi inn frá vinum og vandamönnum um land allt. Var því fyrri tilkynningin leiðrétt og áréttað að næsta sólarhringinn yrðu þessar upplýsingar einungis fyrir Vestmannaeyinga og til að sameina fjölskyldur er höfðu tvístrast á flóttanum undan eldgosinu þá um nóttina (Rauði kross Íslands, 1993, bls. 3-4).

Miðvikudaginn 24. janúar 1973 mættu forsvarsmenn IBM-fyrirtækisins á Íslandi í höfuðstöðvar Rauða krossins og buðust til að koma öllum upplýsingunum í tölvur. Hafist var handa við það verk og sólarhring síðar fékk starfsfólk Rauða krossins afhenta skrá um Vestmannaeyinga í þremur útgáfum, eftir stafrófsröð, eftir heimilisföngum þeirra í Vestmannaeyjum og eftir heimilisföngum nýrra dvalarstaða (Árni Gunnarsson, 1973, bls. 54; Rauði kross Íslands, 1993, bls. 4). Með þessu framlagi IBM-fyrirtækisins var kominn grundvöllur fyrir alla skipulagða vinnu hjálparstarfsins sem á eftir kom, til dæmis við skráningu framlaga og lána, húsnæðismiðlun, til að hafa uppi á búslóðum, skrá greiðslur á flutningskostnaði, við starf Viðlagasjóðs og bæjarstjórnar Vestmannaeyja og fleira en nánar verður sagt frá þeim störfum síðar (Rauði kross Íslands, 1993, bls. 4).

Var þessu umfangsmikla skráningarferli þó ekki lokið eftir þá vinnu er unnin var fyrstu tvo sólarhringana, því búsetuskipti Vestmannaeyinga voru afar algeng fyrstu vikurnar. Var því skipuð sérstök skrásetningardeild sem starfrækt var í Hafnarbúðum og var yfirmaður hennar Haraldur Arngrímsson, en auk hans störfuðu í deildinni tvær stúlkur



af Hagstofunni og tvær til þrjár stúlkur sem starfað höfðu á bæjarskrifstofunum í Vestmannaeyjum. Var skráningardeildinni úthlutað sérstökum símanúmerum sem voru mikið auglýst og tóku starfsmenn við upplýsingum og tilkynningum frá Eyjafólki um breytingar á dvalarstað, símanúmerum og þess háttar. Fljótlega var auðsýnt að sú skrá er unnin hafði verið á fyrstu dögum gossins var orðin úrelt sökum tíðra aðsetursskipta fólksins auk þess sem einhverjar upplýsingar höfðu verið ónákvæmar og skrifaðar í flýti og óvissu. Var því, í samráði við Hagstofu, hafist handa við að útbúa nýja skrá sem var tilbúin þann 2. febrúar 1973. Flutningar og aðsetursskipti voru þó enn mjög tíð og því varð nýja skráin fljótlega úrelt, var þá enn á ný útbúin ný skrá og loks var fjórða skráin gefin út í byrjun mars og enn fleiri eftir það (Georg H. Tryggvason, 1974, bls. 184).

Um 90% Vestmannaeyinga, eða um 4500 manns, höfðu tilkynnt um nýjan dvalarstað þegar tvær vikur voru liðnar frá því að gos hófst. Meirihlutinn var í Reykjavík eða rúmlega 2500 manns, tæpir 380 í Kópavogi og 330 í Hafnarfirði, í Keflavík voru 144 skráðir og rúmlega 130 í Hveragerði auk þess sem 226 einstaklingar fengu dvalarstað í Ölfusborgum, sjö menn tilkynntu fiskiskip sem sinn dvalarstað auk þess sem nokkrir tugir fóru á Norðurland, Austurland og Vestfirði (Árni Johnsen, 1973, bls. 93).

Nú er ljóst að afar umfangsmikið verk var unnið strax á fyrstu klukkustundum eldgossins. En allar þessar ráðstafanir höfðu einnig í för með sér einhver óþægindi fyrir borgarbúa, sem þó voru frekar lítilvæg í ljósi atburðanna á Heimaey. Þrengslavegi var lokað fyrir aðra umferð en fólksflutninga frá Vestmannaeyjum, kennsla féll niður þann 23. janúar í áðurnefndum skólum í Reykjavík, mikil röskun varð á ferðum strætisvagna þennan dag auk þess sem sá mikli fjöldi sjálfboðaliða er starfaði á vegum hjálparstofnana var frá sinni atvinnu, sumir hverjir í allt að tvær vikur, og því eflaust einhverjir vinnuveitendur orðið að gera ráðstafanir á vinnustaðnum.

Hvergi voru áhrifin og harmur meiri en hjá Vestmannaeyingum sem margir hverjir urðu á næstu vikum og mánuðum vitni að því er ævistarf þeirra hvarf undir hraun eða varð eldi að bráð. Krefjandi verkefni biðu nú allra Vestmannaeyinga. Á Heimaey börðust menn við náttúruna og unnið var sólarhringum saman við björgunarstörf. En veruleiki þeirra er fóru á meginlandið var allur annar og ekki síður erfiður. Þrátt fyrir að mikið hafi verið talað um rósemd og yfirvegun heimamanna þessa nótt, jókst álag á þetta fólk næstu vikurnar svo um munaði og þurfti fólk sem var vant því að sjá fyrir sér og vera eigin húsbændur á eigin heimilum nú að feta stafkarlsstíg og bíða þess er vera skyldi í óvissu og upp á aðra komna (Árni Gunnarsson, 1973, bls. 66).

## 4. Hvað svo?

### 4.1 Fyrstu dagarnir

Líkt og áður hefur komið fram stöldruðu flestir Vestmannaeyingar stutt við í móttökustöðvunum í Reykjavík. Um miðjan dag, þriðjudaginn 23. janúar 1973, var verulega tekið að fækka í skólunum sjö og því var hafist handa við að loka þeim smám saman. Ákveðið var að útbúa gístaðstöðu í Sjómannaskólanum fyrir þá sem ekki höfðu í önnur hús að venda fyrst um sinn og sá Ferðaskrifstofa ríkisins um að útvega rúm og þess háttar birgðir til gistingar. Rauði krossinn fékk einnig fyrirmæli Almannavarnaráðs síðar þennan dag um að skipuleggja gistingu á Hótel Esju fyrir Vestmannaeyinga sem var vel nýtt næstu þrjár vikur eða svo (Rauði kross Íslands, 1993, bls. 3).

Þrátt fyrir að fólksflutningarnir hefðu heppnast vel var það þó aðeins byrjunin. Hversu lengi kæmi gosið til með að standa yfir? Hversu umfangsmikið yrði það? Myndi byggðin sleppa eða voru þetta endalok byggðar á Heimaey? Vestmannaeyingar höfðu fylgst með því tæpum tíu árum áður er ný eyja myndaðist suðvestan við Heimaey og stóð það gos yfir í tæp fjögur ár. Því var óvissan mikil og framundan var umfangsmikið verkefni fyrir ríkisstjórn, bæjarstjórn Vestmannaeyja, hjálparstofnanir og félagasamtök landsins og mikilvægar ákvarðanir sem taka þurfti.

Björgunarstarfið var að komast á skrið á Heimaey. Auk þess þurfti að aðstoða Vestmannaeyinga við að koma sér fyrir á nýjum stað, fólk þurfti húsnæði, atvinnu, skólapláss og fleira. Fimmtudaginn 25. janúar barst Vestmannaeyjakaupstað rausnarlegt tilboð er borgarráð Reykjavíkur bauð fram endurgjaldslaus afnot af Hafnarbúðum, Geirsgötu 9 við gömlu höfnina í Reykjavík, svo lengi sem þörf væri á. Hafnarbúðir áttu síðan eftir að verða höfuðstöðvar þess starfs sem framundan var og aðalsamkomustaður Eyjafólks (Rauði kross Íslands, 1993, bls. 4-5). Starfsemi sú sem hófst með tilkomu aðstöðunnar í Hafnarbúðum átti eftir að vaxa með skjótum hætti og var talað um að sjaldan gæfist tími til mikilla áætlanagerða þar sem „aðstæðurnar sköpuðu þarfirnar, ofast hraðar en hægt var að sjá þær fyrir“ (Georg H. Tryggvason, 1974, bls. 181).

Í lok janúar var nauðsynleg starfsemi Vestmannaeyjakaupstaðar flutt til Reykjavíkur. Þar má nefna bæjarfógetaembættið og skrifstofur bæjarins, bankaútibúið fékk aðstöðu í höfuðstöðvum Útvegsbankans í Reykjavík, pósthúsið flutti í kjallara aðalpósthússins í Reykjavík og fleiri stofnunum var veitt aðstaða vítt og breitt um höfuðborgina (Haraldur Guðnason, 1982, bls. 153).

## 4.2 Hafnarbúðir

Um leið og forsvarsmönnum Vestmannaeyjabæjar fengu afnot af Hafnarbúðum buðu þeir Rauða krossinum til samstarfs og flutti Rauði krossinn alla sína starfsemi, er viðkom Vestmannaeyingum, í Hafnarbúðir og hófst þá umfangsmikið samstarf og samvinna þessara aðila. Fyrstu vikurnar höfðu þeir aðra og þriðju hæð hússins til afnota auk kjallarans, en þremur dögum síðar fengu þeir einnig til ráðstöfunar stóran sal á jarðhæð hússins. Þó var ljóst að í húsið skorti hina ýmsu hluti, meðal annars áhöld í eldhúsið og borð og stóla í mötuneytið til að geta tekið á móti fólkinu. Rauði krossinn sá að mestu leyti um að afla þess sem vantaði í Hafnarhúsið og útvegaði forstjóri Héðins til að mynda borð og stóla samstundis og beiðni um aðstoð barst (Rauði kross Íslands, 1993, bls. 5-8).

Einnig vantaði nauðsynleg skrifstofuhúsgögn í húsið og tók Magnús Guðjónsson, framkvæmdastjóri Sambands íslenskra sveitarfélaga, að sér að útvega helstu skrifstofutækin, svo sem fjölrítara, rit- og reiknivélar og þess háttar. Bæjarsíminn í Reykjavík kom upp sínum í húsinu, þremur línur, sem reyndist ekki nóg því álagið á þá varð strax gífurlega mikið eftir að símanúmerin höfðu verið auglýst sem upplýsingasímar. Var því bæjarsíminn búinn að tengja þær 11 símalínur sem lágu inn í húsið áður en fyrsta vikan var liðin. Það reyndist þó ekki heldur nóg og var því einnig lögð sérstök loftlína inn í húsið með tíu aukalínur og í mars var sett upp innanhúskerfi í húsið, fullkomið skiptiborð með 16 innanhússímum. Ástæða þess að símakerfið þoldi ekki álagið þessa fyrstu daga var fyrst og fremst sú að mikill fjöldi fólks var að leita upplýsinga um hvar vinir og ættingjar voru niðurkomnir og hvort og þá hvenær þeim væri mögulegt að komast út til Eyja aftur, til þess að sækja fót og aðrar lífsnauðsynjar (Georg H. Tryggvason, 1974, bls. 180-182).

Hið mikla álag á upplýsingasímana hélst fyrstu vikurnar og fóru fyrirspurnirnar að verða fjölbreyttari og því mikilvægt að koma á skipulögðum vöktum er stóðu frá klukkan átta á morgnana og yfirleitt fram yfir miðnætti. Var því mikill fjöldi sjálfboðaliða sem starfaði við símsvörun á upplýsingasímunum og meirihluti þeirra Eyjakonur, en einnig lögðu reykvískir nemar, fyrirtæki, stofnanir og félagasamtök fram aðstoð. Eftir því sem tíminn leið og starfsemi Hafnarbúða þróaðist var þó hafist handa við að koma á fót sérdeildum er sáu um viss viðfangsefni innan starfseminnar og minnkaði álagið á upplýsingasímana þá jafnt og þétt (Georg H. Tryggvason, 1974, bls. 182-183).

### 4.3 Mötuneytið í Hafnarbúðum

Þegar starfsemin hófst í Hafnarbúðum kom fljótlega til tals að starfrækja þyrfti einhvers konar veitingaaðstöðu í húsinu, bæði fyrir þann mikla fjölda fólks er starfaði í húsinu og eins fyrir Vestmannaeyinga sem þangað leituðu. Í húsinu var eldhús og rúmgóður matsalur og því kjörin aðstaða fyrir þessa þjónustu. Starfsfólk Bæjarsjóðs Vestmannaeyja yfirtók starfsemina fljótlega og Eyjakonur fóru þegar að veita kaffi í mötuneytinu þann 25. janúar en Kvenfélagið Heimaey bauð fram alla vinnu við mötuneytið nema eldamenskuna.

Rauði krossinn vildi þó bæta enn þjónustu mötuneytisins og var haft samband við Friðrik Gíslason, skólastjóra Hótel- og veitingaskólans, sem tók það verkefni að sér að útbúa heitar máltíðir, ásamt um 40 nemendum skólans og fékkst leyfi ráðherra til að loka skólanum þær þrjár vikur sem þessi hópur hafði umsjón með mötuneytinu. Hófst þeirra starf strax þann 26. janúar og var því einungis sólarhring síðar einnig búið að skipuleggja sölu á heitum mat, en margir Eyjamenn höfðu ekki aðgengi að eldunaraðstöðu á nýjum dvalarstöðum sínum og bráðabirgðahúsnæði og þurftu því yfirleitt að kaupa tilbúna máltíðir dýrum dómi. Var því kærkomin sú þjónusta er mötuneytið í Hafnarbúðum bauð upp á en verði máltíða var haldið í algeru lágmarki (Georg H. Tryggvason, 1974, bls. 194-195; Rauði kross Íslands, 1993, bls. 6-7).

Fjöldi þeirra máltíða sem útbúna voru í Hafnarbúðum var oft um 600 á dag en auk þeirra er snæddu í Hafnarbúðum var sendur matur til sjálfboðaliða sem unnu við móttöku búslóða vítt og breitt um borgina. Þrír nemendur Hótel- og veitingaskólans sáu um rekstur mötuneytis í Þorlákshöfn þegar mesta umferðin var þar vegna ferða til og frá Vestmannaeyjum, en biðin eftir skipunum gat oft orðið löng. Þar að auki störfuðu nokkrir nemendur skólans við mötuneytið sem starfrækt var fyrir björgunarmennina á Heimaey (Georg H. Tryggvason, 1974, bls. 195).

Til að byrja með voru framreiddar tvær heitar máltíðir á dag og þess á milli var á boðstólnum kaffi, brauð og kökur. Sökum þess að aðstaðan var endurgjaldslaus, öll vinnan var gefin og sú staðreynd að mötuneytinu barst mikið magn af rausnarlegum matargjöfum var unnt að halda verði máltíðanna í algjöru lágmarki. Til að mynda kom forstjóri O. Johnson & Kaaber til Rauða krossins eftir að mötuneytið tók til starfa og bauð tveggja milljón króna úttekt á öllum vörum fyrirtækisins og margar slíkar sögur eru til af góðvild landsmanna í garð flóttafólksins frá Eyjum. Var því hægt að fá heita máltíð á 30–50 krónur og kaffi ásamt brauði á tíu krónur á verðlagi þess tíma. Þó kom að því að ráða varð launað fólk til starfa og hækkaði verðið því við það en hélst þó ávallt töluvert undir verðlagi annarra matstaða (Georg H. Tryggvason, 1974, bls. 195; Rauði kross Íslands, 1993, bls. 8).

Mötuneytið í Hafnarbúðum varð strax mjög mikilvægur mótsstaður fyrir Vestmannaeyinga á fastalandinu. Þarna var komið upp útvarpi og sjónvarpi, en ekki höfðu allir aðgang að því á nýjum dvalarstöðum sínum fyrst um sinn. Mötuneytið varð því nokkurskonar félagsmiðstöð Eyjamanna þar sem hægt var að koma og leita sér upplýsinga, hitta kunnugleg andlit og vini og leita huggunar hjá hvoru öðru (Rauði kross Íslands, 1993, bls. 6). Smám saman dró þó úr aðsókn í heita matinn og umsvifin minnkuðu en mötuneytið var þó áfram mikilvægur mótsstaður fyrir Eyjamenn þar sem þeir gátu sest niður og rabbað saman yfir kaffibolla. Í mars var svo hætt að selja heitan mat á kvöldin og á sunnudögum og í júní var einungis orðið hægt að kaupa heitan mat í hádeginu virka daga auk þess sem opið var fyrir kaffisölu frá klukkan níu til fimm (Georg H. Tryggvason, 1974, bls. 195-196).

#### 4.4 *Húsnæðismál Vestmannaeyinga á meginlandinu*

Eitt mikilvægasta verkefni fólksflutninganna frá Vestmannaeyjum var líklega útvegum húsnæðis fyrir þann fjölda fólks sem skyndilega hafði ekki í nein hús að venda. Að morgni þriðjudagsins 23. janúar voru tæplega 5000 Vestmannaeyingar komnir á fastalandið, um 2,5% þjóðarinnar, og því mikið og vandasamt verk að útvega þeim, sem ekki náðu sér í íbúð á eigin spýtur, samastað og heimili. Það þykir þó merkilegt hversu margir Eyjamenn höfðu fengið inni á einkaheimilum strax fyrsta daginn því einungis þurfti að útvega gistingu fyrir um 70 manns sem ekki höfðu fengið dvalarstað, og var því bjargað með gistingu á hótelum. Sú staðreynd að hægt var að koma svo mörgum fyrir á einkaheimilum á örfáum klukkustundum vakti athygli víða um heim (Georg H. Tryggvason, 1974, bls. 196; Guðjón Ármann Eyjólfsson, 1973, bls. 318).

Einn mikilvægasti þátturinn í lausn húsnæðisvanda Vestmannaeyinga fyrstu vikunnar var sá velvilji og samkennd er mætti Eyjamönnum af hálfu íbúa á meginlandinu. En það voru ekki einungis Reykvíkingar sem reyndu að aðstoða við að leysa vandann því nokkur sveitarfélög lögðu fram aðstoð með því að stofna fyrirgreiðsluskrifstofur á sínum vegum fyrir Vestmannaeyinga og ráða þangað fólk til starfa. Þar komu meðal annars við sögu Þorlákshöfn, Grindavík, Akureyri, og Keflavík, en þau tvö síðastnefndu ráku viðamiklar atvinnu- og húsnæðismiðlanir sem sendu allar sínar upplýsingar reglulega til húsnæðismiðlunarinnar í Tollhúsinu (Georg H. Tryggvason, 1974, bls. 197).

Eftir því sem tíminn leið fór þó að bera á alvarlegum vandamálum vegna húsnæðismála. Í flestum tilfellum höfðu Vestmannaeyingar einungis fengið inni á nýjum

dvalarstöðum til bráðabirgða og gekk erfiðlega fyrir þá að fá varanlegt húsnæði. Þeir dreifðust því um landið og dæmi voru um að fjölskyldur tvístruðust. Húsnæðismálin voru eitt stærsta verkefnið, mjög erfitt viðfangs og þokaðist hægt. Sumstaðar þar sem ættingjar og vinir höfðu tekið fjölskyldur inn á heimili sín fór að bera á erfiðleikum í sambúðinni, og oft reyndist það Eyjamönnum, sem voru yfirleitt velmegandi fólk, mjög erfitt að þurfa skyndilega að þiggja allt frá öðrum. Þegar á leið fór einnig að bera á öðrum félagslegum erfiðleikum, börnin þurftu að fara að komast í skóla, bátarnir að fá aðstöðu í öðrum höfnum auk þess sem Vestmannaeyingar þurftu nú að venjast ókunnugu umhverfi, finna sér nýja vinnu, láta sér nægja minna húsnæði ásamt ýmsum öðrum vanda sem blasti við fólkinu (Árni Gunnarsson, 1973, bls. 66-68; Guðjón Ármann Eyjólfsson, 1973, bls. 317).

Húsnæðismiðlun tók til starfa í Hafnarbúðum um leið og starfsemin þar hófst þann 25. janúar og skilaði hún góðum árangri. Til að byrja með voru starfsmenn hennar einungis þrír sjálfboðaliðar frá Rauða krossinum en innan tíðar var fjöldi starfsmanna kominn upp í tólf. Ljóst var að útvega yrði Eyjafólkinu betra húsnæði og rigndi tilboðum inn á borð hjá húsnæðismiðlun, boðin voru afnot af einstaklingsherbergjum, íbúðum, sumarústöðum og allt upp í heilu sumardvalarheimilin. Til að mynda bauð Alþýðusambandið fram Ölfusborgir en þar hafði strax þann 28. janúar um 280 manns verið komið fyrir varanlega og í Þorlákshöfn var komið fyrir bráðabirgðahúsum sem flutt höfðu verið frá Búrfellsvirkjun. Fyrstu vikunar var mikil hreyfing á Vestmannaeyingum sem fluttu úr einu bráðabirgðahúsnæði í annað. Algengt var að fólk skipti tvisvar og sumir jafnvel þrisvar um húsnæði þennan vetur og þegar engin lausn var í boði fyrir fólk þurfti að koma því fyrir í hóteltgistingu. Starfsfólk húsnæðismiðlunarinnar vann til að byrja með á 10–12 tíma vöktum við að stuðla að lausnum á húsnæðisvanda Vestmannaeyinga og vann þar mikið starf er það tengdi saman framboð og eftirspurn (Georg H. Tryggvason, 1974, bls. 197-198; Guðjón Ármann Eyjólfsson, 1973, bls. 317; Rauði kross Íslands, 1993, bls. 6).

Fljótlega fór að þrengja að miðluninni í Hafnarbúðum sökum aukinna umsvifa og flutti húsnæðismiðlunin þann 9. febrúar 1973 í óinnréttað húsnæði tollstjórans í Reykjavík, Tollstöðina að Tryggvagötu 19, sem tollstjórinn hafði boðið þeim afnot af. Á þeim tíma tók bæjarstjórn Vestmannaeyja alfarið við húsnæðismiðluninni og sjálfboðaliðar Rauða krossins luku störfum sínum þar. Engar skrár eru til um starfsemi miðlunarinnar í Hafnarbúðum en eftir að flutt var í Tollstöðina var skipulagi komið á alla starfsemina og hún skráð niður og unnin í tölvukerfi sem IBM-fyrirtækið útvegaði. Þegar húsnæðismiðlun flutti í Tollstöðina lágu fyrir beiðnir 305 barnafjölskyldna, 2–12 manna, með ófullnægjandi lausnir (Georg H. Tryggvason, 1974, bls. 197).

Þegar starfsemi húsnæðismiðlunarinnar var flutt í Tollstöðina var vinnumiðlunin einnig flutt þangað auk þess sem fengin var aðild ríkisbankanna þriggja sem sendu nokkra reynda bankamenn til starfa í Tollstöðinni. Þeirra verk var að stuðla að skammtímabankalánum húsráðenda til að koma í stand húsnæði sem var í byggingu og taka átti í notkun með stuttum fyrirvara. Voru þessi lán þó einungis veitt með því skilyrði að húsnæðið yrði leigt Vestmannaeyingum en nokkuð varanleg lausn á húsnæðismálum um 50 fjölskyldna fékkst með þessum lánum, sem námu tæpum 15 milljónum. Þrátt fyrir þetta reyndist Vestmannaeyingum sjálfum erfitt og nánast ókleift að fá lán til að tryggja sér húsnæði. Ef menn vildu til að mynda reyna að bjarga sér sjálfir og byggja eða innrétta íbúðir voru allar dyr lokaðar einstaklingum og olli þetta fyrirkomulag því nokkrum deilum. Húsnæðismiðlun hafði í júlí 1973 haft milligöngu um útvegum á um 720 íbúðum til Vestmannaeyinga, þó voru mörg dæmi þess að sömu íbúar komu oftar en einu sinni og því í afar mörgum tilfellum aðeins verið um tímabundnar lausnir að ræða (Georg H. Tryggvason, 1974, bls. 197-198; Guðjón Ármann Eyjólfsson, 1973, bls. 318).

Þegar leið á veturinn varð Húseigendafélag Vestmannaeyja málsvari og talsmaður þeirra Eyjamanna sem ekki voru sammála stefnu húsnæðismiðlunarinnar í málefnum Eyjabúa og var þess krafist að leitað yrði lausna á húsnæðisvandnum af fullum þunga. Viðlagasjóður tók svo fljótlega frumkvæðið í húsnæðismálum Vestmannaeyinga og var farið að kanna þörfina fyrir innflutt húsnæði sem höfðu boðist Eyjamönnum. Eftir tvær kannanir var ljóst að tæplega 900 umsóknir bárust um húsin en nánar verður fjallað um hin svokölluðu Viðlagasjóðshús hér á eftir (Guðjón Ármann Eyjólfsson, 1973, bls. 318-319; Rauði kross Íslands, 1993, bls. 9).

#### 4.5 *Viðlagasjóðshúsin*

Eftir að Viðlagasjóður tók frumkvæði í húsnæðismálum Vestmannaeyinga á fastalandinu fóru varanlegar lausnir að verða að veruleika en úr þeim málum rættist þó fyrst til frambúðar er líða tók á sumarið og hin svokölluðu Viðlagasjóðshús fóru að koma til landsins. Frá fyrstu vikum gossins hafði sú umræða verið í gangi að kaupa tilbúin hús að utan og flytja til landsins fyrir Eyjamenn. Fór fjögurra manna sendinefnd á vegum Vestmannaeyjanefndar, sem var forveri Viðlagasjóðs, til Norðurlandanna að skoða tilbúin timburhús til kaupa og innflutnings. Í mars, eftir að Viðlagasjóður hafði verið stofnaður, en nánar verður sagt frá því síðar, lögðu nefndarmennirnir fram skýrslu um ferð sína á fundi með sjóðnum og var nefndinni falið að hefja undirbúning að samningum um kaup á

tilbúnum húsum. Strax í lok febrúar hafði á sjötta hundrað Vestmannaeyinga þegar sótt um að fá að búa í Viðlagasjóðshúsi og áður en yfir lauk höfðu tæplega 900 fjölskyldur, af þeim 1350 sem urðu að flýja heimili sín á Heimaey, sótt um húsnæði á vegum Viðlagasjóðs á 30 stöðum á landinu. Einnig reyndu margir þéttbýliskjarnar á landinu að fá Viðlagasjóðshús, bæði af vilja til að rétta fram hjálparhönd en einnig var hagur fyrir sveitarfélög að fá Vestmannaeyingana til sín, því alls staðar vantaði fólk í vinnu auk þess sem vitað var að veittar yrðu fyrirgreiðslur þar sem Eyjamenn settu sig niður. Jafnframt sóttust útgerðarbærir eftir að fá í sín pláss Vestmannaeyinga með útgerðir. Þegar tæpir tveir mánuðir voru liðnir frá upptökum gossins skrifaði Viðlagasjóður loks undir samning um kaup á fyrstu 200 innfluttu íbúðarhúsunum frá Noregi. Var hér stigið fyrsta skrefið í átt að varanlegri lausn á húsnæðisvanda Eyjamanna sem höfðu á þessum tíma verið á vergangi í rúman mánuð. Hófust nú einar umfangsmestu byggingaframkvæmdir sem einn aðili hafði staðið að á þeim tíma (Árni Johnsen, 1973, bls. 92; 118; Guðjón Ármann Eyjólfsson, 1973, bls. 338; Haraldur Guðnason, 1982, bls. 154).

Viðlagasjóður festi kaup á 479 tilbúnum húsum frá Norðurlöndunum, auk þess sem hann keypti nokkur gömul hús og lét byggja önnur vítt og breitt um landið, eitt í Borgarnesi, tvö á Stykkishólmi, eitt á Hvammstanga, eitt á Skagaströnd, eitt á Ólafsfirði og eina íbúð á Húsavík. Nýju innfluttu húsunum var svo komið fyrir þar sem flestir Vestmannaeyingar höfðu sest að og var skiptingin þannig:

Akranes	10	(Trysil, norsk)
Akureyri	10	(Conta, dönsk)
Neskaupstaður	8	(Aneby, norsk)
Höfn	20	(Aneby, norsk)
Hvolsvöllur	5	(Moelven, norsk)
Hella	5	(Moelven, norsk)
Selfoss	60	(Moelven, norsk)
Stokkseyri	12	(Moelven, norsk)
Eyrbakki	12	(Moelven, norsk)
Hveragerði	10	(Oresjö-Wallit, sænsk)
Þorlákshöfn	40	(Oresjö-Wallit, sænsk)
Grindavík	42	(Oresjö-Wallit, sænsk)
Sandgerði	10	(Trysil, norsk)
Gerðar	15	(G. Block-Wathne, norsk)
Keflavík	55	(G. Block-Wathne, norsk)
Hafnarfjörður	10	(Conta, dönsk)
Garðabær	30	(Enso-Gutzeit, finnsk)
Kópavogur	52	(G. Block-Wathne, norsk)
Reykjavík	40	(BPA, sænsk)
Mosfellssveit	33	(Enso-Gutzeit, finnsk)
Samtals	479	

(Bragi Björnsson, 1977, bls. 14-15).



Viðlagasjóður sá einnig um ráðstöfun þriggja gjafahúsa í Garðabæ ásamt því að kaupa þar tvö hús af Þjóðkirkju Íslands. Sjóðurinn sá auk þess um uppsetningu tíu húsa frá Kanada, fimm þeirra voru reist í Hafnarfirði og hin fimm á Akureyri. Jafnframt voru sett upp 60 bráðabirgðahús (Teleskóp, sænsk) í Hveragerði sem sjóðurinn festi kaup á, en eftir að gosi lauk og uppbygging hófst í Eyjum voru bráðabirgðahúsin 60 flutt til Vestmannaeyja. Samtals sá Viðlagasjóður um að koma upp 554 húsum um land allt, 494 varanlegum og 60 bráðabirgðahúsum (Bragi Björnsson, 1977, bls. 15; Haraldur Guðnason, 1982, bls. 162).

Viðlagasjóðshúsin voru til að byrja með leigð út til Vestmannaeyinga og var leiguverð mishátt eftir staðsetningu húsanna. Dýrast var að leigja húsin sem komið var upp í Reykjavík en svo fór leigan lækkandi eftir því sem farið var fjær höfuðborginni. Í júlímánuði 1973 hafði ríflega helmingur Eyjamanna á meginlandinu fengið varanlegt, viðunandi húsnæði og átti þá enn eftir að reisa stóran hluta Viðlagasjóðshúsanna. Er líða fór á haustið var lokið við að koma öllum húsunum upp og í nóvember hafði Viðlagasjóður reist fyrir Vestmannaeyinga tilbúin timburhús víðs vegar um landið að verðmæti 1150 milljónir króna (Árni Johnsen, 1973, bls. 150; 176; Þorleifur Einarsson, 1974, bls. 52). Eftir að stjórnvöld höfðu gefið Vestmannaeyingum leyfi til flutninga aftur til Eyja fór Viðlagasjóður að bjóða leigjendum Viðlagasjóðshúsanna þau til sölu. Vitað er til þess að margir sem höfðu komið sér vel fyrir á nýjum stað, og höfðu jafnvel misst allt sitt í eldsumbrotunum, festu fegins hendi kaup á sínu húsi og hófu nýtt líf á nýjum stað. Búa einhverjir enn þann dag í dag, 38 árum síðar, á sama stað líkt og einn viðmælenda höfundar í eigindlegri rannsókn síðar í verkefninu (Viðtal höfundar við E, 18. apríl 2011). Árið 1977 höfðu allar eignir Viðlagasjóðs verið seldar nema tvö hús á Selfossi, eða alls um 637 eignir séu meðtaldar þær sem sjóðurinn festi kaup á í Vestmannaeyjum eftir gos, bæði vegna umhverfisástæðna og þau sem grafín höfðu verið úr gjalli og reyndust viðgerðarhæf (Bragi Björnsson, 1977, bls. 16).

#### 4.6 *Flutningur búslóða og annarra verðmæta*

Eftir að fólksflutningunum lauk frá Vestmannaeyjum aðfaranótt 23. janúar 1973 var strax hafist handa við björgun verðmæta. Talið var að um 40–50 íbúðarhús á austurhluta eyjunnar væru í beinni hættu strax á fyrsta gosdegi og því ljóst að mikil verðmæti voru í húfi. Vestmannaeyingar höfðu gengið út úr húsum sínum nóttina áður nánast allslausir og því var aleigan enn í híbýlum þeirra. Einnig voru verðmæti í frystihúsunum, mikið var af fullnum fiski, tilbúnum til útflutnings og var verðmæti hans yfir 200 milljónir króna og

voru því strax gerðar ráðstafanir til að bjarga þessum afurðum. En einhverra hluta vegna virtist björgun verðmæta úr íbúðarhúsum hafa setið á hakanum fyrst um sinn. Fóru því menn sem áttu húseignir næst gossprungunni, og flúið höfðu á fastalandið með fjölskyldur sínar, að leita leiða til að komast aftur út í Eyjar sem fyrst til að bjarga því sem bjargað varð. En þá hafði Viðlagasjóður ekki verið stofnaður og tjón af völdum náttúruhamfara voru undanskilin bótum Brunabótafélags Íslands (Guðjón Ármann Eyjólfsson, 1973, bls. 258-259).

Mikil ásókn var því í að komast út til Eyja en Almannavarnaráð setti sérstakar reglur um ferðir fólks þangað sem vöktu mikla óánægju. Sú sveit manna sem hafði orðið eftir í Eyjum um gosnóttina voru í raun ennþá að reyna að átta sig á aðstæðum og því ekkert skipulagt starf hafði við björgun búslóða heldur einungis hugað að afurðum frystihúsanna og þess konar verðmætum. Að kvöldi fyrsta gosdagsins fóru flutningaskipin Hofsjökull og Hekla til Vestmannaeyja, annað til að ferja bílafloata Eyjamanna og hitt til að lesta frosinn fisk. Fengu nokkrir Eyjamenn, eftir nokkurt þvarg, leyfi skipstjórans á Heklu til að fara með þeim út í Eyjar til að bjarga búslóðum sínum og voru þeir margir hverjir með tóma poka til að sækja barnaföt, sængurföt og fleiri nauðsynjar en þeir áttu svo að fara aftur með skipinu til baka fjórum tímum síðar. Margir úr röðum þessara manna áttu þó eftir að skipa sér fremst í flokk þeirra sjálfboðaliða sem unnu mikilvæg björgunarstörf í Vestmannaeyjum þessa fyrstu daga gossins. Það voru því fyrst um sinn heimamenn sem tóku sig saman um björgun verðmæta úr þeim húsum er stóðu næst eldstöðinni, án alls skipulags og hófst þá kapphlaup við tímann þar sem hraunflaumurinn nálgadist austustu byggðina óðfluga. Þegar menn áttuðu sig betur á aðstæðum fór Almannavarnaráð að veita sérstök ferðaleyfi til Vestmannaeyja fyrir þá sem þangað vildu fara en útgáfa þessara ferðaleyfa átti eftir að verða eitt verst þokkaða og vandasamasta verkefni starfsfólksins í Hafnarbúðum (Árni Johnsen, 1973, bls. 39-42; Guðjón Ármann Eyjólfsson, 1973, bls. 258-259).

Einkabílar Eyjamanna höfðu um gosnóttina verið skildir eftir þvers og kruss á bryggjunum og því mikið verk framundan við að ferja þá til lands áður en þeir yrðu fyrir frekari skemmdum af völdum ösku og áður en vindátt breyttist og gjalli tæki að rigna yfir þá. Alls voru um 800 bílar fluttir til lands í fyrstu fimm ferðum flutningaskipanna, en vörubifreiðar voru allar eftir til notkunar í Vestmannaeyjum, bæði við búslóðaflutninga og síðar til hreinsunar. Talið er að verðmæti fólksbílafloata Eyjamanna hafi verið um 240 milljónir króna (Bragi Björnsson, 1977, bls. 29; Guðjón Ármann Eyjólfsson, 1973, bls. 236).

Eftir að hafist var handa við björgun búslóða voru þær fyrst um sinn fluttar í geymslur vítt og breitt um Heimaey, en fljótlega komst á skipulagt björgunarstarf á eyjunni og var þá farið með allar búslóðir í Barnaskólann þar sem þær voru merktar og geymdar fyrst um sinn. En er líða tók á fyrsta dag gossins og bátarnir fóru að streyma aftur til Eyja var ákveðið að flytja búslóðirnar til meginlandsins og jukust því búslóðaflutningarnir er leið á daginn og sjómenn bættust í hóp björgunarmanna. Hafa þurfti hraðann á í austustu húsunum en ekki náðist að bjarga innbúi einhverra þeirra húsa og misstu því sumir Eyjamenn aleiguna á fyrstu dögum gossins. En ef tími gafst til var allt hreinsað út úr austustu húsunum, húsöggn, heimilistæki, fatnaður, leikföng og í sumum tilfellum jafnvel hurðir, innréttingar og ofnar. Oft skemmdust húsmunir í flutningunum, því fyrstu dagana var búslóðunum komið fyrir í neti sem híft var um borð í skipin og fór það af augljósum ástæðum ekki vel með húsmunina, en meðferð búslóða batnaði til muna síðar er gámar komu til sögunnar (Árni Johnsen, 1973, bls. 50-51; Guðjón Ármann Eyjólfsson, 1973, bls. 264; 269).

Óskilamunum var safnað saman í Hafnarbúðir, munir sem höfðu orðið eftir í bátum, flugvélum og skólum eftir fyrsta sólarhringinn og voru tveir starfsmenn skipaðir til að hafa umsjón með þeim, merkja, skrásetja, varðveita og afhenda. Fljótlega fóru óskilamunirnir að hlaðast upp og var deildin flutt í kjallara Hafnarbúða þar sem var allnokkurt rými. Þegar farið var að flytja búslóðirnar til lands annaðist óskilamunadeildin þær og má segja að þá hafi í raun hafist nýr kafli þessarar starfsemi (Georg H. Tryggvason, 1974, bls. 184).

Ekki voru þó enn hafnir skipulagðir búslóðaflutningar þrátt fyrir að allir kraftar björgunarsveitanna í Vestmannaeyjum beindust að björgun búslóða sem taldar voru í hættu og voru skip því að koma með búslóðir á meginlandið á öllum tímum sólarhrings til Þorlákshafnar, Keflavíkur og Reykjavíkur. Fjölga þurfti starfsmönnum deildarinnar, skipuleggja vaktir, útvega bifreiðir fyrir flutning frá höfnunum og að lokum geymsluhúsnæði. Það var því ljóst að mikinn fjölda sjálfboðaliða þurfti í þetta verkefni. Auglýst var eftir sjálfboðaliðum og eftir bifreiðum til aðstoðar og ekki stóð á viðbrögðunum, fjöldi sjálfboðaliða gáfu sig fram, einstaklingar, félagasamtök og skólafólk. Þá sendu sendibíla- og vörubílastöðvar atvinnubílstjóra til hjálpar en auk þess buðu fram bílakost sinn einstaklingar og fyrirtæki. Einnig voru dæmi þess að skólar yrðu óstarfhæfir um tíma sökum fjölda nemenda sem stunduðu sjálfboðastarf og tveimur skólum var einfaldlega lokað í nokkra daga af þeim sökum (Georg H. Tryggvason, 1974, bls. 184-185).

Einnig þurfti að útvega húsnæði fyrir búslóðirnar en eftir fyrstu tvo til þrjá dagana var orðið yfirfullt í því geymslurými sem var í boði og því þörf á fleiri plássum. Að lokum hafði verið notast við geymslupláss í vöruskemmum á Reykjavíkflugvelli og Sundahöfn, í geymslum í Fellaskóla, Keflavík, Grindavík og víðar, Vélsmiðjunni Héðni, í byggingu Strætisvagna Reykjavíkur við Kirkjusand og víðar. Auk þess bárust boð um minni geymslupláss sem boðin voru einstaklingum fyrir þeirra búslóðir, til dæmis bílskúrar og geymslur, og létti það töluvert álagið á stóru móttökustöðvunum (Georg H. Tryggvason, 1974, bls. 185).

Enn fjölgaði í starfsliði flutningadeildarinnar og var nú orðið ansi þröngt um hana í kjallara Hafnarbúða. Var hún því flutt í salinn á fyrstu hæð þar sem hún deildi plássi með húsnæðis- og atvinnumiðlunum, en fékk svo allan salinn til afnota þegar þær fluttu í Tollstöðina þann 9. febrúar 1973 (Georg H. Tryggvason, 1974, bls. 186-187).

Í byrjun febrúar, þegar flutningaskipin höfðu að mestu lokið flutningum á bílum og þess háttar varningi, var ákveðið að nýta þau til búslóðaflutninga. Var á þeim tíma komið gott skipulag á björgunarstörfum á Heimaey og því kominn grundvöllur fyrir skipulögðum flutningum og geymslu búslóðanna í stórum stíl. Auk þess var þá orðið ljóst að dvöl Vestmannaeyinga á fastalandinu yrði lengri en vonast hafði verið til í upphafi. Var því strax ráðist í það verkefni að útvega gáma. Eimskipafélag Íslands, Skipaútgerð ríkisins og varnarliðið á Keflavíkflugvelli lánuðu alla gáma sem þau máttu missa, en það dugði ekki til og hélt því gámaleitin áfram. Á endanum var ekki fleiri gáma að fá en þá voru komnir á fjórða hundrað gámar í notkun við flutningana. Ákveðið var að beina þessum flutningum um Þorlákshöfn og því þurfti að koma á skipulögðu starfi og nauðsynlegum tækjum þar fyrir upp- og útskipun. Eins þurfti að skipuleggja flutning gámanna til og frá Reykjavík og jafnframt að útbúa aðstöðu fyrir viðtöku þeirra í Reykjavík, en mikilvægt var að losa gámana samstundis svo þeir kæmust strax aftur til Vestmannaeyja (Georg H. Tryggvason, 1974, bls. 187-188).

Mikil vinna var því í Þorlákshöfn og oftast unnið allan sólarhringinn til að byrja með, en talið er að þar hafi verið um 20–30 manns við vinnu þegar mest var. Stanslausir gámaflutningar voru á milli Þorlákshafnar og Reykjavíkur og voru oftast um það bil 45 flutningabílar í þeim störfum, þar af um 20 stórir flutningabílar, sumir hverjir með aftanívagna, en tvöfaldar vaktir fylgdu þessum bílaflota sem skiptu með sér sólarhringnum. Aðalmóttökustöð gámanna var vörugeymsla Eimskips í Sundahöfn en þangað var komið með búslóðirnar frá Þorlákshöfn, gámunum fylgdu skrár um eigendur innihaldsins og var hringt í þá og þeir beðnir að ná í eigur sínar sem fyrst. Flestir gátu orðið við þeirri bón en

þær búslóðir sem ekki voru sóttar eftir tvo til þrjá daga voru fluttar í önnur geymslurými á vegum flutningadeildarinnar til að varna því að vörugeymslan við Sundahöfn fylltist. Við móttöku gámana og flutning búslóðanna störfuðu allt að 120 manns á vöktum og því ljóst að hátt í 300 manns unnu við flutningadeildina á meginlandinu er mest var. Og þá er ótalinn hlutur fraktflugsins og flugvéla varnarliðsins, sem flugu ótal ferðir með búslóðir til Reykjavíkur (Georg H. Tryggvason, 1974, bls. 188-190).

Með þessum hætti var búslóðum ríflega 1300 heimila í Vestmannaeyjum bjargað, þeim pakkað saman og fluttar til eigenda sinna á meginlandinu sem voru í óða önn að reyna að koma sér fyrir á nýjum dvalarstöðum. Enginn gat sagt til um hversu lengi sú dvöl kæmi til með að standa, né heldur hvort búslóðirnar og eigendur þeirra myndu nokkurn tímann halda aftur til Eyja í sín gömlu híbýli.

#### 4.7 *Atvinnumál*

Mikil eftirspurn var á vinnumarkaðnum um allt land, sér í lagi á Suðurlandi og Suðurnesjum, en lítið framboð vinnuafis og því varð fljótlega ljóst að auðvelt yrði fyrir Eyjamenn á meginlandinu að fá atvinnu og allflestir sem vildu vinna og höfðu tækifæri til þess fengu vinnu (Árni Johnsen, 1973, bls. 39). Vestmannaeyingar höfðu alltaf lagt drjúgan skerf til þjóðarbúsins með fiskveiðum og -vinnslu og í raun verið stærsta verstöð landsins síðan vélbátaöldin hófst í byrjun 20. aldar og staðið í „fremstu víglínu í sókn íslensku þjóðarinnar til betra lífs og bættra lífskjara“ (Árni Johnsen, 1973, bls. 80). Mikil óvissa var því með útgerð Vestmannaeyjabátanna og loðnuvertíð framundan. En strax á öðrum degi gossins hóf Björn Guðmundsson, formaður útvegsbænda, og aðrir forsvarsmenn útvegsbænda í Vestmannaeyjum að gera ráðstafanir og með miklu snarræði var gengið svo frá málum að tekið yrði á móti öllum aflu Eyjabátanna á meginlandinu. Þannig var unnið saman að lausn þessara mála og bjarga þjóðarbúinu frá því efnahagslega tjóni sem hefði hlotist ef floti Vestmannaeyja yrði úr leik. Útgerð og sjómenn bjuggu því báta sína á vertíð og auk þess fengu margir Vestmannaeyingar vinnu við framleiðslustörf í verstöðvum sunnan- og suðvestanlands þar sem mikla vinnu var að hafa sökum þess aflu er bættist við frá Eyjaflotanum (Árni Johnsen, 1973, bls. 39; Guðjón Ármann Eyjólfsson, 1973, bls. 286).

Ekki höfðu þó allir Vestmannaeyingar atvinnu af sjávarútveginum og var atvinnumiðlun komið á fót í Tollstöðinni í byrjun febrúar til að koma til móts við það fólk. Atvinnutilboð fóru þó að streyma inn í Hafnarbúðir um leið og sú starfsemi hófst í janúar,

frá hinum ýmsu aðilum sem vildu fá Eyjamenn til starfa. Hins vegar var framan af lítið framboð Vestmannaeyinga í atvinnuleit á meginlandinu, enda flestir uppteknir á öðrum sviðum eða jafnvel komnir í sjálfböðavinnu í Hafnarbúðum og á fleiri stöðum. En í kringum mánaðamótin janúar–febrúar fór að bera á fyrirspurnum Vestmannaeyinga um atvinnu og kom sér þá vel að þau tilboð sem bárust Hafnarbúðum áður en atvinnumiðlun tók til starfa voru haganlega skráð niður á spjöld og því hægt að bera saman atvinnutilboð og eftirspurn. Atvinnumiðlunin hafði, þann tíma sem hún starfaði í Tollstöðinni, milligöngu um útvegum atvinnu fyrir um 200 manns (Árni Johnsen, 1973, bls. 39).

#### 4.8 Skólamál

Í öllu því raski sem Vestmannaeyingar urðu fyrir voru áhrifin líklega hvað mest á viðkvæmar barnssálir. Leikfélagar og vinir tvístruðust í allar áttir og börn á skólaaldri urðu mörg hver að skipta um skóla tvisvar til þrisvar sinnum þennan vetur. Fljótlega í febrúar var barna- og gagnfræðaskólanemendum bent á að skrá sig í þá skóla er voru í umdæmi dvalarstaða þeirra, en nemendur úr Vestmannaeyjum voru nú á 36 stöðum á landinu. Gagnfræðaskóli Vestmannaeyja tók svo til starfa þann 10. febrúar í Laugalækjarskóla. Þá fékk Stýrimannaskóli Vestmannaeyja aðstöðu í Stýrimannaskólanum í Reykjavík, Vélskóli Vestmannaeyja sem var deild úr Vélskóla Íslands rann inn í þann skóla og Iðnskólinn í Vestmannaeyjum fékk inni í Iðnskólanum í Reykjavík (Guðjón Ármann Eyjólfsson, 1973, bls. 319; Haraldur Guðnason, 1982, bls. 154).

Skólamál Eyjamanna voru því að komast í lag er líða fór á febrúarmánuð en alls voru þetta um 1100 nemendur sem veita þurfti skyndilega skólavist á meginlandinu. Yngstu nemendunum var dreift á skóla eftir búsetu. En á höfuðborgarsvæðinu var ákveðið að reyna að halda saman tveimur elstu árgöngum barnaskólans og var þeim ætlað pláss í Langholts- og Laugarnesskóla en eins og áður segir var nemendum Gagnfræðaskólans, alls um 264 nemendur, komið í Laugalækjarskóla. Að þessum miklu skipulagsmálum vann Eyjólfur Pálsson, skólastjóri Gagnfræðaskólans í Vestmannaeyjum ásamt kennurum úr Eyjum og menntamálaráðuneytinu auk Fræðsluskrifstofu Reykjavíkur (Árni Johnsen, 1973, bls. 85).

Í byrjun febrúar var opnuð barnagæsla í Neskirkju í Reykjavík fyrir leikskólabörn úr Vestmannaeyjum sem Karl Sigurbjörnsson, tilvonandi prestur í Vestmannaeyjum og núverandi biskup, veitti forstöðu ásamt Eyjafólki. Síðar var einnig opnað barnaheimili að Silungapólli, rétt fyrir utan Reykjavík, og eins í Riftúni í Ölfusi. Barnaheimilið að

Silungapólli var þó aðeins til ráðstöfunar fyrir Vestmannaeyinga til 15. maí 1973 og samþykkti bæjarráð Vestmannaeyja á fundi sínum þann 4. maí 1973 að leigja Heyrnleysingjaskólann við Stakkholt í samvinnu við Rauða kross Íslands og Hjálparstofnun kirkjunnar. Skyldi húsnæðið notað sem barnaheimili en einnig til að bæta aðstöðu eldra fólks og til annarra félagslegra nota (Árni Johnsen, 1973, bls. 84; Þorsteinn Þ. Víglundsson, 1973, bls. 235; Bæjarráð Vestmannaeyja, 4. maí 1973).

Fulltrúar bæjarstjórnar Vestmannaeyja, Rauði krossinn og Hjálparstofnun kirkjunnar stofnuðu samstarfsnefnd sumarið 1973, sem kölluð var Vesthjálp, en nefndin naut aðstoðar verkfræðiskrifstofu Hagverks. Kveikjan að þessu samstarfi var rausnarleg peningagjöf frá Norðmönnum, alls um 90 milljónir íslenskra króna, sem afhent hafði verið þessum aðilum sameiginlega og sá nefndin um að athuga og undirbúa hvernig fénu yrði best ráðstafað. Nefndin kannaði þann möguleika að koma upp barnaheimilum á þeim svæðum þar sem flestir Vestmannaeyingar höfðu sest að því að enn var óvissa með framhald byggðarinnar í Vestmannaeyjum. Fór svo að komið var upp barnaheimili í Breiðholti, Völvuborg, í samvinnu við Reykjavíkurborg og einnig hafði Rauði krossinn átt þátt í viðtöku barnaheimilis sem komið var upp í Keflavík fyrir gjafafé frá Svíþjóð. Ekki var þó farið í frekari byggingar á meginlandinu þar sem Vestmannaeyingar fóru að flytja aftur til Eyja um haustið og því ákveðið að verja gjafafénu til uppbyggingar þar (Þorsteinn Þ. Víglundsson, 1976, bls. 181-182).

#### 4.9 *Noregsferðin*

Norðmenn reyndust Vestmannaeyingum vel eftir að eldsumbrotin hófust og var fjárhagsaðstoð þeirra og annarra mjög mikil eins og nánar verður fjallað um síðar. Norðmenn létu þó ekki þar við sitja og ákváðu að leggja sitt af mörkum við að létta lund skólabarna úr Eyjum og ákvað Norsk Islandsk Samband, í samvinnu við Rauða kross Noregs og Íslendingafélagið í Osló, að bjóða öllum vestmannaeyiskum skólabornum, 8–16 ára, til 14 daga sumardvalar í Noregi og yrði allur ferða- og dvalarkostnaður greiddur af fyrrnefndum aðilum. Fór svo að lokum að ákveðið var að bjóða einnig eldra fólkinu og voru því um 1000 Vestmannaeyingar sem þáðu þetta rausnarlega boð Norðmanna og nutu gestrisni þeirra sumarið 1973 (Rauði kross Íslands, 1993, bls. 21-22).

#### 4.10 *Elliheimili og sjúkrahús*

Eins og sagt er frá í kaflanum um fólksflutningana um gosnóttina fengu eldri borgarar og sjúklingar forgang í ferðir flugleiðina til Reykjavíkur. Á sjúkrahúsinu höfðu verið 32 sjúklingar og 22 vistmenn á elliheimilinu auk fjölda sjúkra og aldraðra í heimahúsum í bænum. Er komið var á Reykjavíkurflugvöll tóku sjálfboðaliðar Rauða krossins á móti þeim og skráðu þá líkt og gert var við alla Eyjamenn sem komu til Reykjavíkur þessa nótt og samkvæmt skráningum Rauða krossins voru 339 manns fluttir á sjúkrahús og elliheimili við komuna til meginlandsins. Sjúkrahúsin í Reykjavík rýmdu til og voru sjúklingar af Sjúkrahúsi Vestmannaeyja lagðir inn á Landakotsspítala, Landspítalann og Borgarsjúkrahúsið sem þá hét. Gamla fólkinu af elliheimilinu Skálholti í Vestmannaeyjum var komið fyrir á elliheimilinu Grund þar sem það fékk góða aðhlyningu. Augljóslega varð því þörf fyrir aukastarfslið á þessar stofnanir og voru því ræstar út aukavaktir auk þess sem sjálfboðaliðar tóku til starfa á sjúkrahúsunum (Guðjón Ármann Eyjólfsson, 1973, bls. 233-234; Rauði kross Íslands, 1993, bls. 2-3).

En eins og með aðra Vestmannaeyinga voru þetta einungis bráðabirgðaráðstafanir og því þurfti að vinna að því að finna varanlega lausn, aðallega fyrir eldri borgarana. Í apríl 1973 samþykktu bæjarstjórn Vestmannaeyja, Viðlagasjóður og Rauði krossinn að leigja aðra og þriðju hæð hússins að Síðumúla 21 í Reykjavík og innrétta þar 18 íbúðir fyrir aldraða Vestmannaeyinga. Voru íbúðirnar tilbúnar í desember 1973. Einnig hafði Rauði krossinn keypt fokhelda 13 íbúða blokk við Brekkulæk í Reykjavík sem hann fól bæjarstjórn Vestmannaeyja umsjón með og voru þær íbúðir tilbúnar í janúar 1974 og fékk aldrað fólk einnig leigt í þeim. Þá hafði Magnús H. Magnússon, bæjarstjóri Vestmannaeyja, upplýst í ágúst 1973 að sumardvalarheimilið að Sogni í Ölfusi stæði til boða sem dvalarheimili fyrir aldraða veturinn 1973–1974 (Bæjarráð Vestmannaeyja, 16. apríl 1973; Bæjarráð Vestmannaeyja, 9. ágúst 1973; Rauði kross Íslands, 1993, bls. 12-13). Má því segja að vel hafi verið hugsað um hag sjúkra og aldraðra í því mikla umróti sem Eyjabúar gengu í gegnum.

#### 4.11 *Hvernig gekk að aðlagast*

Bjarni Sighvatsson, björgunarsveitarmaður frá Vestmannaeyjum, hafði verið við björgunarstörf á Heimaey frá upphafi gossins og líkir hann ástandinu þar við stríð og björgunarmönnum við hermenn á vígvelli. Allir voru uppteknir við vinnu, við vatnsöflun, hraunkælingu, slökkvistörf, viðgerðir, björgun verðmæta og fleira, stanslaus



vinna og fengu menn litla sem enga hvíld. Hann segir þetta meðal annars vera ástæðu þess að þeir sem voru við björgunarstörf í Vestmannaeyjum urðu ekki jafn varir við þau vandamál er þjökuðu þá Eyjamenn sem þá voru á meginlandinu. Eitt sinn er hann átti sólarhringsfrí frá björgunarstörfunum á Heimaey fór hann til Reykjavíkur og niður í Hafnarbúðir þar sem Vestmannaeyingar söfnuðust saman. Í viðtali við Óttar Sveinsson lýsir Bjarni því hversu sleginn hann varð við þá sýn sem þar blasti við honum:

Ég sá fólk standa úti í hornum og ræða vandann sem að steðjaði, sá jafnvel fullorðið fólk gráta. Það var á götunni og hafði ekkert húsaskjól á höfuðborgarsvæðinu. Það voru óendanleg vandamál sem þurfti að leysa, að finna húsaskjól, vinnu, framfærslu og hafa uppi á fólki. Ég fann það mjög glögg hvað fólk átti í miklum erfiðleikum. Þarna skynjaði ég allt aðra hlið á eldgosinu, mannlega þáttinn, hinar raunverulegu afleiðingar – hina hliðina á stríðinu (Óttar Sveinsson, 2008, bls. 153).

Eyjamenn á fastalandinu vörðu flest öllum frístundum sínum fyrstu vikur og mánuði eftir að gos hófst út og suður um suðvesturhorn landsins. Þeir þurftu að safna saman búslóðum sínum, í vöruskemmum á Reykjavíkurflugvelli og við Sundahöfn, geymslum í Fellaskóla, Grindavík, Keflavík og víðar. Mikill tími fór í biðraðir við húsnæðismiðlun, atvinnumiðlun og aðrar deildir í Hafnarbúðum. Fólk þurfti að hringja út um allt og spyrjast fyrir um húsnæði, skoða íbúðir og flytja. En er frá leið fóru Eyjamenn að fá varanlegt húsnæði vítt og breitt um landið og líf þeirra fór að fara í fastar skorður. Lítil Eyjasamfélög mynduðust í helstu þéttbýliskjörnum Suðurlands og á Suðurnesjunum og voru stofnuð átthagafélög á Selfossi, Hveragerði og í Keflavík, og hét félag Eyjamanna fyrir austan fjall til að mynda Heimþrá (Guðjón Ármann Eyjólfsson, 1973, bls. 317-318).

#### 4.12 *Eyjapistill*

Eyjapistill, sérstakur útvarpsþáttur fyrir Vestmannaeyinga, hóf göngu sína í Ríkisútvarpinu 7. febrúar 1973. Aðdragandi hans var sá að útvarpsmenn vildu gera sitt til að halda Eyjamönnum saman og voru bræðurnir og Eyjapeyjarnir Arnþór og Gísli Helgasynir fengnir til að sjá um þáttinn auk þess sem Gunnar Sigurmundsson sá um efnisöflun. Þátturinn vakti mikla athygli og notaði fólk pistlana til að auglýsa eftir týndum munum og til að komast í samband við ættingja og vini, einnig var sagt frá samkomum Vestmannaeyinga á fastalandinu, fluttar fréttir frá Eyjum og send óskalög svo eitthvað sé nefnt. Voru Vestmannaeyingar hvattir til að senda inn efni, meðal annars í liðinn „hvar ert þú – hér er ég“. Fljótlega komst ákveðið form á Eyjapistilinn og hin endalaus leit

Eyjafólks að svörtum plastpokum með eigum sínum er eflaust mörgum landsmönnum minnisstæð.

Eyjapistillinn var allflestum Vestmannaeyingum kær og einhvers konar sameiningartákn þar sem þeir sátu við útvarpstækin, á víð og dreif um landið, og hlustuðu á tilkynningar og kveðjur Vestmannaeyinga. Eyjapistill var upphaflega fluttur alla daga vikunnar að loknum síðari kvöldfréttum klukkan 22.15 og stóð í um 15 mínútur. Í júní var þátturinn sendur út sex daga vikunnar en þá var frí á mánudögum. Þann 1. október 1973 var þátturinn á dagskrá tvisvar í viku og frá febrúar 1974 og þar til síðasti þátturinn var fluttur, þann 25. mars 1974, var hann einungis á dagskrá einu sinni í viku (Gísli Helgason, e.d.).

## 5. Viðlagasjóður, safnanir og styrkir

### 5.1 Lög um neyðarráðstafanir vegna jarðeldanna í Vestmannaeyjum

Alþingi kom saman að morgni 25. janúar árið 1973 og þá fundaði ríkisstjórnin um náttúruhamfarirnar á Heimaey og þau vandamál er þeim fylgdu. Hófst þegar í stað vinna við að gera hinar ýmsu ráðstafanir. Innan Alþingis var rætt um áhrif eldgossins á hag þjóðarbúsins og sagði Eysteinn Jónsson, þáverandi þingmaður Framsóknarflokksins og fyrsti flutningsmaður frumvarps um neyðarráðstafananevnd vegna eldgossins á Heimaey, í flutningsræðu sinni í neðri deild Alþingis í febrúar 1973 meðal annars:

Þetta áfall er mikið, ekki aðeins fyrir það fólk, sem orðið hefur að hrekjast frá öllu sínu — að við enn trúum fastlega — um stundarsakir, heldur einnig fyrir alla íslenzku þjóðina. Vestmannaeyjar hafa um langa hríð verið ein styrkasta stoð íslenzks þjóðarbúskapar og þeirra lífskjara, sem við höfum búið við og búum við, — ekki aðeins Vestmanneyingar, heldur við öll. Vestmannaeyjar hafa ekki aðeins verið framleiðslustöð Vestmanneyinga sjálfra, heldur einnig þjónustustöð fyrir drjúgan hluta íslenzka fiskiskipaflotans vetur, sumar, vor og haust, eins og mál hafa þróast undanfarið. Þessi þáttur kemur víðar inn í þjóðartekjurnar en menn átta sig á í fljótu bragði.

Vestmannaeyjar hafa orðið smátt og smátt eins konar móðurskip fyrir æðimikinn hluta íslenzka flotans og það miðja vegu á fengsælustu fiskimiðum landsmanna. Þessi stórkostlegu fiskimið, sem eru ein aðalundirstaða íslenzks þjóðarbúskapar og ég segi enn: þeirra lífskjara, sem við njótum öll, verða ekki hagnýtt í þeim mæli, sem þjóðin þarfnast, ef það völduga móðurskip hverfur af miðunum.

Það er brýn þjóðarnauðsyn og í okkar eigin þágu allra að standa fast með því kjarkmikla og dugmikla fólk, sem byggt hefur Vestmannaeyjar, bera með því byrðarnar, bjarga því, sem bjargað verður, og bæta það, sem brestur í hamförunum. Vestmannaeyjakaupstað verður að reisa við, svo að Vestmannaeyjar geti á ný orðið sú máttarstöð, sem þær hafa verið í okkar þjóðarbúi (Eysteinn Jónsson, 1973a).

Til að byrja með greindi þingmenn nokkuð á um ráðstafanir og úrræði til handa Vestmannaeyingum en þann 29. janúar 1973 var kosin nefnd alþingismanna, svokölluð neyðarráðstafananevnd vegna eldgossins, skipuð sjö mönnum úr öllum flokkum þingsins. Starf hennar var að leggja fram tillögur til lausnar vandanum. Jafnframt samþykkti Alþingi að sá efnahagsvandi sem hlytist af völdum eldsumbrotanna yrði aðgreindur frá öðrum þrengingum þjóðarbúsins og Heimaeyjargosinu yrði því ekki blandað inn í efnahagspólitík landsins (Guðjón Ármann Eyjólfsson, 1973, bls. 327-328).

Neyðarráðstafananevndin starfaði undir forystu Eysteins Jónssonar og rúmri viku eftir að hún hóf störf, eða þann 7. febrúar 1973, lagði hún fram tillögu til þingsályktunar

um neyðarráðstafanir vegna jarðelda á Heimaey. Kom þar fram að stofna skyldi Viðlagasjóð og var kveðið á um öflun tveggja milljarða króna, einkum með því að leggja sérstakt gjald ofan á ýmsa skattstofna. Frumvarpið var svo samþykkt einróma og undirritað sem lög um neyðarráðstafanir vegna jarðelda á Heimaey nr. 4/1973. Fyrsta greinin segir til um tilgang laganna: „Í lögum þessum er mælt fyrir um sameiginlegt átak íslensku þjóðarinnar til þess að veita Vestmannaeyingum stuðning vegna eldgossins á Heimaey og draga úr þeim búsigjum, sem jarðeldarnir valda þeim og þjóðinni í heild“ (Lög um neyðarráðstafanir vegna jarðelda á Heimaey nr. 4/1973). Lögin má sjá í heild sinni í viðauka I en helst ber þó að nefna að í 2. grein laganna segir að stofna skuli Viðlagasjóð vegna hamfaranna á Heimaey. Í 3. grein er hlutverk Viðlagasjóðs tilgreint og 4. greinin segir til um að allt styrktarfé og gjafafé, sem ekki var beint til sérstakra aðila, skuli renna í Viðlagasjóð. Auk þess segir í 5. grein um Viðlagasjóð að náíð samstarf skuli ætíð vera með bæjarstjórn Vestmannaeyja og annarra aðila er komu að málefnum Vestmannaeyinga (Guðjón Ármann Eyjólfsson, 1973, bls. 335).

## 5.2 *Viðlagasjóður*

Viðlagasjóður var sem fyrr segir stofnaður þann 7. febrúar 1973 og var stjórn hans skipuð þeim Helga Bergs bankastjóra, sem jafnframt var formaður, Bergi Sigurbjörnssyni hjá Framkvæmdastofnun Íslands, Guðlaugi Gíslasyni, alþingismanni Vestmannaeyinga, Gísla Gíslasyni, stórkaupmanni úr Vestmannaeyjum, Garðari Sigurðssyni, alþingismanni Vestmannaeyinga, Vilhjálmi Jónssyni, forstjóra Olíufélags Íslands og Tómasi Þorvaldssyni, framkvæmdastjóra Sölusambands íslenskra fiskframleiðenda. Viðlagasjóður var framkvæmdaðili að öllum björgunar- og varnaraðgerðum í Vestmannaeyjum. Á meðal verkefna sjóðsins voru flutningar búslóða, véla og tækja frá Eyjum, starfsemi Almannavarnaráðs, starfsemi Vestmannaeyjakaupstaðar og ýmis útgjöld og kostnaður á hans vegum, aukakostnaður útgerða við að flytja fiskiflota Eyjamanna í aðrar verbúðir, hreinsun bæjarins, lagfæring á skemmdum á húseignum og að bæta eigendum þeirra tjón. Sjóðurinn greiddi einnig ýmsar skuldbindingar húseigenda svo sem afborganir og vexti, ásamt því að bætur voru greiddar fyrir skemmdar og glataðar búslóðir auk tekjumissis. Er þetta þó aðeins lítið brot af þeim verkefnum sem Viðlagasjóður þurfti að leysa vegna eldsumbrotanna á Heimaey (Árni Johnsen, 1973, bls. 92; Guðjón Ármann Eyjólfsson, 1973, bls. 335-336).

Ákveðið var að Ríkissjóður og Atvinnuleysistryggingasjóður legðu báðir til 160 milljónir króna í tekjur Viðlagasjóðs auk þess sem viðlagagjald var lagt tímabundið á söluskattstofn, aðstöðugjaldstofn, eignaskatt og tekjur við útsvarsálagningu og álag á landsútsvar til þess að ná fram þeim tveimur milljörðum sem taldir voru nauðsynlegir til að sjóðurinn gæti sinnt hlutverki sínu. En þar til sjóðnum færu að berast tekjur var stjórn hans heimilað að taka bráðabirgðalán til að sinna nauðsynlegum greiðslum (Guðjón Ármann Eyjólfsson, 1973, bls. 337).

Á vetrarmánuðunum beindist starf Viðlagasjóðs að mestu leyti að aðgerðum í Vestmannaeyjum og fannst mörgum að brýnna væri að beina spjótum sjóðsins af meiri krafti að þeim vandræðum sem Vestmannaeyingar á fastalandinu glímdu við frekar en að einblína á erfitt stríð við náttúruna. Umdeildasta verkefni Viðlagasjóðs voru þó þær hraunvarnir sem gripið var til á gostímanum, en strax fyrstu dagana var farið að verja mannvirki fyrir tjóni af völdum öskufalls og skömmu síðar var farið að huga að því með hvaða hætti mætti verja bæinn, þó einkum höfnina fyrir hraunrennsli. Var helst deilt um aðgerðir til varnar hraunrennslinu, bæði byggingu varnargarða og eins hina tilraunakenndu hraunkælingu. Kostnaður við hraunvarnir nam um 142 milljónum króna, það er dæling, vinnulaun, akstur, tækjaleiga, vegagerð og greiðsla til dæluskipsins Sandeyjar. Auk þess nam kostnaður við eldvarnir, þakmokstur, styrkingu þaka, byrgingu glugga, miðstöðvareftirlit og viðgerðir á miðstöðvarkerfum um 155 milljónum króna (Bragi Björnsson, 1977, bls. 27-28; Guðjón Ármann Eyjólfsson, 1973, bls. 317).

Viðlagasjóður gaf út loforð í byrjun starfsemi sinnar þess efnis að allar skemmdir af völdum gossins yrðu bættar, en þó yrðu engar greiðslur vegna ónýtra eða horfinna húsa greiddar út fyrr en í fyrsta lagi haustið 1973. Að margra mati hafði ríkisstjórnin upphaflega lofað aðeins upp í ermina á sér. Vestmannaeyingar, sem þurftu að útvega sér húsnæði á meginlandinu fengu engar fyrirgreiðslur og voru því margir í heldur erfiðri stöðu. Hluti Eyjamanna átti til dæmis enga peninga fyrstu daga gossins og urðu því að taka lán til að greiða háa húsaleigu fyrirfram auk þess sem dæmi voru um að leigan í Reykjavík og nágrenni hækkaði verulega. Hin skjóta fjárhagsaðstoð Rauða Kross Íslands var þá ómetanleg og hjálpaði mikið en nánar verður fjallað um hana hér á eftir (Árni Johnsen, 1973, bls. 150; Guðjón Ármann Eyjólfsson, 1973, bls. 317; Rauði kross Íslands, 1993, bls. 19).

Ákveðið hafði verið að greiðsla bóta fyrir horfin og ónýt hús skyldi afgreidd í fjórum áföngum, sú fyrsta þann 20. október 1973. Húseigendur fengu húsnæði sitt bætt samkvæmt brunabótamati hússins sem olli þó nokkurri óánægju þar sem brunabótamat

sambærilegra húsa var oft á tíðum mjög misjafnt. Að gosi loknu var ljóst að tæp 40% af húsum bæjarins höfðu eyðilagst, alls um 400 hús. Þar af fóru um 225 undir hraun en önnur grófust í vikur eða urðu eldi að bráð. Samanlagt tjón samkvæmt brunabótamati þessara eigna var um 1200 milljónir króna en einnig voru keypt nokkur hús á bótaverði af umhverfisástæðum. Viðlagasjóður sá einnig um bætur vegna glataðra búslóða og vegna skemmda á innanstokksmunum og bílum, en sömu sögu var að segja þar og vegna brunabótamats húsnæðis að einhverrar óánægju gætti vegna mats þessara hluta (Árni Johnsen, 1973, bls. 150; Bragi Björnsson, 1977, bls. 43; Guðjón Ármann Eyjólfsson, 1973, bls. 338).

Verkefni Viðlagasjóðs þessa fyrstu mánuði ársins voru umfangsmikil og erfitt að henda reiður á þeim öllum. Mörg hver voru umdeild því að margra mati átti stjórn á málum Eyjamanna að vera í höndum bæjarstjórnarinnar en ekki Viðlagasjóðs, sem samkvæmt skilgreiningu átti að vera fjármálastofnun frekar en framkvæmdaaðili. Á haustmánuðum 1973, þegar fyrstu stóru bótagreiðslur sjóðsins fóru fram, átti hann orðið 3.660 milljónir króna, en þar munaði mest um rausnarleg framlög Norðurlandþjóðanna sem bárust Viðlagasjóði, alls um 1500 milljónir, en auk þess höfðu sjóðnum borist 160 milljónir króna annars staðar frá. Á sama tíma höfðu önnur útgjöld Viðlagasjóðs verið mest vegna kaupa hans á tilbúnum húsum að utan, eða um 1131 milljón og voru þá komin til landsins 550 svokölluð Viðlagasjóðshús. Önnur útgjöld sjóðsins á fyrstu mánuðum gossins höfðu að mestu verið vegna verkefna á Heimaey og hafði sú upphæð náð 596 milljónum króna í október 1973 (Guðjón Ármann Eyjólfsson, 1973, bls. 337-338).

Bæjarstjórn Vestmannaeyja tók við yfirstjórn allra mála á Heimaey 1. október 1973 og lauk störfum Viðlagasjóðs formlega með skýrslu sem Bragi Björnsson (1977) tók saman um störf hans.

### 5.3 *Safnanir og styrkir*

Vestmannaeyingar nutu mikillar samúðar víða um heim vegna eldgossins og hófust þegar umfangsmiklar fjársafnanir bæði hér heima og erlendis. Var því fjármagni beint til fjögurra aðila: Viðlagasjóðs, Rauða Kross Íslands, Hjálparstofnunar kirkjunnar og bæjarsjóðs Vestmannaeyja. Innanlands tóku einstaklingar, félagasamtök, fyrirtæki, útgerðir og samtök sveitarfélaga þátt í að veita fyrirgreiðslur til aðstoðar Vestmannaeyingum, hvort sem var í fjárframlögum, dagsverkum, aflahlutum eða með öðrum hætti. Norðurlandþjóðirnar létu ekki sitt eftir liggja og komu til að mynda 30 milljónir króna frá Færeyingum sem þá voru

innan við 40.000 manns. Þingfulltrúar Norðurlandaráðs samþykktu að leggja fram um 100 milljónir danskra króna í Viðlagasjóð, sem jafngilti þá um 1500 milljónum íslenskra króna og var því afar rausnarleg gjöf. Auk þess voru almennar fjársafnanir um öll Norðurlöndin og þar ber helst að nefna sérstakan fjáröflunarþátt sem sýndur var í norsku sjónvarpi, en þar söfnuðust á einni kvöldstund um fimm milljónir norskra króna, jafnvirði um 75 milljóna íslenskra króna á þeim tíma. Einnig sendu mæðgurnar Margrét II Danadrottning og Ingiríður ekkjudrottning sérstök fjárframlög til Íslands og svo mætti lengi telja (Guðjón Ármann Eyjólfsson, 1973, bls. 327-330). Voru þessi viðbrögð erlendra þjóða mjög mikilvæg fyrir Vestmannaeyinga í þeim raunum sem þeir stóðu frammi fyrir og lögðu sitt af mörkum í að aðstoða þá við að endurheimta lífsstarf sitt og standa á eigin fótum á ný (Guðjón Ármann Eyjólfsson, 1973, bls. 328).

#### 5.4 *Rauði kross Íslands*

Fyrir stofnun Viðlagasjóðs hafði ríkisstjórn Íslands skipað nefnd til að vinna að málefnum Vestmannaeyinga. Sú nefnd var skipuð þremur ráðuneytisstjórum, sem störfuðu í samvinnu við Rauða kross Íslands, auk þess sem ríkisstjórnin skipaði svokallaða Vestmannaeyjanefnd sem starfaði fram að stofnun Viðlagasjóðs. Nefnd ráðuneytisstjórnanna hafði óskað eftir því að Rauði krossinn hæfi þegar í stað fjárhagsaðstoð til þeirra sem á þurftu að halda og hefði auk þess forgöngu um það mál. Eftir að gosið hófst bárust því tilmæli frá ríkisstjórninni þess efnis að öll framlög til hjálparstarfsins skyldu renna til Rauða krossins og síðar einnig til Hjálparstofnunar kirkjunnar. Seinnipart fimmtudags 25. janúar 1973 var hafist handa við úthlutun fjárframlaga, en ljóst var að mikil þörf var á því að hefja útborganir strax þar sem flestir Vestmannaeyingar höfðu farið í miklum flýti og voru því peningalausir. Gaf þessi skjóta úthlutun fjárframlaga því mörgum mannum von og sjálfstæði í þessum ólgusjó sem Eyjabúar voru nú lentir í. Rauði krossinn annaðist útborganir fjárframlaga til laugardagsins 3. febrúar 1973, en beiðnir voru afgreiddar með viðtölum við fulltrúa frá Rauða krossinum og bæjarstjórn Vestmannaeyja. Fyrstu átta dagana borgaði Rauði krossinn Vestmannaeyingum um 17,8 milljónir króna af söfnunarfé í tæplega 1700 framlögum. Auk þess sem systrafélag Rauða krossins, Alfa, útvegaði fólki fatnað þessa fyrstu daga hjálparstarfsins. Eftir þessa fyrstu lotu útborgana Rauða krossins tók við framfærslunefnd á vegum bæjarstjórnar Vestmannaeyja (Rauði kross Íslands, 1993, bls. 5-6).

Starf Rauða kross Íslands og sjálfboðaliða hans á gostímanum var mjög mikilvægt, en verkefni Rauða krossins í tengslum við eldgosið í Vestmannaeyjum lauk þó ekki fyrr en í árslok 1976 þegar lokauppgjör hans við bæjarfélagið var samþykkt. Hafði starf Rauða krossins við fyrstu hjálp og félagslega uppbyggingu Vestmannaeyinga þá staðið í tæp fjögur ár (Rauði kross Íslands, 1993, bls. 32-35). Rauða krossi Íslands bárust á gostímanum miklir fjármunir sem honum var treyst til að nota til hjálpar Vestmannaeyingum en hann hafði sem fyrr segir haft forystu og náð góðum tókum á ástandinu í upphafi gossins. Skrifstofa Rauða krossins sá um margvísleg verkefni á fyrstu vikum gossins, meðal annars móttöku framlaga, útborgun reikninga, samskipti við erlenda og innlenda aðila og margt fleira. Auk þess starfrækti Rauði krossinn Ráðleggingarstöð í Heilsuverndarstöðinni frá 2. febrúar, en þar voru læknar, félagsráðgjafar, lögfræðingar og endurskoðendur til viðtals fyrir Vestmannaeyinga daglega frá klukkan 17 til 20 (Rauði kross Íslands, 1993, bls. 1-10).

Rauði krossinn fékk sem fyrr segir rausnarleg peningaframlög sem honum var trúað fyrir til ýmissa félagslegra lausna fyrir Vestmannaeyinga og má sjá lista yfir stærstu framlögin sem Rauða krossinum hafði borist þann 1. maí 1973 í viðauka II. Eins má sjá í viðauka III bráðabirgðauppgjör sem Rauði krossinn gerði í árslok 1974 en þar er yfirlit yfir hina margvíslegu aðstoð sem Rauði krossinn veitti, meðal annars rekstur barnaheimila, elliheimila og tómstundaheimilis fyrir unglinga, ferðakostnaður vegna Noregsferðar skólabarna, rekstur mótuneyta og fleira. Einnig má sjá í viðauka III yfirlit yfir fjárfestingar Rauða krossins en hann sá um fjármögnun nokkurra húsa á höfuðborgarsvæðinu á gostímanum, auk þess sem hann sá um að reisa bæði nýtt barnaheimili og elliheimili í Vestmannaeyjum eftir gos (Rauði kross Íslands, 1993, bls. 10-19).

Rauða krossi Íslands bárust á fyrstu átta mánuðum ársins 1973 nálægt 150 milljónum króna sem komu víðs vegar að úr heiminum, meðal annars frá Norðurlöndunum, Evrópu og Ameríku. Aðeins hluti þess fjár sem Rauða krossinum barst fór í fyrstu hjálp, meirihlutinn fór í uppbyggingu Vestmannaeyja og til lausnar á félagslegum vanda Eyjamanna, bæði í Eyjum og á meginlandinu. Enn er þar ótalið það mikilvæga starf sem sjálfboðaliðar Rauða krossins inntu af hendi á þessum tíma (Guðjón Ármann Eyjólfsson, 1973, bls. 331-332; Rauði kross Íslands, 1993, bls. 1).



## 6. Uppbygging Heimaeyjar

### 6.1 Hreinsunarstarf og uppgræðsla

Tjón af völdum eldgossins varð mikið en þó mun minna en búast hefði mátt við. Þar kom tvennt til: Veður var mjög hagstætt framan af gosinu og eins tókst að draga mjög úr eyðileggingunni með ýmiss konar björgunaraðgerðum. Til dæmis var vikri rutt af húspökum, svo þau hryndu ekki, og gluggar byrgðir til að varna því að glóandi hraunmolar kveiktu í húsum. Því má segja að hreinsunarstarfið hafi hafist strax á fyrstu dögum gossins og þann 1. febrúar 1973, níu dögum eftir að eldgosid hófst, var vinnu við að byrgja glugga húsa sem sneru að gosstöðvunum lokið og undirbúningur að hreinsun vikurs af götum bæjarins hófst. Verkfræðingur var ráðinn til aðstoðar sem ráðgjafi við vikurhreinsunina og vildi hann strax fá 1000 menn til Vestmannaeyja í það eitt að moka af húspökum, en sú bón var ekki samþykkt af þeim sem stjórnðu ferðum til Eyja. Björgunarmenn voru því of fáir og verkefnið risavaxið, því hrundu mörg húspök undan þunga vikursins áður en tókst að létta á þeim. En jafnframt því að vikri var mokað af húspökum var unnið að því að styrkja þau sem viðkvæmust voru með því að koma fyrir sperrum inni í húsunum (Bragi Björnsson, 1977, bls. 3). Fyrstu daga björgunarstarfsins var skipulag lítið og vinnutími langur, en 2. febrúar var komið á aukið skipulag og unnu til að mynda rúmlega 300 menn við þakmokstur þann dag (Árni Johnsen, 1973, bls. 84).

Einn af stærstu útgjaldaliðum Viðlagasjóðs var vegna hreinsunar gosefna og við uppgræðslu lands í Vestmannaeyjum en það starf var í höndum stjórnar sjóðsins. Í byrjun febrúar var hafist handa við að hreinsa gjall af götum og athafnasvæðum kaupstaðarins. Til að byrja með var notast við þau tæki og bíla er fyrir voru í Eyjum, en seinna þegar hafin var skipulögð hreinsun, bættust við leigutæki ofan af landi. Einnig keypti Viðlagasjóður nokkur stórvirk tæki til þess að halda tækjatöxtum niðri (Bragi Björnsson, 1977, bls. 32).

Þann 5. maí 1973 samþykkti Viðlagasjóður að bæta enn í hreinsunarstarfið og var ákveðið að unnið skyldi á tíu tíma vöktum og áætlað að hreinsunarstarfi yrði lokið fyrir áramót. Á þeim tíma voru um 226 manns skráðir í Vestmannaeyjum. Nákvæmlega mánuði síðar tilkynnti Almannavarnanefnd að íbúar sem átt höfðu lögheimili í Vestmannaeyjum er eldgos hófst mættu fara þangað frjálssir ferða sinna, en áður hafði þurft að fá visst ferðaleyfi til að komast til Eyja. Fóru þá margir Vestmannaeyingar heim um helgar og í fríum og hjálpuðu til við hreinsun bæjarins. Áfram var unnið á vöktum eftir að gosinu var formlega lýst lokið en þá af enn meiri krafti og unnu þá um sumarið um 500 manns á sólarhringsvöktum, þar á meðal var fjöldi erlendra sjálfbóðaliða sem unnu meðal annars

við hreinsun kirkjugarðsins. Í október hafði þegar verið fjarlægð rúmlega ein milljón rúmmetra af vikri (Árni Johnsen, 1973, bls. 158-160; Elín Pálmadóttir, 1998, bls. 10; Haraldur Guðnason, 1982, bls. 162).

Það hraun sem fjarlægt var í hreinsuninni var notað til uppfyllingar við hafnarbætur og til styrkingar á Eiðinu. Vikurinn var meðal annars notaður til uppfyllingar og vegagerðar í nýju íbúðarhúsahverfi sem skipulagt hafði verið vestanvert á Heimaey, en þar átti að byggja 700 íbúðir og í það verkefni fór um ein milljón rúmmetra af vikri. Vikur var einnig nýttur til endurbóta og stækkunar flugbrauta og fóru í það verkefni um ½ milljón rúmmetra. Einnig var eitthvað af efni geymt í dæld í nýja hrauninu til seinni tíma en samtals voru um 2,3 milljónir rúmmetra af gosefnum fjarlægð í hreinsunarstarfinu (Árni Johnsen, 1973, bls. 175; Bragi Björnsson, 1977, bls. 33).

Hreinsun íbúða- og athafnasvæða bæjarins gekk vel en fljótlega varð þó ljóst að ekki dugði að hreinsa einungis í kaupstaðnum því varla mátti hreyfa vind án þess að vikur bærisk inn á hreinsuð svæði og í vit manna og hóbýli. Olli það óumflýjanlega miklum óþægindum auk þess sem grófur vikurinn mattaði gler og rúður, skóf málningu af húsum og bifreiðum og olli því umtalsverðu tjóni. Sama hversu mikið var hreinsað og hversu oft hlutir voru endurnýjaðir þá fór allt í sama horf eftir vindasama daga á eyjunni. Voru því góð ráð dýr og hætt við að, ef ekki yrði gert stóratök í hreinsunarmálum og eins í landgræðslu, kæmi til fólksflóttu frá Vestmannaeyjum og jafnvel landauðnar. Væri þá fyrir bí sú mikla vinna og allur kostnaðurinn sem búið var að leggja í til björgunar Heimaeyjar undanfarna mánuði (Bragi Björnsson, 1977, bls. 32-33).

Hófst því baráttan við uppgræðslu hins nýja Eldfells. Gripið var til ýmissa ráða í þeim efnum, meðal annars var sprautað sellulósa á vikurinn til bindingar sem þó virkaði aðeins í bleytu, þá var ákveðið að dreifa mold yfir verstu svæðin, um 20–30 sentimetrum, og var sáð í moldina yfir 120 tonnum af grasfræi og áburði. Einnig var ráðist í að leggja trönur austan megin í nýja fellið til að binda niður fokið. Allar þessar aðgerðir skiluðu sínu og þrátt fyrir að hafa verið mjög kostnaðarsamar, en Viðlagasjóður greiddi samtals um 626,6 milljónir króna vegna hreinsunar og ræktunar á Heimaey, þá er samdóma álit að verkið hafi verið vel unnið og skynsamlega og að þessum fjármunum hafi verið vel varið (Árni Johnsen, 1973, bls. 176; Bragi Björnsson, 1977, bls. 36; Elín Pálmadóttir, 1998, bls. 10).

## 6.2 *Hvenær fór fólk að flytjast aftur til Vestmannaeyja?*

Um það leyti sem Almannafræðingafélagið opnaði Heimaey á ný fyrir Vestmannaeyingum fóru íbúar að flytjast til baka og í júlí 1973 voru um 20 fjölskyldur fluttar heim. Þó voru vandamálin enn mörg, fjöldi húsa var ennþá óíbúðarhæfur og þrátt fyrir að fólk hafi viljað flytja aftur heim þá var það ekki í boði fyrir alla. Um 250 hús voru ekki vind- og vatnsheld og um 400 hús þurftu mikilla viðgerða við, bæta þurfti rafmagn og vatnslagnir, ásamt því að hitakerfi voru í ólagi. Viðlagasjóðshúsin höfðu verið reist á meginlandinu fyrir Vestmannaeyinga þegar neyðin var mest, en eftir goslok stóð á ýmsu í uppbyggingu á Heimaey. Ekki var hægt að flytja innfluttu húsin til Vestmannaeyja fyrir þá sem ekki höfðu þar lengur í nein hús að venda, utan þeirra 60 bráðabirgðahúsa sem reist höfðu verið í Hveragerði. Voru því margir Vestmannaeyingar sem enn voru jafnvel á hrakhólum í húsnæðismálum á meginlandinu og vildu flytja heim, en gátu það ekki sökum skorts á húsnæði (Árni Johnsen, 1973, bls. 187; Haraldur Guðnason, 1982, bls. 11).

Þessi mál fóru þó að leysast er nær dró hausti og Vestmannaeyingar á fastalandinu tóku ákvörðun um hvort flytja skyldi aftur. Því fóru fljótlega að bætast við hús á söluskrár og framboð húsnæðis jókst á ný fyrir það fólk sem stefndi heim á ný. Jókst flutningur fjölskyldna heim því strax í ágústmánuði og voru bæjarbúar orðnir um 1200 í september. Þann 8. nóvember 1973 voru íbúar Heimaeyjar orðnir 1655 og um áramótin voru yfir 2000 manns fluttir aftur til Eyja (Haraldur Guðnason, 1982, bls. 160-164).

Þann 1. október 1973 tók Vestmannaeyjabær aftur við yfirstjórn kaupstaðarins og annarri starfsemi sem Viðlagasjóður hafði annast á gostímanum. Við þessa breytingu var hætt við að mikill samdráttur yrði í verklegum framkvæmdum í Vestmannaeyjum og að ekki yrði næga atvinnu að fá í Eyjum. Var hætt við að þessi breyting myndi jafnvel leiða til fólksflóttu frá Eyjum á ný, þar sem þægilegri skilyrði yrði að finna á fastalandinu. Til að hamla við þessum viðbrögðum og eins til að stuðla að frekari flutningum fólks til Eyja á ný var í lok september 1973 ákveðið að greiða staðaruppbót til þess fólks sem komið var til baka:

Staðaruppbótin greiðist öllum sem uppfylla öll eftirtalin skilyrði:

1. Eru fullra 18 ára
2. Voru búsettir í Vestmannaeyjum 22. janúar 1973 og hafa flutt þangað aftur búferlum samkvæmt vottorði bæjaryfirvalda
3. Ganga ekki störfum utan Vestmannaeyja

Staðaruppbótin nemur:

Frá 1. október – 8. desember (10 vikur) 2000 kr. á viku

Frá 9. desember – 2. febrúar (8 vikur) 1200 kr. á viku

Frá 3. febrúar – 16. mars (6 vikur) 600 kr. á viku

(Bragi Björnsson, 1977, bls. 37-38).

Líkt og sjá má á mikilli aukningu íbúafjölda frá því í september 1973 og fram til áramóta er talið að staðaruppbotin hafi komið að því gagni sem ætlast var til og hafi haft heilladrjúg áhrif (Bragi Björnsson, 1977, bls. 38).

Mörgum spurningum var þó ósvarað þegar fólk fór að taka ákvarðanir um búsetu eftir gos. Yrði kennsla í skólum bæjarins? Hvernig var með atvinnu og fyrirtæki? Hvernig yrði með grunnþjónustu?

### 6.3 *Bæjarfélagið færir í eðlilegt horf og hjól atvinnulífsins fara að snúast*

Uppbygging atvinnulífsins á Heimaey var gífurlegt átak og fullyrðir Páll Zóphaníasson bæjartæknifræðingur í viðtali árið 1998 að „Vestmannaeyjar hafi verið settar 10 ár aftur á bak við gosið, miðað við þróunina fyrir gos“ (Elín Pálmadóttir, 1998, bls. 11). Fjögur stór frystihús voru í Eyjum fyrir gos og fór eitt þeirra undir hraun, sjávarútvegsfyrirtækin fluttu því aftur út í Eyjar þegar búið var að tengja ferskvatnsleiðslu sem fór í sundur á gostímanum og hófst starfsemi þessara máttarstólpa samfélagsins á ný veturinn eftir gos og náðist því full vertíð árið 1974 (Elín Pálmadóttir, 1998, bls. 11).

Hafist var handa strax um sumarið 1973 að kanna hvort grundvöllur væri fyrir því að hefja kennslu í skólum Vestmannaeyjabæjar þá um haustið. Í byrjun ágúst var ljóst að allavega 138 nemendur á barna- og gagnfræðaskólaaldri yrðu við nám í Eyjum og þann 20. september var Barnaskólinn settur og þá voru 186 nemendur innritaðir, um miðjan október hafði þeim fjölgað í 251 og um áramót voru um 300 nemendur í honum. Sömuleiðis var ákveðið að hefja á ný starfsemi Gagnfræðaskólans, og hann settur 2. október, svo og Iðnskólans sem settur var átta dögum síðar (Haraldur Guðnason, 1982, bls. 164).

Einnig var ákveðið að byggja upp allar þjónustustofnanir á Heimaey eftir gos. Framkvæmdum var framhaldið við byggingu hins nýja Sjúkrahúss Vestmannaeyja, sem slapp í gosinu þó töluverðar skemmdir yrðu á húsinu sökum vikurs, en tæplega 600 tonnum af vikri var rutt af flötu þaki hússins á gostímanum. Vestmannaeyjakaupstaður hóf starfsemi sína í Ráðhúsi bæjarins, sem flutti í húsnæði gamla spítalans. Í október var opnuð lyfjabúð, handvirk símstöð með 340 númerum og svo mætti áfram telja (Elín Pálmadóttir, 1998, bls. 11; Haraldur Guðnason, 1982, bls. 164).

Mörg einkafyrirtæki fluttu auk þess starfsemi sína til Vestmannaeyja er hausta tók, trésmíðaverkstæði, vélsmiðjur, slíppar, bankar, verslanir og fleiri. Einnig var ráðist í byggingaframkvæmdir og meðal annars byggð elliheimili, barnaheimili, íþróttahús og sundlaug fyrir söfnunarfé, auk þess sem samþykkt var byggingaáætlun í lok árs 1973 um

byggingu 350 íbúða næstu þrjú árin á hinu nýja svæði í vesturbænum sem fyllt hafði verið upp með vikri (Árni Johnsen, 1973, bls. 179; Haraldur Guðnason, 1982, bls. 164).

Í viðtali við Elínu Pálmadóttur hjá *Morgunblaðinu* árið 1998 sagði þáverandi bæjarstjóri Vestmannaeyja, Guðjón Hjörleifsson, að öll uppbygging í Vestmannaeyjum eftir gos hafi verið miðuð við vöxt, því gert var ráð fyrir að byggja upp samfélag sem gæti þjónustað allt að 6000 manns, sem hann sagðist hafa trú á að stefndi í með sífellt vaxandi íbúafjölda á Heimaey (bls. 11). Ekki varð honum þó að ósk sinni því að íbúum fór þá orðið fækkandi og ekki varð mælanleg aukning íbúafjölda aftur fyrr en árið 2009. Hefur sú aukning haldist síðastliðin tvö ár og spurning hvort að svo muni verða áfram og 6000 manna markinu verði að endingu náð, tæpri hálfri öld eftir að það var sett af bjartsýnisfólki sem vann að uppbyggingu heimabyggðar sinnar eftir mikið stríð við náttúruna.

#### 6.4 Íbúapróun Vestmannaeyja fyrir og eftir gos

Frá árinu 1974 til 1991 fjölgaði fólki í Eyjum og var íbúafjöldi mestur eftir gos árið 1991 en þá voru skráðir íbúar Vestmannaeyja 4923 (Hagstofa Íslands, 2003). Frá því um miðbik 20. aldar og fram að gosi 1973 hafði íbúum einnig fjölgað töluvert og voru Vestmannaeyingar þann 1. desember 1972 orðnir rétt rúmlega 5300, en skrá um mannfjölda í Vestmannaeyjum frá Tyrkjaráni til ársins 2011 má sjá í viðauka IV (Þorsteinn Þ. Víglundsson, 1980, bls. 114). Eftir að formlegum goslokum var lýst yfir föru Eyjamenn að flytja heim og þann 26. október 1973 voru skráðir íbúar Vestmannaeyja orðnir 1252. Flutningar aftur til Eyja fóru þá að aukast og í árslok 1973, tæpu ári eftir að eldgos hófst, voru íbúar orðnir rúmlega 2000 (Haraldur Guðnason, 1982, bls. 164). Í janúar 1974 voru íbúar orðnir 2125 en mikill fjöldi Vestmannaeyinga sneri heim þá um haustið og þann 1. desember 1974 voru skráðir íbúar orðnir 4628 (Haraldur Guðnason, 1982, bls. 166-168). Eftir þessa miklu aukningu í íbúafjölda árið 1974 héldust tölurnar á svipuðu róli næstu ár, 1975 voru íbúar 4421 og 4568 ári síðar. Hér má sjá lista yfir íbúatölur Vestmannaeyja þann 1. desember á nokkura ára tímabili:

Ár	Mannfjöldi	Ár	Mannfjöldi	Ár	Mannfjöldi
1978	4634	1990	4926	2002	4414
1980	4718	1992	4871	2004	4344
1982	4657	1994	4888	2006	4172
1984	4809	1996	4749	2008	4055
1986	4794	1998	4594	2010	4135
1988	4743	2000	4522		

(Bæjarstjórn Vestmannaeyja, 2005 bls. 39; Hagstofa Íslands, 2011c).

Á 9. áratug síðustu aldar fór talsvert að bera á flutningum af landsbyggðinni til höfuðborgarinnar og var til dæmis mismunur aðfluttra og brottfluttra á landsbyggðinni um 12.000 manns á árunum 1987–1997. Vestmannaeyjakaupstaður fann mikið fyrir þessum landsbyggðarflóttu líkt og mörg önnur sveitarfélög og hafði íbúáþróun Vestmannaeyja því stefnt niður á við frá árinu 1990 (Bæjarstjórn Vestmannaeyja, 2005, bls. 37-39). Fór íbúafjöldi niður í 4055 íbúa árið 2008 en árið 2009 var fyrsta árið í langan tíma sem fólki fjölgaði. Einnig var aukning árið 2010 en þá voru Vestmannaeyingar skráðir 4135 og þann 8. febrúar 2011 eru íbúar Vestmannaeyja 4142 og því virðist sem þróunin stefni upp á við á ný (Hagstofa Íslands, 2011c).

## 7. Framkvæmd viðtalsrannsóknar

Höfundur þessa verkefnis fæddist í Vestmannaeyjum tíu árum eftir gos og ólst þar upp. Eldgosið hefur ávallt verið mjög stór hluti af lífi hans, bæði sem námsefni í grunnskóla og eins sem umræðuefni og reynslusögur foreldra, ömmu, afa, ættingja og vina, og hefur viðfangsefnið því ávallt verið honum afar kært. Hins vegar vinnur tíminn ekki með eigindlegum rannsóknum á Heimaeyjargosinu sökum þess hversu langt er liðið, en rúm 38 ár eru frá þessum atburðum. Lítið hefur verið unnið af samfélagslegum, efnahagslegum og umhverfislegum rannsóknum tengdum gosinu og því hætt við að vitnisburður muni tapast á næstu árum — vitnisburður sem nú er bara fótnota í stórsögunni. Þótti höfundi því áhugavert að taka viðtöl við Vestmannaeyinga sem upplifðu gosið og kanna nánar aðstæður þeirra á gostímanum, heyra frásagnir einstaklinga sem stóðu í sömu sporum og ástæðu þess að þeir ákváðu annað hvort að flytja aftur á Heimaey að gosi loknu eða vera um kyrrt á nýjum stað.

### 7.1 Framkvæmd rannsóknar og bakgrunnur viðmælenda

Viðtölin voru tekin í apríl árið 2011, þau fóru fram á heimilum viðmælendanna og tóku frá 18 mínútum upp í 50 mínútur. Viðmælendur voru ellefu, sex konur og fimm karlar. Um er að ræða fimm hjón og eina ekkju sem eru á aldrinum 59 til 88 ára og voru þau því á aldrinum 21 árs til fimmtugs er gosið hófst, en þau bjuggu öll í Vestmannaeyjum fram að gosi. Viðmælendurnir flúðu um gosnóttina, líkt og aðrir Eyjabúar, upp á fastalandið, nema tveir karlanna sem urðu eftir í Vestmannaeyjum. Hinir karlmennirnir fóru svo allir strax aftur út í Eyjar eftir að hafa fylgt konum sínum og börnum til Þorlákshafnar. Tvenn hjónanna og ekkjan fluttu ekki aftur til Eyja eftir gos en hin hjónin þrjú höfðu flutt aftur á Heimaey að loknu gosi og búa þar enn.

### 7.2 Aðferð

Við eigindlegar rannsóknaraðferðir er ýmsum aðferðum beitt til að kanna hvaða merkingu einstaklingar leggja í líf sitt og til að skilja manneskjuna. Hér var notuð fyrirbærafræðileg rannsóknaraðferð samkvæmt Vancouver-skólanum, en kjarnann í fyrirbærafræði er að finna í upplifun og reynslu einstaklingsins. Í Vancouver-aðferðinni er áhersla lögð á reynslu og sýn hvers og eins og til þessa er beitt svokölluðum djúpviðtölum, eða samræðum á milli rannsakanda og viðmælenda sem tekin eru upp á diktafón. Rannsakandi

skrifar viðtölin síðan upp, orð fyrir orð, og greinir þau og reynir að átta sig á heildarmyndinni (Sigríður Halldórsdóttir, 2003, bls. 249-250).

Rannsakanda fannst mikilvægt að heyra ólíka einstaklinga lýsa þessari sameiginlegu reynslu og hlusta á hvernig þeir lýsa upplifun sinni. Markmiðið var að kanna hvernig þessi atburður hafði að þeirra mati áhrif á þá sjálfa, fjölskyldur þeirra og samfélagið í heild.

### 7.3 *Gagnaöflun*

Tekin voru sex viðtöl við fimm hjón og eina ekkju og eru viðtölin í vörslu höfundar. Til að vernda friðhelgi viðmælenda verða nöfn þeirra ekki notuð, en hvert viðtal verður þess í stað merkt ákveðnum bókstaf. Fyrstu hjónin, A, voru bæði 21 árs þegar gaus og fluttu þau aftur til Vestmannaeyja að gosi loknu. Eins var með næstu hjón, B, nema þau voru bæði 26 ára og þriðju hjónin sem fluttu aftur að gosi loknu, C, voru bæði 29 ára árið 1973. Ekkjan, D, flutti ekki aftur til Vestmannaeyja að gosi loknu en þá var hún 34 ára, önnur hjónin sem ekki fluttu aftur, E, voru 21 og 26 ára gosárið og hin hjónin sem ekki fluttu aftur, F, voru fimmtug.

Markmið viðtalsrannsóknarinnar var fyrst og fremst að kanna aðstæður Vestmannaeyinga á meginlandinu á gostímanum og hverjar hefðu verið aðalástæður þeirrar ákvörðunar að flytja aftur til Eyja að gosi loknu eða vera um kyrrt á meginlandinu. Hér á eftir verður gerð grein fyrir helstu niðurstöðum rannsóknarinnar í níu undirköflum. 1) Bakgrunnur viðmælenda, þar sem segir stuttlega frá bakgrunni. 2) Flóttinn gosnóttina, þar sem viðmælendur segja frá upplifun sinni aðfaranótt 23. janúar 1973. 3) Húsnæðismál á meginlandinu, þar sem segir frá vandræðum viðmælenda í þeim málum. 4) Búslóðir, þar er fjallað mjög stuttlega um hvernig viðmælendum gekk að endurheimta búslóðir sínar frá Vestmannaeyjum. 5) Atvinna og skóli, þar segir stuttlega frá því hvernig viðmælendum gekk að fá atvinnu og að koma börnum í skóla. 6) Móttökur, viðmót og aðlögun, þar segja viðmælendur hvernig þeim gekk að aðlagast nýjum aðstæðum og hvernig móttökur þau fengu á meginlandinu og viðhorf til þeirra. 7) Goslok og tjón, þar segir frá því hvernig viðmælendum gekk að fá bætt það tjón sem húsnæði þeirra og búslóðir urðu fyrir á gostímanum. 8) Ákvörðun að gosi loknu, þar segir frá því hvernig sú ákvörðun var tekin hvort flytja skyldi aftur til Vestmannaeyja eða ekki. 9) Vestmannaeyjar fyrir og eftir gos — helstu breytingar, en þar segir frá því hverjar eru helstu breytingar á Vestmannaeyjum fyrir og eftir gos að þeirra mati.



## 8. Niðurstöður viðtalsrannsóknar

### 8.1 Flóttinn gosnóttina

Flestir viðmælendanna byrjuðu á að minnast á flóttann sjálfan aðfaranótt þriðjudagsins 23. janúar 1973 og er augljóst að sá atburður er þeim mjög minnstæður. Tveir karlanna urðu þó eftir í Vestmannaeyjum um gosnóttina, E og F, en aðrir viðmælendur fóru sjóleiðina til Þorlákshafnar nema ein kona, F, hún var ein með aldraða móður sína og sjö ára dóttur og því fékk hún far með herþyrlu til Reykjavíkur og var við komuna þangað ekið á Borgarspítalann. Ekki var þó þörf á því að leggja móður hennar inn og héldu þær því til dóttur viðmælandans sem bjó í Kópavogi og fengu inni hjá henni fyrst um sinn.

Þeir átta viðmælendur sem fóru með bátum til Þorlákshafnar töluðu allir um hversu mikill troðningur hefði verið um borð en þó alltaf „þessi mikla ró og stilling yfir hópnum“. Einnig töluðu konurnar um hversu mikil sjóveiki hafi verið og lyktin um borð eftir því. Við komuna til Þorlákshafnar voru það einungis konurnar og börnin sem héldu áfram til Reykjavíkur en mennirnir fóru sem fyrir segir með bátunum til baka. Fjórar kvennanna fóru með rútum í þá skóla sem Rauði krossinn hafði útbúið sem móttökustöðvar en ein þeirra, B, var sótt í Þorlákshöfn af ættingjum. E fór ásamt börnum sínum í Austurbæjarskóla og lýsti óánægju sinni yfir þeim fjölmiðlamönnum sem þar tóku á móti þeim um morguninn:

Við fórum þangað og það var allt fullt af fréttamönnum út um allt sko, og þeir vildu fara að tala við mann og svona. En maður var ekki alveg í sambandi sko, maður vildi bara helst, fá að vera frá þessu. Mér fannst þeir vera svona frekar ágengir, mér er svo minnstætt nefnilega, ... [ein vinkona mín] hún var króuð eiginlega af sko, og já, upp á að tala við hana og ég vorkenndi henni svo greyið.

Allir voru viðmælendurnir þó sammála um að flutningarnir um gosnóttina hafi gengið með ólíkindum vel, hvort sem þeir fóru með bát eða þyrlu og sögðust C upplifa þetta í dag sem hálfgerðan draum.

### 8.2 Húsnæðismál á meginlandinu

Eins og fram hefur komið voru húsnæðismál Vestmannaeyinga á fastalandinu eitt flóknasta og umfangsmesta verkefnið. Því fannst höfundu áhugavert að fá að heyra hvernig húsnæðismálum viðmælenda var háttað. F, sem kom með þyrlunni til Reykjavíkur, fékk eins og áður sagði inni hjá dóttur sinni til að byrja með:

Svo fluttum við fljótlega inn á son okkar sem var í skóla í Reykjavík og leigði íbúð á Vesturgötunni ásamt öðrum dreng, en sá drengur fór eitthvað annað á meðan, og við vorum þar döldið lengi — fram yfir páska held ég bara.

Þá keyptu þau fokhelda íbúð í Breiðholtinu og voru þar í tvö ár en svo fluttu þau í íbúð í Reykjavík þar sem þau búa enn þann dag í dag.

Svipaða sögu var að segja af E. Þau fengu inni hjá móðursystur konunnar í Reykjavík til að byrja með en síðar hafði uppeldissystir móður mannsins uppi á þeim og bauð þeim að koma til sín í Garðinn. E voru með útgerð á þessum tíma og bauð hún þeim aðstöðu fyrir útgerðina og eins fyrir þau sjálf í nýrri viðbyggingu við hús sitt og þangað fluttu þau í mars 1973. Viðlagasjóður reisti svo síðar á árinu 15 hús í Garðinum og fluttu þau hjónin þá í eitt þeirra og búa þar enn:

Já við vorum nokkuð mörg hérna Vestmannaeyingar, sérstaklega eftir að Viðlagasjóðshúsin voru reist, jú það var mjög þægilegt. Það var bara hérna ein gata ... það eru 15 íbúðir hérna, og þetta voru allt saman Vestmannaeyingar í þessu til að byrja með, þannig að þetta var svona lítið Eyjaútibú. Já við leigðum það reyndar svona fyrsta árið eða svo, en um leið og var farið að selja þá keyptum við það. Það var held ég ekkert verið að spá út í það svona fyrst til að byrja með að selja þau, hva svona kannski fyrsta árið, en svo um leið og fólki fór að standa til boða að flytja aftur til baka þá var farið að spá í það.

D sagði um húsnæðismál sín:

Við fórum fyrst til Reykjavíkur, til bróður míns og vorum hjá honum fyrst. Svo var okkur fljótlega, mig minnir að það hafi verið um mánaðamótin janúar–febrúar, boðið húsnæði hérna á Akureyri, á Brekkugötu. Maðurinn minn hafði tekið á móti iðjupjálfum úti í Eyjum og sá sem var formaður iðjufélagsins hafði samband við hann og bauð okkur húsnæði. Við vorum þar til að byrja með, svona bráðabirgðahúsnæði, og svo fórum við í Viðlagasjóðshús hér á Akureyri.

C fengu einnig húsnæði utan höfuðborgarsvæðisins:

Hún fór með peyjana fyrst með mömmu til systur minnar sem bjó úti á Álftanesi ... við vorum þar í þrjár til fjórar vikur en fengum svo bílskúr og eitt herbergi í Njarðvíkunum. Útgerðin sem ég vann hjá útvegaði okkur það vegna þess að við þurftum að vera alltaf í Grindavík að landa og því var svo stutt fyrir okkur að fara þangað. Við vorum þar fram á vor en þá fórum við á Selfoss. [Nú tók eiginkonan til máls] Þá fengum við að vera í húsi sem bróðir hennar mömmu átti, og þá voru mamma og pabbi komin til okkar, og þar vorum við, við fengum Viðlagasjóðshús, hvenær var það, um haustið og vorum þar fram í júní 1974. Þá vorum við búin að kaupa okkur annað hús í Eyjum og fluttum þangað.

A voru líklega hvað heppnust með húsnæðismál, ef svo má að orði komast, þau voru barnlaus og átti eiginmaðurinn foreldra í Reykjavík sem gátu hýst þau þann tíma sem þörf var á. Þau hjónin fluttu svo aftur til Vestmannaeyja í júní 1973 þar sem þau fengu bæði vinnu, maðurinn við hreinsunarstörf og konan á matsölustað.

B fluttu hvað oftast á gostímanum, þau voru 26 ára í gosinu og áttu tvíburadrengei á sjöunda ári. Eiginmaðurinn var sjómaður og var því ekkert heima þann tíma sem þau bjuggu á meginlandinu, utan þess er hann kom heim í stutt frí:

Við fórum, ég og tengdamamma, beint til skyldfólks hennar og vorum hjá þeim ábyggilega í hálfan mánuð ... Síðan fórum við til ... [nú tekur eiginmaðurinn til máls] til annarra skyldmenna og síðan í vesturbæinn, á KR-heimili [hlær og eiginkonan tekur til máls á ný] já, hvað ætli við höfum verið lengi þar, eitthvað um hálfan mánuð, veistu ég man það ekki alveg, kannski mánuður. Síðan fórum við í Garðabæinn, og það var skyldfólk sem að lét okkur hafa kjallara, og þar fengum við fyrst svona okkar, og tengdamamma og tengdapabbi voru líka með, við vorum öll saman sko. [Eiginmaður tekur til máls] Svo fórum við í Kópavoginn, þar vorum við bara með okkar fjölskyldu í leiguíbúð, og svo fórum við í Viðlagasjóðshúsin í Kópavoginum ... og vorum þar þangað til við komum heim aftur haustið 1974.

Allir voru viðmælendurnir sammála um að þessi mál hafi verið erfið og líklega sá partur sem tók mest á sálartetrið, að vera á vergangi og upp á aðra kominn auk allrar óvissunnar um húsnæði þeirra í Vestmannaeyjum, en sex viðmælendanna, B, C og E, áttu hús sem voru í hættu og fór svo að lokum að öll grófust þau í vikur og voru tvö þeirra dæmd óíbúðarhæf, hús C og E.

### 8.3 *Búslóðir*

Viðmælendurnir voru flestir heppnir og fengu sínar búslóðir frá Vestmannaeyjum og í heilu lagi, nema C sem náðu litlu úr sínu húsi:

Við áttum náttúrulega mikið sem varð eftir, sem við misstum þarna, en við náðum svona einhverjum stórum stykkjum, því húsið okkar fór bara á fjórða degi. Þannig að við náðum engu nema þessu, allt þetta smáa dót varð allt eftir.

Aðrir viðmælendur sögðust hafa fengið flest sitt og í ágætis standi, en hlutirnir voru þó að tínast til smám saman. D:

Það skilaði sér sumt svona, en annað ekki, það var svona allur gangur á því. Þetta var svona að smá tínast.

E sögðu um sína búslóð:

Jájá, við fengum allt okkar sko, það var svosum, við vorum það vel staðsett að það svosum lá ekkert á að taka það. En maður var þarna úti í Eyjum allan tímann til að byrja með. [Tók nú eiginkonan til máls] Nema rúmdýnurnar, við fengum þær ekki. Ég man alltaf eftir því, við fengum þær aldrei. En við fengum allt sem við áttum og allt í góðu standi.

B hafði einnig á orði að það hefði hjálpað til að eiginmaðurinn hennar hafi verið sjómaður því hann hafi flutt mestan part þeirra búslóðar:

Við týndum svo sem engu, af því að hann var svo mikið í flutningunum, að þá kom þetta með honum þannig að við lentum ekki í vandræðum, en aftur fólk sem átti kannski engan sjómann að, það var að tína upp hlutina svona hingað og þangað í einhverjar flutningaskemmur.

#### 8.4 *Atvinna og skóli*

Er komið var til meginlandsins þurftu viðmælendurnir að huga að atvinnu og eins skóla fyrir börnin. Þrjár kvennanna, B, C og E, fóru þó ekki á vinnumarkaðinn heldur voru heimavinnandi með ung börn, en eiginmenn þeirra voru allir sjómenn og þeir voru fyrst um sinn við björgunarstörf í Vestmannaeyjum og fóru svo á vertíð. Tvær þeirra, B og E, áttu sex ára börn sem hófu nám í grunnskóla um haustið 1973. E hélt þó áfram að vera heima með yngra barnið sitt en B tók að sér að keyra Vestmannaeyjakrakkana sem voru á leikskólanum Silungapólli, hún sótti þau í Kópavoginn og Hafnarfjörðinn og fékk eitthvað borgað fyrir það. Ekkjan, D, var einnig heima með börnin til að byrja með og eiginmaður hennar var í Eyjum:

Maðurinn minn var áfram úti í Eyjum, hann var á sjónum og ég fékk svo vinnu á verksmiðjunum hérna á Akureyri, við saumaskap, þegar börnin byrjuðu í skólanum ... Hann er lærður múrari og fékk vinnu við það hérna, hann var sem sagt vertíðina úti í Eyjum að róa en kom svo norður og bauðst vinna sem múrari.

A fengu vinnu strax og F höfðu rekið verslun í Vestmannaeyjum sem þau settu svo upp í Reykjavík auk þess sem dóttir þeirra fór strax í skóla í hverfinu.

#### 8.5 *Móttökur, viðmót og aðlögun*

Viðmælendur voru allir á einu máli um að móttökurnar við komuna á fastalandið hafi verið til fyrirmyndar. Eins voru þeir snortnir yfir þeirri velvild og gestrisni sem ættingjar og vinir

sýndu þeim. En aftur á móti fundu sumir þeirra aðeins fyrir misjöfnu viðmóti eftir því sem tíminn leið. Þótt viðmælendur hafi ekki allir lent í því sjálfir þá urðu þeir allir varir við einhvers konar andúð í garð Vestmannaeyinga, B:

Móttökurnar voru náttúrliga mjög góðar, við vorum líka svo heppin að við lentum hjá skyldfólki, lentum ekkert í veseni, en maður var rosalega mikið niðri í Hafnarbúðum. Þar var allt fólkið og þar var boðið upp á ... ódýran mat þannig að maður gat farið að borða svo maður væri nú ekki alveg upp á aðra.

En um viðmótið sagði B:

Ég varð þó var við það á sínum tíma, af því að við keyptum okkur nýjan bíl þarna eftir vertíðina og ég man það sko að þegar við vorum að fá bílinn afhentan og fólkið sem var í umboðinu þar sem við vorum að kaupa hann það var svona að hvísla heyrði ég, þessir Vestmannaeyingar þeir geta nú allt. [Nú tekur eiginkonan til máls] Hvísla um að maður skyldi vera að kaupa nýjan bíl, en við áttum ekki krónu, með gati, þegar við fórum sko. Við vorum að byggja og ég var nýbúin að borga símareikninginn, og við áttum engan pening, bara engan pening, þegar við komum suður. Ég man að við fengum fimm þúsund krónur frá Rauða krossinum, bara strax, og hérna, gat keypt tannbursta og tannkrem og einhvað meira svona. [Nú tekur eigenmaðurinn aftur við] Ég komst fljótlega inn í húsið, við vorum ekki búin að flísaleggja baðið en áttum allar flísarnar og ég fékk að skila þeim aftur og fékk peninginn til baka, það svona bjargaði okkur smá peningalega. Það var náttúrliga rosalegt flakk á manni þessar fyrstu vikur og mánuði, en maður einhvern veginn, æh maður var bara ungur og þetta var bara, ég er hræddur um að fólk í dag myndi ekki kannski láta bjóða sér svona, maður bara bjargaði sér sjálfur og sætti sig við það sem maður hafði.

D sagði um móttökurnar:

Það voru góðar móttökur fyrir sunnan, nema við ætluðum að vera á Reykjavíkursvæðinu, en það sem bauðst — að þar máttu börnin ekki vera úti að leika sér og það var alls konar svoleiðis. Maður var náttúrliga búinn að búa sjálfur í yndinu í Eyjum og maður gat ekki hugsað sér það. Svo þegar þetta bauðst hér fyrir norðan að þá ákváðum við þetta bara, maðurinn minn náttúrliga var frá Akureyri þannig að það var kjörið.

Í sambandi við aðlögun og viðmót sögðu A:

Það gekk mjög vel að aðlagast, nema hvað sumir Vestmannaeyingar voru ekki vanir að keyra í Reykjavík og því voru V-bílarnir ekki sérlega vinsælir í umferðinni þar. Ef að maður var til dæmis ekki farinn af stað alveg um leið og það kom grænt ljós þá var ekki hikað við að flauta á mann og fleira þannig.

## 8.6 Goslok og tjón

Eftir að gosi lauk höfðu þrjár af sex húseignum viðmælendanna grafist í ösku, hús B, C og E, og tvö þeirra, hús C og E, voru dæmd óíbúðarhæf. Hinar þrjár, eignir A, D og F, höfðu svo til sloppið fyrir utan að láta á sjá eftir öskufallið. Misjafnlega gekk að fá bætur vegna þess húsnæðis sem metið var óíbúðarhæft, B:

Bæturnar komu nú seint og síðar og komu svona í einhverjum slumpum og þetta nýttist manni ósköp lítið. Ég man ekki, ég held við höfum fengið 4 milljónir fyrir nýtt hús og við keyptum þetta, gamalt hús, á 5,8 minnir mig, þannig að það vantar þarna töluverðan mun á milli.

B sagði einnig um matið sjálft:

Ég man nú ekki nákvæmlega hvernig þetta var en þetta var metið og við gáfum upp einhvern kostnað sem kostaði að byggja húsið, en við fengum náttúrlega mikla hjálp við að byggja því á þessum tíma stóðu húsbyggjendur saman og hjálpuðust að með byggingarnar, tengdapabbi sá um pípulagnir og bróðir minn lagði allt rafmagn í húsið, þannig að það var erfitt að búa til einhverjar tölur fyrir þessa vinnu.

E áttu íbúð sem dæmd var óíbúðarhæf og sögðu um bæturnar:

Jújú, það kom, löngu seinna, svona þegar það kom, á þessu brunabótamati eins og var, en auðvitað finnst manni það alveg hræðilega slappt svona þegar maður hugsar til baka. Svo þetta var bara að byrja upp á nýtt, það var ekkert annað í stöðunni.

C, sem ekki náðu að fá búslóð sína, utan nokkurra stærstu húsmunanna sögðu svo um bæturnar:

Það gekk illa til þess að byrja með, já, við fengum sko, við fengum ekki mikið út úr húsunum fyrst, en svo var þessu breytt þannig að við fengum milljón meira heldur en við áttum að fá fyrst. En sko, við fengum þarna, 3,2 milljónir út úr húsinu sem var nýtt, við kláruðum bara að teppaleggja fyrir jólin 1972, en svo keyptum við annað hús í Eyjum, 19 ára gamalt, og við keyptum það fyrir 4,2 eða einhvað svoleiðis. En það gekk mjög illa í sambandi við innbú og svoleiðis, það gekk mjög illa að fá út úr því. Það var alltaf verið að taka það meira og meira niður þegar maður var að segja þeim að einhvað hafi verið nýtt og það var alltaf svoleiðis, við fengum nú ekki mikið út úr því.

A höfðu búið heima hjá foreldrum eiginkonunnar fyrir gos og það hús var óskemmt eftir eldsumbrotin og þau fluttu því þangað er þau komu aftur til Eyja og þurftu því ekki að fá neitt tjón bætt.

Þeir viðmælendur sem fluttu ekki aftur til Vestmannaeyja að loknu gosi og áttu húsnæði sem ekki skemmdist teljanlega á gostímanum, D og F, seldu sínar eignir fljótlega eftir gos en voru þó kannski ekki sérlega ánægð með söluverðið, F:

Já við seldum það fljótlega um sumarið, maður fékk náttúrulega ekki mikið fyrir þetta í Eyjum. Svo áttum við líka búðina, við byggðum það húsnæði, og við seldum það líka og sömu sögu var að segja um söluverðið.

### 8.7 Ákvörðun að gosi loknu

Eins og áður kom fram fluttu sex viðmælendanna aftur til Vestmannaeyja að gosi loknu, A, B og C, en hinir fimm viðmælendurnir, D, E og F, ákváðu að vera um kyrrt á meginlandinu. Aðspurð um ástæður ákvarðana sinna voru svörin frekar svipuð. Hjá þeim sem fluttu ekki aftur var það aðallega vegna þeirrar atvinnu sem þeir höfðu fengið á nýja staðnum, E:

Já það voru náttúrulega bara þessar kringumstæður, við náttúrulega vorum í samkrulli við aðra aðila með bátinn. Og það eiginlega var ekki í neitt að fara, þannig lagað, úti í Eyjum því húsnæðið okkar fór, og svo var ekki beint aðstaða fyrir okkur með svona lítinn bát til að vera úti í Eyjum svona þessi fyrstu ár sko. Svoleiðis að það eiginlega var [þögn] já, það má eiginlega segja að það hafi verið meginástæður.

D sagði um sínar ástæður:

Jah, krakkarnir voru náttúrulega byrjaðir í skóla og maðurinn minn var búinn að fá vinnu hérna á Akureyri. ... Þannig að það var svona togstreita pínulítill, líka þínu hræðsla og að rífa sig aftur upp og svona — krakkarnir komnir aðeins inn í skólann og svona, ég held að hafi aðallega verið það.

Aðeins einn viðmælandi hafði aðrar ástæður fyrir ákvörðun sinni um að flytja ekki aftur til Vestmannaeyja, F:

Nei, maðurinn minn vildi ekki fara, honum langaði alltaf frekar eiga heima hérna uppi á fastalandinu [hlær] honum fannst hann alltaf svo innibýrgður í Eyjum, svo hann vildi ekkert fara aftur. En mér var alveg sama þó ég færi aftur og mamma hefði viljað það frekar.

Hjá þeim sem fluttu aftur til Vestmannaeyja að loknu gosi voru ástæðurnar þó þær sömu, B:

Það var nú aðallega bara vinnan, sjómennskan sko, ég held að það hafi verið svona helst. [Nú tekur eiginkonan til máls] Mér leið alltaf rosalega, ég var nú að þvælast

hérna þegar við máttum koma í gosinu, og mér leið alltaf rosalega vel að koma heim. Mamma hans og pabbi komu ekki, en mamma og pabbi komu aftur og svo náttúrlega mín systkini og bræður hans.

C voru sammála:

Já bæði svona út af vinnunni og svo náttúrlega togaði tengdapabbi svolítið í okkur því hann vildi ekki vera annarsstaðar en hér. ... Svo náttúrlega, jah það var frekar ég sem vildi fara heim heldur en konan og það var náttúrlega mikið út af vinnunni bara.

Hjá A stóð ekki á svörum:

Jah, það stóð nú aldrei annað til en að við flyttum aftur út í Eyjar. Auk þess hjálpaði mikið til að við fengum bæði vinnu þar snemma, strax í júní 1973, og eftir að við komum heim þetta sumar var ekki aftur snúið enda spennandi tímar framundan við uppbyggingu Eyjanna.

### 8.8 Vestmannaeyjar fyrir og eftir gos — helstu breytingar

Aðspurðir hverjar viðmælendurnir teldu vera helstu breytingarnar og hver væri munurinn á Vestmannaeyjum fyrir og eftir gos var fátt um svör hjá þeim viðmælendum sem ekki fluttu heim að gosi loknu. Enginn þeirra hefur farið mikið til Vestmannaeyja eftir gos og því fundu þau engan sérstakan mun sem þeim fannst vert að segja frá, D sagði þó:

Það er nú kannski ekkert sérstakt þannig, það var náttúrlega að sjá hvað allt var ljótt strax á eftir, svart og drungalegt, við förum þetta ár [1973] út í Eyjar og mér fannst það eins og að koma í draugabæ. En svo finnst mér aftur á móti yndislegt að koma þangað í seinni tíma, sérstaklega miðað við aðstæður og annað.

En þeir viðmælendur sem fluttu aftur til Vestmannaeyja eftir gos sáu margvíslegar breytingar og mun á staðnum fyrir og eftir gos. B:

Ja það er náttúrlega, sko, það er þetta fólk sem maður var búinn að umgangast í gegnum tíðina þarna í austurbænum [byggðin á austurhluta Heimaeyjar], þetta fólk kom ekkert aftur, það er náttúrlega stærsta breytingin að austurbærinn fór allur undir hraun, þar sem maður er alinn upp. Það er svona stærsta breytingin, svona gagnvart mannlífinu. [Nú tekur eiginkonan til máls] Mér fannst líka miðbærinn vera rosalega breyttur, mér finnst sko núna fyrst miðbærinn farinn að vera góður aftur, mér fannst miðbærinn í mörg, mörg ár vera ofboðslega leiðinlegur, það var enginn miðbær eins og þetta var hérna fyrir gos, mér fannst það rosa breyting. [Nú tekur eiginmaðurinn aftur til máls] Mér finnst líka vera mikið svona los á fólki sem hefur komið hingað, það er aðkomufólk sko, það er að koma og fara, og stoppa



stutt, og aðrir koma í staðinn og svona breyting sko. Til dæmis stundum þegar maður fer vestur í Kaupfélag að versla sko, maður þekkir engan.

C voru stutturð:

Mér finnst, það er náttúrliga samfélagið er allt öðruvísi, mér finnst það.

Þriðju viðmælendurnir sem fluttu til baka eftir gos, A, sögðu að lokum:

Það er náttúrliga allt annað landslag á Eyjunni, en hvað varðar félags- og samfélagslegar breytingar er helst tengingin við meginlandið. Fyrir gos voru Vestmannaeyjar afar einangraðar og ferðalög, hvort heldur frá Eyjum og eins til Eyja, voru fátíð. En eftir þessi auknu tengsl við meginlandið fóru ferðalög að verða tíðari með breyttum samgöngum, bæði hjá Vestmannaeyingum og aðkomufólki, og í staðinn fyrir það samfélag sem var, kom nú inn nýtt fólk, ásamt hluta af því sem fyrir var að sjálfsgöðu, en á meðan aðrir urðu eftir. Það er meira um það núna að fólk flytji til Eyja, aðkomumenn, og búi í einhvern tíma og flytji svo aftur burt, og eins með Eyjamenn, þeir flytja í meiri mæli upp á land, það er sem sagt mun meiri hreyfing á fólki eftir gos. Fyrir gos var það meira þannig að menn sem áttu heima hérna áttu bara heima hérna.

## 9. Samantekt og umræður

Þær niðurstöður sem raktar hafa verið í áttunda kafla endurspegla fyrst og fremst þau sjónarhorn og þær upplifanir sem viðmælendur höfundar tjáðu sig um. Nánast öll samtölin einkenndust af sameiginlegum áhuga á Vestmannaeyjum og umhyggju fyrir þessu litla, einangraða samfélagi. Það er því ljóst, að þrátt fyrir að hafa ekki búið á Heimaey í rúm 38 ár, slær „Eyjahjartað“ enn í fólki. Viðmælendur voru rólegir og yfirvegaðir er þeir rifjuðu upp atburði þessa tíma og sögðu höfundu frá lífsreynslu sinni og aðstæðum. Höfundur skynjaði þó frá viðmælendum sínum vissan sársauka sem fylgdi upprifjun á ákveðnum atburðum þessa tíma. Því liggur fyrir að stóráföll af völdum náttúruhamfara eins og eldgossins á Heimaey rista djúpt hjá einstaklingum sem fyrir þeim verða.

Reynslan hefur sýnt Íslendingum að persónuleg upplifun náttúruhamfara er margvísleg og því er í mörg horn að líta varðandi uppbyggingu samfélaga í kjölfar náttúruhamfara eins og eldsumbrotanna á Heimaey. Staðsetning Íslands á Atlantshafshryggnum verður til þess að náttúruhamfarir á borð við eldgos og jarðskjálfta munu ávallt verða hluti af íslenskum veruleika. Því er nauðsynlegt að Íslendingar séu ávallt í viðbragðsstöðu og tilbúnir að vinna að og leysa erfið verkefni sem koma í kjölfar slíkra hamfara.

Undanfarin ár hafa viðbrögð og neyðaraðgerðir vegna náttúruhamfara á Íslandi verið bætt til muna, eins og vel mátti sjá á síðastliðnu ári er eldgos hófst á Fimmvörðuhálsi og síðar í Eyjafjallajökli. Á þessu svæði hafði verið útbúin viðbragðsáætlun vegna hamfara af þessum toga, samskiptamiðstöðvar voru strax opnaðar og þverfagleg viðbragðsteymi unnu vel að öllum málum. Íslendingar geta einnig státað af alþjóða rústabjörgunarsveit sem var á meðal fyrstu sveita sem komu á hamfarasvæðið á Haítí eftir jarðskjálftann í byrjun árs 2010, þrátt fyrir að um langan veg væri að fara. Má því segja að mikil og góð þróun hafi verið í gerð neyðarráðstafana vegna náttúruhamfara síðan gaus á Heimaey 1973.

Á Íslandi hafa jafnframt öll viðbrögð er lúta að samfélagslegum afleiðingum náttúruhamfara verið stórbætt. Einnig hefur sú aðstoð sem snýr að andlegri líðan einstaklingsins verið aukin og bætt. Stóráföll eins og náttúruhamfarir geta haft langvarandi áhrif á einstaklinga. Höfundur hefur mikið spurst fyrir um hvort íbúum Heimaeyjar hafi verið boðin áfallahjálp en enginn kannast við slíkt boð, en allir töldu þó að þess háttar aðstoð hefði verið nauðsynlegt eftir slíka upplifun.

Annars þykir ótrúleg mildi að ekki hafi farið verr þegar 1600 metra eldsprungan opnaðist við bæjardyr Vestmannaeyinga, sér í lagi vegna þess að engar viðbragðsáætlanir

voru til vegna svo stórtækra og fyrirvaralausra brottflutninga fólks. En þrátt fyrir að rýming bæjarins hafi gengið jafn vel og raun bar vitni var vandamálum Eyjabúa ekki lokið, voru þau í raun rétt að byrja. Eldgosið stóð í 162 daga, en þann tíma voru Vestmannaeyingar í nokkurs konar útleið frá sínu bæjarfélagi. Því þurfti fólk að útvega sér dvalarstað á meginlandinu, koma börnum í skóla og leikskóla, finna sér atvinnu og í raun hefja nýtt líf á nýjum stað, sem ekki reyndist alltaf auðvelt.

Þó er ljóst að erfið og mikilvæg málefni Vestmannaeyinga á gostímanum voru allflest leyst að lokum, þó svo að aðferðirnar hafi ekki ávallt verið öllum að skapi. Almannavarnaráð og Rauði kross Íslands tóku strax til starfa er fregnir bárust af eldgosinu og unnu á fyrstu sólarhringum þess mjög mikilvægt starf. Alþingi samþykkti stofnun Viðlagasjóðs sem tók við stjórn allra mála Vestmannaeyinga ásamt því að félagasamtök, fyrirtæki og einstaklingar lögðu sitt af mörkum við að aðstoða þá sem voru í neyð staddir með ýmsum hætti. En þessi mikla samheldni Íslendinga, auk þeirra rausnarlegu styrkja sem bárust hvaðanæva að úr heiminum, voru grundvöllur þess að Vestmannaeyingar komust í gegnum þessar raunir og að Heimaey var endurreist að gosi loknu.

Erfitt er að segja til um það hvernig þróun Vestmannaeyja hefði orðið ef ekki hefði gosið. Ef frátaldar eru þær raunir sem Vestmannaeyingar upplifðu sökum eldgossins, hvort heldur félagslegar eða fjárhagslegar, má segja að Heimaey sé á vissan hátt verðmætari nú en hún var fyrir gos. Eyjan stækkaði að flatarmáli og höfnin batnaði til muna. Innsiglingin sem áður var 1200 metra breið og opin fyrir úthafsöldunni er nú aðeins um 170 metrar og því er mikið skjól í höfninni. Vestmannaeyjahöfn er því mun öruggari fyrir skip og báta og líklega ein besta höfn landsins. Hið nýja Eldfell skýlir einnig byggðinni fyrir austan roki en áður voru þar aðeins sléttur og tún en austanáttirnar gátu verið mjög hvassar og hvímeiðar. Auk þess var hægt að nýta hitann í hrauninu til hitaveitu í allan bæinn í rúmlega tíu ár, en árið 1974 var hafist handa við tilraunir með hitaveitu frá hrauninu og var sú veita tekin í gagnið um 1980. Er því jafnvel hægt að velta því fyrir sér hvort eldsumbrotin hafi verið til hagsbóta fyrir þennan stærsta útgerðarbæ landsins til lengri tíma litið (Árni Johnsen, 1973, bls. 88; Elín Pálmadóttir, 1998, bls. 11; Þorleifur Einarsson, 1974, bls. 53).

Hér hefur verið rætt um ýmsa hluti er lúta að dvöl Vestmannaeyinga á fastalandinu árið 1973. Afleiðingar eldgossins voru fjölbættar og sögur Vestmannaeyinga frá þessum tíma merkilegar, en jafnframt misjafnar. Líkt og fram kemur í viðtalsrannsókn höfundar þóttu móttökur á fastalandinu góðar og fyrsta hjálp til fyrirmyndar en er líða fór á gostímann jukust vandamálin. Húsnæðismálin reyndust viðmælendum erfiðust auk þess sem útborgun tjónabóta var umdeild. Að lokum varð ljóst að húsnæðis- og atvinnumál voru

meginástæður ákvörðunar viðmælenda um framtíðarþúsetu eftir gos, bæði hjá þeim sem fluttu aftur til Eyja og einnig þeim sem ákváðu að vera um kyrrt á nýjum stað.

Höfundur veit ekki til þess að samfélagsleg áhrif eldgossins hafi verið rannsökuð áður. Þó var lögð fram tillaga í bæjarráði Vestmannaeyja árið 1973, þar sem nokkur félög og stofnanir, þar á meðal Háskóli Íslands, vildu gera mikla félagsfræðilega úttekt og skoðun á aðstæðum fólks og samfélagsleg áhrif fyrir, á meðan gosinu stóð og á eftir. Þetta átti að verða mikil skýrsla og einstæð á sinn hátt sem margir fræðimenn kæmu að.

Tillögunni var hafnað af bæjarstjórn, bæði vegna þess að fjármagn skorti og einnig vegna þess að ekki náðist samþykkt um tillöguna innan bæjarráðs (Rauði kross Íslands, 1993, bls. 7-8). Þykir höfundi miður að ekkert hafi orðið af þessari rannsókn því vissulega er full ástæða til að gerðar verði ítarlegri rannsóknir á félagslegri hlið eldgossins á Heimaey.

Séu tölur eldgossins árið 1973, þegar rúm 2,5% þjóðarinnar þurfti að flýja sína heimabyggð, heimfærðar til ársins 2011 þá jafngildir það því að tæplega 8000 manns þyrftu að yfirgefa heimili sín í skyndi. Því er umfang fólksflutninganna 1973 líkt og ef rýma þyrfti nú alla Vestfirði og rúmlega það (Hagstofa Íslands, 2011a; 2011b). Það má því ljóst vera að móttaka á slíkum fjölda myndi skapa mörg vandamál þrátt fyrir allar þær endurbætur sem gerðar hafa verið í almannavörnum frá 1973.

## 10. Heimildaskrá

Árangursrík barátta við náttúruöflin. (1973, 15. mars). *Tíminn*, bls. 7.

Árni Gunnarsson. (1973). *Eldgos í Eyjum*. Reykjavík: Setberg.

Árni Johnsen. (1973). *Eldar í Heimaey*. Reykjavík: Almenna bókafélagið.

Bragi Björnsson. (1977). *Skýrsla*. Reykjavík: Viðlagasjóður.

Bæjarráð Vestmannaeyja. Fundargerð 911. fundar 16. apríl 1973. Fundargerðarbók

Bæjarráðs 1973-1976. Héraðsskjalasafn Vestmannaeyja B-43/6.

Bæjarráð Vestmannaeyja. Fundargerð 915. fundar 4. maí 1973. Fundargerðarbók

Bæjarráðs 1973-1976. Héraðsskjalasafn Vestmannaeyja B-43/6.

Bæjarráð Vestmannaeyja. Fundargerð 934. fundar 9. ágúst 1973. Fundargerðarbók

Bæjarráðs 1973-1976. Héraðsskjalasafn Vestmannaeyja B-43/6.

Bæjarstjórn Vestmannaeyja. (2005). *Aðalskipulag Vestmannaeyja 2002–2014*. Sótt 13.

apríl 2011 af

[http://www.vestmannaeyjar.is/net/skraarsafn/vestmannaeyjar\\_is/1108169774.pdf](http://www.vestmannaeyjar.is/net/skraarsafn/vestmannaeyjar_is/1108169774.pdf).

Elín Pálmadóttir. (1998, 5. júlí). Ný höfn, nýtt land, færri fólk. *Morgunblaðið*, bls. 10-11.

Eysteinn Jónsson. (1973a). Neyðarráðstafanir vegna jarðelda á Heimaey (151. mál). Ræða

haldin í neðri deild Alþingis 7. febrúar 1973: 48. fundur, 93. löggjafarþing. Sótt 23.

mars 2011 af

<http://www.althingi.is/altext/gomulraeda.php4?nr=1443&lthing=93&dalkur=1827>.

Eysteinn Jónsson. (1973b). Eldgosið í Vestmannaeyjum. Ræða haldin á sameinuðu Alþingi

25. janúar 1973: 34. fundur, 93. löggjafarþing. Sótt 23. mars 2011 af

<http://www.althingi.is/altext/gomulraeda.php4?nr=1328&lthing=93&dalkur=1727>.

Georg H. Tryggvason. (1974). Skýrsla um starfsemi Vestmannaeyjabæjar í Hafnarbúðum í

Reykjavík vegna eldgossins í Heimaey 1973. *Blik*, 31, 180-201.

Gísli Helgason. (e.d.). *Eyjapistill – blogg*. Sótt 20. apríl 2011 af

<http://eyjapistill.blog.is/blog/eyjapistill/>.

Guðjón Ármann Eyjólfsson. (1973). *Vestmannaeyjar. Byggð og eldgos*. Reykjavík: Ísafoldarprentsmiðja.

Guðjón Ármann Eyjólfsson. (1984). *Vestmannaeyjar*. Í Þorsteinn Jósefsson og Steindór Steindórsson (ritstjórar), *Landið þitt Ísland 5. bindi U–Ö* (bls. 58-93). Reykjavík: Örn og Örlygur.

Guðjón Ármann Eyjólfsson. (1993). *Vestmannaeyjaflotinn og eldgosíð 1973*. *Sjómanna dagsblað Vestmannaeyja* 1993, 43, 71-75.

Guðjón Ármann Eyjólfsson. (2009). *Vestmannaeyjar. Árbók Ferðafélags Íslands 2009*. Reykjavík: Ferðafélag Íslands.

Hagstofa Íslands. (2003, janúar). *Mannfjöldi eftir sveitarfélagi, kyni og aldri 1. desember 1991*. Sótt 13. apríl 2011 af

[http://hagstofa.is/?PageID=624&src=/temp/Dialog/varval.asp?ma=MAN02119%26ti=Mannfj%F6ldi+eftir+sveitarf%E9lagi%2C+kyni+og+aldri+1%2E+desember+1991+++%26path=../Database/mannfjoldi/sveit\\_eldra/%26lang=3%26units=Fj%F6ldi](http://hagstofa.is/?PageID=624&src=/temp/Dialog/varval.asp?ma=MAN02119%26ti=Mannfj%F6ldi+eftir+sveitarf%E9lagi%2C+kyni+og+aldri+1%2E+desember+1991+++%26path=../Database/mannfjoldi/sveit_eldra/%26lang=3%26units=Fj%F6ldi)

Hagstofa Íslands. (2011a, febrúar). *Lykiltölur mannfjöldans 1703–2011*. Sótt 6. maí 2011 af

<http://hagstofan.is/?PageID=622&src=/temp/Dialog/varval.asp?ma=MAN00000%26ti=Lykilt%F6lur+mannfj%F6ldans+1703%2D2011+++%26path=../Database/mannfjoldi/Yfirlit/%26lang=3%26units=Fj%F6ldi>

Hagstofa Íslands. (2011b, febrúar). *Mannfjöldi 1. janúar 2011*. Sótt 6. maí 2011 af

<http://www.hagstofa.is/Pages/95?NewsID=5650>.

Hagstofa Íslands. (2011c, febrúar). *Mannfjöldi eftir kyni, aldri og sveitarfélögum 1998–2011 – Sveitarfélagaskipan hvers árs*. Sótt 13. apríl 2011 af

<http://hagstofa.is/?PageID=624&src=/temp/Dialog/varval.asp?ma=MAN02001%26ti=Mannfj%F6ldi+eftir+kyni%2C+aldri+og+sveitarf%E9l%F6gum+1998%2D2011+%2D+Sveitarf%E9lagaskipan+hvers+%E1rs+++%26path=../Database/mannfjoldi/sveitarfelog/%26lang=3%26units=Fj%F6ldi>

Haraldur Guðnason. (1982). *Við Ægisdyr. Saga Vestmannaeyjabæjar í 60 ár I*. Vestmannaeyjum: Vestmannaeyjabær.

Haraldur Guðnason. (1991). *Við Ægisdyr. Saga Vestmannaeyjabæjar II*. Reykjavík: Stofn.

*Lög um neyðarráðstafanir vegna jarðelda á Heimaey nr. 4/1973.*

Óttar Sveinsson. (2008). *Útkall. Flóttinn frá Heimaey*. Reykjavík: Útkall ehf.

Páll Línadal. (1982). *Bæirnir byggjast. Yfirlit um þróun skipulagsmála á Íslandi til ársins 1938*. Reykjavík: Skipulagsstjóri ríkisins og Sögufélag.

Rauði kross Íslands. (1993). *Rauða kross saga*. Reykjavík: Rauði kross Íslands.

Sigríður Halldórsdóttir. (2003). Vancouver–skólinn í fyrirbærafræði. Í Sigríður Halldórsdóttir og Kristján Kristjánsson (ritstjórar), *Handbók í aðferðafræði og rannsóknnum í heilbrigðisvísindum* (bls. 249-265). Akureyri: Háskólinn á Akureyri.

Sigurður Þórir Jónsson. (1998). Hugleiðingar úr gosinu. Í Páll Arnar Georgsson (ritstjóri), *Björgunarfélag Vestmannaeyja 80 ára 1918–1998* (bls. 56-58). Vestmannaeyjum: Björgunarfélag Vestmannaeyja.

Við höfum aðeins fötin sem við stöndum í. (1973, 23. janúar). *Morgunblaðið*, [síðdegisútgáfa], bls. 6-10.

Viðtal höfundar við A (59 ára kona og 59 ára karl). Tekið 7. apríl 2011. Í vörslu höfundar.

Viðtal höfundar við B (64 ára kona og 64 ára karl). Tekið 17. apríl 2011. Í vörslu höfundar.

Viðtal höfundar við C (67 ára kona og 67 ára karl). Tekið 24. apríl 2011. Í vörslu höfundar.

Viðtal höfundar við D (72 ára kona). Tekið 4. apríl 2011. Í vörslu höfundar.

Viðtal höfundar við E (59 ára kona og 64 ára karl). Tekið 18. apríl 2011. Í vörslu höfundar.

Viðtal höfundar við F (88 ára kona og 88 ára karl). Tekið 18. apríl 2011. Í vörslu höfundar.

Þorleifur Einarsson. (1965). *Gosið í Surtsey í máli og myndum*. Reykjavík: Heimskringla.

Þorleifur Einarsson. (1974). *Gosið á Heimaey í máli og myndum*. Reykjavík: Heimskringla.

Þorsteinn Þ. Víglundsson. (1973). Eldgos við húsvegginn. *Blik*, 30, 228-238.

Þorsteinn Þ. Víglundsson. (1976). Vestmannaeyingar og Rauði Kross Íslands og Hjálparstofnun kirkjunnar. *Blik*, 32, 177-187.

Þorsteinn Þ. Víglundsson. (1980). Skrá um mannfjölda í Vestmannaeyjabyggð frá Tyrkjaráni til eldgoss. *Blik*, 34, 114.



## Viðauki I

Lög um neyðarráðstafanir vegna jarðelda á Heimaey nr. 4/1973.

### 1. gr.

Í lögum þessum er mælt fyrir um sameiginlegt átak íslenzku þjóðarinnar til þess að veita Vestmanneyingum stuðning vegna eldgossins á Heimaey og draga úr þeim búsigfum, sem jarðeldarnir valda þeim og þjóðinni í heild.

### 2. gr.

Stofna skal Viðlagasjóð vegna náttúruhamfaranna í Vestmannaeyjum.

### 3. gr.

Hlutverk Viðlagasjóðs er:

1. Að tryggja hag Vestmanneyinga og stuðla að vernd og endurreisn byggðar þeirra.
2. Að greiða kostnað vegna björgunarstarfs, flutninga og röskunar á högum vegna eldsumbrotanna í Vestmannaeyjum.
3. Að bæta tekjumissi og eignatjón af völdum eldgossins á Heimaey.
4. Að draga úr áhrifum náttúruhamfara í Vestmannaeyjum á afkomu og atvinnulíf Vestmanneyinga og þjóðarheildarinnar og gera hvers konar fjárhagsráðstafanir í þessu skyni.

### 4. gr.

Í Viðlagasjóð renna allar tekjur samkvæmt lögum þessum. Heimilt er Viðlagasjóði að taka bráðabirgðalán í því skyni að standa undir nauðsynlegum greiðslum, þar til tekjur berast sjóðnum.

Til Viðlagasjóðs skulu og renna óafturkræf framlög, sem berast kunna frá innlendum og erlendum aðilum og eigi er beint til Rauða kross Íslands, Hjálparstofnunar þjóðkirkjunnar, bæjarstjórnar Vestmannaeyja eða annarra tilgreindra aðila. Sama máli gegnir um aðstoð, sem boðin kann að vera fram í öðru formi.

### 5. gr.

Stjórn Viðlagasjóðs skipa sjö menn, sem kosnir skulu til eins árs með hlutfallskosningu af sameinuðu Alþingi ásamt jafnmörgum til vara. Forsætisráðherra skipar formann og varaformann.

Stjórn sjóðsins getur ráðið honum sérstakan framkvæmdastjóra ásamt því starfslíði, sem nauðsynlegt er.

Stjórn sjóðsins skal í öllu starfi sínu hafa náðið samráð við bæjarstjórn Vestmannaeyja og aðra opinbera aðila, sem um málefni Vestmanneyinga fjalla.

Stjórn Viðlagasjóðs skal, eftir því sem unnt er og við getur átt, setja fastar reglur um bætur þær, styrki og lán, sem veitt eru úr sjóðnum, og skulu reglurnar birtar almenningi.

#### **6. gr.**

Skylt er öllum opinberum aðilum að veita stjórn Viðlagasjóðs hvers konar aðstoð og upplýsingar, sem nauðsynlegar eru vegna starfsemi hans.

#### **7. gr.**

Seðlabanki Íslands varðveitir Viðlagasjóð og annast bókhald hans. Um endurskoðun reikninga sjóðsins fer eftir ákvæðum laga um endurskoðun ríkisreiknings og reikninga ríkisstofnana.

#### **8. gr.**

Fjár til Viðlagasjóðs skal afla með sérstöku gjaldi, viðlagagjaldi, sem hér segir:

- 1) Á tímabilinu 1. marz 1973 til 28. febrúar 1974 skal leggja 2% viðlagagjald á söluskattsstofn allra sömu aðila og lög nr. 10/1960, um söluskatt, taka til, og gilda ákvæði þeirra og reglugerða settra samkvæmt þeim að fullu um álagningu og innheimtu þessa gjalds, svo og um aðra framkvæmd. Hækkun sú á útsöluverði vöru og þjónustu, sem hlýzt af 2% viðlagagjaldi á söluskattsstofn, skv. þessum tölulið, skal ekki valda hækkun á kaupgreiðsluvísitölu. Kauplagnesnefnd skal meta hverju sinni, hve miklu þessi hækkun nemur.
- 2) Á gjaldárinu 1973 skal leggja 30% viðlagagjald á álagðan eignarskatt skv. 26. gr. laga nr. 68/1971, um tekjuskatt og eignarskatt, sbr. 12. gr. laga nr. 7/1972, um breyting á þeim lögum, og skulu sömu reglur gilda um álagningu og innheimtu þessa gjalds og eignarskatts.
- 3) Á gjaldárinu 1973 skal leggja viðlagagjald í hverju sveitarfélagi á gjaldstofn aðstöðugjalds, sbr. V. kafla laga nr. 8/1972, sem nemur 35% þess hundraðshluta, sem þar var á lagður sem aðstöðugjald á árinu 1971. Um álagningu og innheimtu þessa gjalds skulu gilda sömu reglur og gilda um aðstöðugjöld, og skulu sveitarstjórnir skila gjaldinu til Viðlagasjóðs á gjalddögum, sem félagsmálaráðuneytið ákveður.
- 4) Á gjaldárinu 1973 skal leggja 1% viðlagagjald á útsvarsskyldar tekjur, sbr. 23. gr. laga nr. 8/1972. Um álagningu og innheimtu þessa gjalds skulu gilda sömu reglur og

gilda um útsvör, og skulu sveitarstjórnir skila gjaldinu til Viðlagasjóðs á gjalddögum, sem félagsmálaráðuneytið ákveður.

5) Á gjaldárinu 1973 skal leggja 10% viðlagagjald á álagt landsútsvar, sbr. III. kafla laga nr. 8/1972, þeirra landsútsvarsskyldu aðila, sem bera ekki aðstöðugjald. Um álagningu og innheimtu þessa gjalds skulu gilda sömu reglur og um landsútsvör.

Ríkissjóður skal leggja til Viðlagasjóðs 160 milljónir króna, og er ríkisstjórninni heimilt að draga úr útgjöldum ríkisins sem þessari fjárhæð nemur.

Heimilt er stjórn Atvinnuleysistryggingasjóðs að leggja til Viðlagasjóðs 160 milljón króna óafturkræft framlag.

### **9. gr.**

Forsætisráðherra setur með reglugerð nánari ákvæði um framkvæmd laga þessara, og skal þar m. a. kveða nánar á um mat eigna og greiðslu bóta fyrir eignatjón. Þá er heimilt að veita með reglugerð þessari Viðlagasjóði forkaupsrétt að fasteignum í Vestmannaeyjum.

### **10. gr.**

Lög þessi öðlast þegar gildi.

**Viðauki II**

Stærstu peningaframlög til Vestmannaeyjasöfnunar RKÍ til 1. maí 1973:

54.647.408	Hándsleg til Island frá Noregi (hlutur RK).
27.400.000	Frá Icelandic Volcanic Relief Committee New York um the American Scandinavian Foundation.
12.583.262	Frá sænska Rauða krossinum.
7.900.000	Frá Rauða krossi Sovétríkjanna.
6.556.120	Frá Rauða krossi Kínaveldis.
5.500.000	Frá ónefndum dönskum þegn.
4.000.000	Söfnunarfé frá Akureyri og nágrenni.
3.062.700	Frá Þýska sambandslýðveldinu.
3.000.000	Frá Íslenskum aðalverktökum.
2.440.000	Frá Sendiráði Bandaríkja.
2.112.650	Frá dönsku frímúrarareglunni.
1.237.724	Frá Bæjarsjóði Neskaupstaðar Norðfirði.
1.000.000	Frá íslensku frímúrarareglunni.
935.100	Frá Ólafsfjarðardeild RkÍ.
610.600	Frá Vestur-þýska Rauða krossinum.
628.960	Úr almennri söfnun hjá hreppsnefnd Hafnarhrepps Höfn, Hornaf.
619.510	Söfnun í Hvammshreppi V-Skaftafellssýslu.
606.886	Frá starfsmönnum Loftleiða Reykjavík.
603.500	Frá Hreppsnefnd Hvolshrepps Rangárvallasýslu.
594.450	Frá sveitarstjórn Garðahrepps.
520.351	Úr almennri söfnun í Rangárvallasýslu.
519.450	Frá Félagi íslenskra starfsmanna hjá Varnarliðinu.
500.000	Frá Kvenfélaginu Hvítabandið.
500.000	Frá Kvennadeild Rauða kross Íslands.
500.000	Frá Sambandi íslenskra berklasjúklinga.
475.600	Eins dags afli báta við Steingrímsfjörð, vinna fólks í frystihúsinu auk kostnaðar frystihúss við aflann.
437.200	Frá Finnska Kennarasambandinu.
455.000	Frá Páfastólnum í Róm.

- 443.200 Hraðfrystihúsið Norðurtangi h.f. Ísafirði.
- 430.160 Safnað af Íslendingafélaginu í London.
- 420.000 Framlag Siglufjarðardeildar RkÍ auk frjálstra framlaga á Siglufirði.
- 400.000 Úr almennri söfnun í Biskupstungnahreppi.
- 400.000 Frá starfsmannafélagi SÍS.
- 385.250 Frá Frímúrurum í Noregi.
- 365.000 Úr almennri söfnun í Blönduóshreppi A-Húnavatnssýslu.
- 364.250 Frá Grönlands Landsráð.
- 360.000 Úr söfnun í Gnúpverjahreppi.
- 323.700 Úr söfnun í Skeiðahreppi.
- 310.740 Frá Frimurare Barnehuset Stockholm.
- 300.000 Frá Templurum á Siglufirði og framlag úr sjóði Gesta- og Sjómannheimilis Siglufjarðar.
- 300.000 Frá Póstmannafélagi Íslands.
- 300.000 Frá Íslendingafélaginu og Námsmannafélaginu í Kaupmannahöfn.

(Rauði kross Íslands, 1993, bls. 16-17).

**Viðauki III**

Bráðabirgðauppgjör Rauða kross Íslands í árslok 1974:

**Uppruni Fjármagns:**

Ýmsir söfnunarreikningar	104.930.567,51	
Vextir af sama	2.307.386,10	
Söfnunarfé frá Bandaríkjunum	30.480.689,00	
Gengishagnaður og vextir af sama	8.075.481,00	
Söfnun frá Danska Rauða krossi	3.564.932,00	
Söfnun frá Noregi á vegum Hjálparst. kirkjunnar og RKÍ	109.294.815,00	
Styrkur ríkissjóðs	1.200.000,00	
Tekjur af seldri íbúð umfram bókf. verð	2.045.000,00	278.079.090,61
		<u>278.079.090,61</u>

**Ráðstöfun fjármagns:****Rekstursliðir (samandregnir að hluta):**

Fjárhagsaðstoð og framfærslustyrkir	26.558.032,00	
Mötuneyti, Hafnarbúðir	2.996.062,30	
„ Vestmannaeyjum	905.637,10	
„ Silungapólli	426.484,70	
„ Þorlákshöfn	32.954,80	
Riftún, Ölfusi (barnaheimili)	434.949,00	
Tónabær (samkomur unglunga)	44.487,00	
Ölfusborgir og félagsstarf í Ölfusi	150.000,00	
Elli- og hjúkrunarheimili	54.103,00	
Skátaheimili, Vestmannaeyjum	600.000,00	
Tjarnarbúð	81.182,00	32.283.891,90
		<u>32.283.891,90</u>
Félagsleg ráðleggingarmiðstöð, Rvk.	136.740,70	
Ferðakostn. barna og eldra fólks til Noregs 1973	1.003.298,20	
Húsnæðiskönnun vorið 1973	34.207,00	
Ferðakostnaður til Noregs	459.385,00	

Færeyjaferð gagnfræðaskóla	150.000,00	
Félagsleg aðstoð	<u>20.000,00</u>	1.803.630,90
Ýmis kostnaður (skv. bókun)	<u>2.281.223,40</u>	2.281.223,40

**Fjárfestingar:**

Hraunbúðir, vistheimili aldraða, Vestm.eyjum	82.177,625,00	
Rauðagerði, barnaheimili, Vestm.eyjum	17.712.840,00	
Völvuborg, barnaheimili Breiðholti	16.444.203,00	
Kríuhólar 4, Breiðholti	18.955.000,00	
Kleppsvegur 32, Rvk.	28.876.630,00	
Síðumúli 21, Rvk.	14.459.280,90	
Sjúkrahúsið í Vestmannaeyjum	<u>40.758.228,00</u>	219.383.806,90

**Veltufjármunir:**

Innistæða í Útvegsb. í Vestm.eyjum	15.062.704,00	
Danski Rauði krossinn	533.957,00	
Sparisjóðsbók í Landsb., Rvk.	2.006.797,00	
Sparisjóðsbækur (lokatölur)	36.739,60	
Óráðstafaður sjóður	2.586.339,91	
Útistandandi skuldabr. v/sölu kjallaraíbúðar að Kleppsvegi 32	1.500.000,00	
„ afborgun „ „	<u>1.600.000,00</u>	
	23.326.537,51	
÷ Óafgreidd afborgun v/Kleppsv.	<u>1.000.000,00</u>	<u>22.326.537,51</u>
		278.079.090,61

(Rauði kross Íslands, 1993, bls. 10-12).

**Viðauki IV**

<b>Ár</b>	<b>Mannfjöldi</b>	<b>Ár</b>	<b>Mannfjöldi</b>	<b>Ár</b>	<b>Mannfjöldi</b>
1627	377	1859	497	1893	548
1703	329	1860	501	1901	607
1791	193	1861	506	1904	767
1801	173	1862	540	1906	839
1816	212	1863	542	1907	947
1828	265	1864	546	1908	1110
1832	281	1865	546	1909	1214
1833	278	1866	529	1910	1319
1834	294	1867	533	1911	1492
1838	318	1868	558	1912	1652
1839	341	1869	555	1913	1715
1840	354	1870	571	1914	1794
1841	366	1871	557	1915	1843
1842	357	1872	570	1916	1958
1843	357	1873	558	1917	2005
1844	378	1874	544	1918	2033
1845	396	1875	551	1919	2154
1846	394	1876	539	1920	2294
1847	382	1877	542	1921	2446
1848	398	1878	553	1922	2617
1849	396	1879	558	1923	2708
1850	402	1880	557	1924	2954
1851	388	1881	556	1925	3184
1852	409	1882	554	1926	3138
1853	408	1883	525	1927	3180
1854	434	1884	504	1928	3162
1855	450	1885	509	1929	3369
1856	473	1887	561	1930	3393
1857	481	1888	564	1931	3470
1858	493	1890	565	1932	3461



<b>Ár</b>	<b>Mannfjöldi</b>	<b>Ár</b>	<b>Mannfjöldi</b>	<b>Ár</b>	<b>Mannfjöldi</b>
1933	3462	1955	4129	1984	4809
1934	3458	1956	4224	1986	4794
1935	3510	1957	4332	1988	4743
1936	3541	1958	4425	1990	4926
1937	3480	1959	4609	1992	4871
1938	3506	1960	4610	1994	4888
1939	3552	1961	4702	1996	4749
1940	3587	1962	4820	1998	4594
1941	3546	1963	4821	2000	4522
1942	3514	1964	4959	2001	4527
1943	3536	1965	5012	2002	4436
1944	3597	1966	5002	2003	4426
1945	3558	1967	5016	2004	4344
1946	3478	1968	5034	2005	4215
1947	3476	1969	5074	2006	4172
1948	3501	1970	5186	2007	4084
1949	3549	1971	5231	2008	4055
1950	3726	1972	5303	2009	4086
1951	3747	1975	4421	2010	4135
1952	3899	1978	4634	2011	4142
1953	3980	1980	4718		
1954	4069	1982	4657		

(Þorsteinn Þ. Víglundsson, 1980, bls. 114, Bæjarstjórn Vestmannaeyja, 2005, bls. 39, Hagstofa Íslands, 2011c).